


**JÓN ÞÓR BJARNASON**

*Renndi sér á snjóbretti niður Mælifellshnjúk*

• ferðir

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ÓLAFUR HELGI ÞORKELSSON**

*Skorar á Gillz*

Formaður mótanefndar PSÍ býður landsliðsfyrirliðanum á mótaröðina.

FÓLK 42



**LOGI BERGMANN**

*Klárar stjórnmálafræðina*

Skrifar lokaritgerð um kosningahegðun

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. apríl 2009 — 95. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Skrifar handrit eftir Draugaslóð**

Ottó Geir vinnur nú að einu skemmtilegasta verkefni sem hann hefur tekið að sér.

FÓLK 42

**Sorgleg örlög Rubiönu**

Slegist um Slumdog-stjörnu á götum Mumbai.

FÓLK 34

**Hátíðarmessa og kaffi**

Prestsbakkakirkja á Síðu hefur þjónað sóknarbörnum sínum í 150 ár. Í tilefni af því fer þar fram hátíðar- og afmælismessa á morgun.



TÍMAMÓT 24

**Nýr formaður HSÍ**



Knútur Hauksson mun taka við formennsku hjá HSÍ í dag. Hann mun hætta að gefa dómurum leiðbeiningar úr stúkunni.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**VATNSVEÐUR** Í dag verða víðast stífar austlægar áttir, 10-20 m/s, hvassast allra syðst og vestast. Lægir með kvöldinu. Rigning víða um land eftir hádegi en styttir upp syðra seint í dag og léttir heldur til.

VEÐUR 4

# Bretar hjálpi Íslandi inn í ESB á mettíma

**Fulltrúum Indefence-hópsins var tjáð að Bretar myndu liðka fyrir aðild Íslands að ESB þegar hópurinn fordæmdi beitingu hryðjuverkalaga. Reynt yrði að koma landinu inn á einu ári. Ríkisstjórnin þarf að koma sér saman um Evrópumál.**

**UTANRÍKISMÁL** Bretar vilja bæta fyrir það tjón sem þeir ollu Íslendingum þegar þeir beittu þá hryðjuverkalögum í bankahruninu, með því að liðka fyrir ESB-aðild Íslands.

Þetta segir Ólafur Elíasson, fulltrúi Indefence-hópsins, hafa verið skilning sinn á fundi með breskri þingnefnd og fulltrúum bresku ríkisstjórnarinnar.

Þegar Indefence-menn hafi á fundinum fordæmt beitingu hryðjuverkalaganna hafi fulltrúar bresku stjórnarinnar svarað með því að ræða um hvað Bretar gætu gert til að liðka fyrir inngöngu Íslands í ESB.

Andrew Dalgliesh í breska utanríkisráðuneytinu hafi sagt að Bretar myndu reyna að sjá til þess að Ísland kæmist inn á einu ári.

Í gær barst svo hópnum bréf frá Evrópumálaráðherra Breta, Caroline Flint, þar sem ítrekað er að Bretar myndu „styðja sterklega“ umsókn Íslands.

Í fréttaskýringu í blaðinu í dag kemur fram að ljóst sé að núverandi stjórnarflokkar þurfi að komast að málamiðlun í Evrópumálum, ætli þeir að starfa áfram eftir kosningar.

Afstaða Samfylkingarinnar er skýr; sækja beri um aðild að ESB.

VG hefur hins vegar hafnað aðild að ESB en rætt um tvöfalda atkvæðagreiðslu, þannig að kosið yrði fyrst um hvort ræða ætti við Evrópu. Þetta hefur Sjálfstæðisflokkur einnig gert.

Frjálslyndi flokkurinn er á móti viðræðum en önnur framboð, Framsókn, Borgarahreyfing og Lýðræðishreyfingin, vilja sækja um. **- kóþ, aa, kóp /** **sjá síðu 6 og 18**




**FANGAFLUG** Þrír menn sem handteknir voru um borð í skútunni Sirtaki voru í gær fluttir frá Egilsstöðum á Selfoss með flugvél Flugmálastjórnar og farið með þá á Litla-Hraun. Komið var með skútuna að landi á Eskifirði í gærmorgun. **Sjá síðu 4** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VINSÆL** Notuðu hjólin eru eftirsótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verslunin Everest í Skeifunni:

## Notuðu hjólin vinsæl nýjung

**FÓLK** „Við önnum varla eftirspurn og þó er hjólatímabilið rétt að byrja fyrir alvöru,“ segir Heiðar Ingi Ágústsson, eigandi ferða- og útivistarverslunarinnar Everest, sem hefur tekið upp á þeirri nýjung að selja notuð hjól.

Að hans sögn eru notuðu hjólin tekin upp í ný, yfirfarin á verkstæði verslunarinnar og svo seld aftur. „Við gerðum þetta með skíðin í vetur. Það mæltist mjög vel fyrir svo við ákváðum að prófa þetta með hjólin líka,“ segir Heiðar og bætir við að eftirspurn sé langmest eftir barnahjólum, enda vaxi börn fljótt upp úr hjólum sínum. **- hhs /** **sjá Allt**

Suðurkjördæmi:

## Samfylking með mest fylgi

**SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn tapar tíu prósentustigum frá kosningum í Suðurkjördæmi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins var 36,0 prósent, en flokkurinn mælist nú með 25,8 prósenta fylgi.**

**Samfylking og Vinstri græn bæta hins vegar við sig um fimm prósentustigum hvor flokkur. 31,8 prósent segist nú myndu kjósa Samfylkingu, sem fékk 26,8 prósent atkvæða 2007. 16,6 prósent styðja Vinstri græn, sem fengu 9,9 prósent atkvæða í síðustu kosningum.** **- ss /** **sjá síðu 16**

Tugmilljóna sektir geta legið við brotum á lögum um gjaldeyrisviðskipti:

# FME með sex mál í rannsókn

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur til rannsóknar sex mál vegna gruns um að farið hafi verið í kringum gjaldeyrishöftin sem komið var á í lok nóvember síðastliðins.

Samkvæmt lögum um gjaldeyrisviðskipti getur málunum lokið hjá FME með stjórnvaldssekt, sátt eða að málinu verður vísað áfram til lögreglu eða sérstaks saksóknara. Brot gegn lögunum sæta hins vegar ekki opinberri rannsókn nema að FME leggi fram kæru.

Samkvæmt upplýsingum frá FME er það annað hvort Seðlabankinn eða lögregla sem vísa málum til stofnunarinnar til frekari rannsóknar.

Sektir sem leggja má á einstaklinga vegna brota á gjaldeyrishöftum geta numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna. Sektir á félög og fyrirtæki hlaupa svo á 50 þúsund krónum til 75 milljóna króna.

Þótt ekki hafi nema sex málum verið vísað til eftirlitsins til þessa má lesa úr orðum Sveins Haralds Øygard seðlabankastjóra á ársfundi bankans fyrir helgi að þeim kunni að fjölga. Hann segir bankann hafa hert enn frekar eftirlit með því að farið sé að settum reglum og unnið sé að því að koma á fót nýrri eftirlitseiningu í bankanum. **- óká /** **sjá Markaðinn**










**SPURNING DAGSINS**



*Georg, fundu menn ekkert babb í bátnum?*

„Jú, það kom babb í bátinn hjá bátsverjum þegar þeir voru handteknir af Gæslunni.“

Hópur manna flutti 109 kíló af fíkniefnum til landsins með skútu. Landhelgisgæslan elti þá síðan uppi og handsamaði. Georg Lárusson er forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Stórfyrirtæki styrktu þingmenn í prófkjörsbaráttu um milljónir árið 2006:

# Þingmenn þáðu milljónir

**STJÓRNMÁL** Stórfyrirtæki á borð við Baug og FL Group styrktu frambjóðendur í prófkjörum stjórnmálaflokkanna árið 2006 um milljónir króna. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Þar sagði að einstakir frambjóðendur hefðu þegið allt að tvær milljónir í styrk.

Fréttablaðið gerði í vetur úttekt á slíkum styrkjum til þingmanna og þar gaf innan við helmingur þeirra upp hverjir styrktu þá. Einungis Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, gaf þar upp að hann hefði fengið styrki frá bönkum, fjármálafyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og fjárfestum í slíkum fyrirtækjum. Kostnaður við prófkjör hans var fimm milljónir.

Heimildir fréttastofu Stöðvar 2 herma að Sjálfstæðisþingmennirnir Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson og Guðfinna Bjarnadóttir, Samfylkingarfólkið Helgi Hjörvar og Steinunn Valdís Óskarsdóttir og framsóknarmaðurinn fyrrverandi Björn Ingi Hrafnsson séu á meðal þeirra sem hlutu styrk frá áðurnefndum fyrirtækjum. Enginn hefur þó viljað staðfesta að hafa þegið slíkan styrk. Lög voru sett um hámark framlaga í ársbyrjun 2007. - jse



**FL GROUP OG BAUGUR** Styrktu frambjóðendur í prófkjörum um milljónir, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2.

Nýjar tölur Umferðarstofu:

## Nýskráningar enn í lágmarki

**EFNAHAGSMÁL** Nýskráningar ökutækja eru enn í sögulegu lágmarki samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu.

Fyrstu 107 daga ársins voru 952 ökutæki nýskráð, tæplega níu á dag að meðaltali. Á sama tímabili í fyrra voru nýskráningar sjö sinnum fleiri, eða 7.121 talsins, tæplega 67 á dag að meðaltali.

Samdrátturinn er ekki jafn mikill þegar kemur að eigendaskiptum. Alls skiptu 20.797 ökutæki um eigendur fyrstu 107 daga ársins. Á sama tímabili í fyrra voru eigendaskiptin 27.553 talsins. Hlutfallsleg fækkun er 24,5 prósent. - bj

Sighvatur Björgvinsson:

## Aðildarviðræður lífsspursmál

**EVRÓPUMÁL** „Ef Samfylkingin ekki situr við sinn keip, ef hún selur þetta baráttumál sitt fyrir kosningar fyrir völd eftir kosningar þá er aðild sú, sem ég átti að stofnun hennar, ein mestu mistök sem ég hef gert á mínum stjórnmálaferli,“ skrifar Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins, í grein í Fréttablaðinu. Sighvatur á þar við Evrópustefnu Samfylkingarinnar. Hann skrifar að orðið sé lífsspursmál fyrir þjóðina að láta reyna á hvaða skilmála hún geti fengið verði sótt um aðild að ESB. Samfylkingin hafi nú fengið liðsinni atvinnulífsins og samtaka launafólks til að leita eftir viðræðum. Málið þoli enga bið. - bs / sjá síðu 22



SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Gengur vel hjá CCP:

## Ráða 100 manns á árinu

**ATVINNA** **Tölvufyrirtækið CCP auglýsir nú eftir starfsfólki og er ætlunin að ráða 100 manns á árinu. Störfin eru ekki bundin staðsetningu og standa fólki um allan heim til boða.**

**Hilmar Veigar Pétursson framkvæmdastjóri segir fyrirtækið ganga vel, þrátt fyrir gjaldeyrishöft sem hamli starfseminni. Nýverið var samið við starfsfólk um að greiða því í evrum og segir Hilmar að með því hafi tekist að verja sig gegn gengisáhættunni. „Það er mikill misskilningur hjá stjórnvöldum að veikt gengi sé gott fyrir útflutningsfyrirtæki. Veikt gengi býr til veik fyrirtæki,“ segir Hilmar.** - kóp

# Lofa ekki birtingu fyrir kosningar

**Samfylkingin hefur enn ekki birt upplýsingar um fjárframlög til aðildarfélaga flokksins vegna ársins 2006. Gjaldkeri flokksins getur ekki lofað birtingu fyrir kosningar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki skilað 55 milljóna króna styrkjum.**

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin hefur enn ekki birt upplýsingar um fjárframlög til aðildarfélaga og fulltrúaráða flokksins vegna ársins 2006, þrátt fyrir yfirlýsingu frá því um páska um að upplýsingarnar verði gerðar opinberar.

Magnús M. Norðdahl, gjaldkeri Samfylkingarinnar, segir að enn sé unnið að því að safna upplýsingum frá um fjörutíu aðildarfélögum, auk fulltrúaráða og kjördæmisráða. Aðspurður sagðist Magnús ekki geta lofað því að upplýsingarnar yrðu birtar fyrir kosningar þar sem tíma tæki að afla þeirra.

„Við höfum ekkert að fela,“ segir Magnús. Hann segir ekki óheppilegt fyrir Samfylkinguna að fara í kosningar án þess að upplýsa um styrkina. Samfylkingin gangi mun lengra en aðrir flokkar. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafi sér vitanlega hvorki lofað að birta slíkar upplýsingar, né gert ráðstafanir til að afla þeirra. Spurningin sé því frekar hvort það sé óheppilegt fyrir þá flokka að fara í kosningabaráttu án þess að lýsa því yfir að þeir séu tilbúnir að upplýsa um sín fjármál.

„Ég myndi gjarnan vilja sjá að aðrir stjórnmálaflokkar hefðu kjark til að gera það sem við erum að gera,“ segir Magnús.

„Sjálfstæðisflokkurinn er með átján hverfafélög í Reykjavík. Þessi átján hverfafélög og fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, Vörður, söfnuðu peningum grimmt árið 2006,“ segir Magnús.

Hann bendir enn fremur á að hvorki Sjálfstæðisflokkur né Framsóknarflokkur hafi birt upplýsingar um heildarstyrki til flokkanna á árinu 2006. Þeir hafi aðeins birt styrki sem náðu einni milljón króna. Samfylkingin hafi gefið upp heildarupphæðina.

Fréttablaðið hefur upplýsingar um fyrirtæki sem gáfu eina milljón króna eða meira til Samfylkingarinnar árið 2006 en voru ekki á lista yfir þá sem styrktu flokkinn um hálfa milljón króna eða meira. Skýringin á því mun vera sú að styrkir þeirra runnu til aðildarfélaga eða fulltrúaráða, ekki landsflokksins.

Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði í þættinum Zetunni á mbl.is á mánudag að hún vildi að Ríkisendurskoðun yfirfæri fjármál stjórnmálaflokkanna frá árinu 2000 til ársins 2007. Formenn annarra flokka hafa tekið undir það.

brjann@frettabladid.is



**VINNUR ÚTTEKT** Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, vill að Ríkisendurskoðun yfirfari fjármál stjórnmálaflokkanna á tímabilinu 2000 til 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### OFURSTYRKIR ENN EKKI ENDURGREIDDIR

Sjálfstæðisflokkurinn hefur enn ekki endurgreitt þrjátíu milljóna króna styrk frá FL Group og 25 milljóna króna styrk frá Landsbankanum sem flokkurinn fékk árið 2006.

Samkvæmt upplýsingum frá Grétu Ingþórsdóttur, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, verður féð endurgreitt fljótlega. Ekki sé búið að ákveða nákvæmlega hvenær endurgreiðslan fari fram. Í samtali við Ástþór Magnússon í Lýðvarpi Lýðræðishreyfingarinnar sagði Gréta að nægt fé væri til á reikningum Sjálfstæðisflokksins til að endurgreiða styrkina, samtals 55 milljónir króna.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir fyrir páska, eftir að fréttastofa Stöðvar 2 hafði greint frá upphæð styrkja FL Group og Landsbankans, að styrkirnir yrðu endurgreiddir.



GRÉTA INGÞÓRSDÓTTIR

Tölvu stolið við Frakkastíg:

## Þjófurinn gæti fellt stúlkuna

**ÞJÓFNAÐUR** **Macintosh-tölvu, myndavél og námsgögnum var stolið úr bíl við Frakkastíg á sunnudaginn.**

**Í tölvunni voru skólaverkefni eigandans, Fríðu Torfadóttur, sem hún hafði unnið að síðan í janúar. Hún á að skila þeim til kennara í næstu viku.**

**Jóhann Þór Stefánsson, unnusti Fríðu, vill kaupa tölvuna aftur af þjófnum. Annars gæti Fríða verið fallin í Tækniskólanum. „Ef ég væri kennari tæki ég ekki svona afsökun gilda,“ segir hann. Þau hafi gætt sín að taka afrit af gögnunum, en því miður hafi afritið einnig verið í bílnum.** - kóp

Nafnlausar auglýsingar:

## Aðstandendur ekki stigið fram

**STJÓRNMÁL** Aðstandendur nafnlausra auglýsinga þar sem fjallað er um skattastefnu Vinstri grænna og Samfylkingar hafa enn ekki gefið sig fram.

Þór Jónsson almannatengill, sem hafði milligöngu um birtingu auglýsinganna, segir málið úr sínum höndum. Það sé undir aðstandendum auglýsinganna sjálfum komið að stíga fram.

Auglýsingarnar birtust í Morgunblaðinu á sunnudag og Fréttablaðinu á mánudag. Forsvarsmenn Vinstri grænna og Samfylkingar hafa gagnrýnt þær harðlega, og segja þær fullar af rangfærslum. - bj



ÞÓR JÓNSSON






Gamalt fiskvinnsluhús brann til kaldra kola í Reykjanesbæ í gær:

# Talið að kveikt hafi verið í

**BRUNI** Stórbruni varð um kvöldmatarleytið í gær í gömlu fiskvinnsluhúsi að Básvegi 11 í Keflavík.

Allur tiltækur mannskapur slökkviliðs Suðurnesja tók þátt í slökkvistarfinu, sem gekk fljótt fyrir sig að þeirra sögn. Húsið var autt og þar var ekkert rafmagn í því. Það stóð ólæst og gat því hver sem er farið þangað inn. Því leiðir lögreglan að því líkur að um íkveikju hafi verið að ræða og er málið rannsakað sem slíkt.

Ekki stóð hætta af eldinum að sögn Slökkviliðsins þar sem reyk lagði út á haf og eldurinn ógnaði engu í grenndinni. Þar fengust enn fremur þær upplýsingar að húsið væri í eigu verktaka og til hefði staðið að rífa það. - jse



**BRUNI Í KEFLAVÍK** Allur tiltækur mannskapur slökkviliðsins glímdi við eldinn í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR



# Við erum sammála

## um að sækja eigi um aðild að **ESB**

Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

Um þetta erum við sammála þrátt fyrir að vera hópur fólks með margar og ólíkar skoðanir um flest annað. Við erum sammála hvert á eigin forsendum og höfum fyrir því okkar eigin ástæður og rök.

Við erum sammála um að aðildarsamning á að bera undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá munum við, eins og aðrir Íslendingar, gera endanlega upp hug okkar um hvort við erum enn sömu skoðunar og fyrr og greiða atkvæði í samræmi við það.

Við erum sammála um að ríkisstjórnin sem tekur við völdum að loknum kosningum 25. apríl eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að ESB.

Sýnum vilja í verki, skráum okkur á
**www.sammala.is**



## GENGIÐ 21.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,17 | 129,79 |
| Sterlingspund | 187,93 | 188,85 |
| Evra | 167,15 | 168,09 |
| Dönsk króna | 22,436 | 22,568 |
| Norsk króna | 18,996 | 19,108 |
| Sænsk króna | 14,99 | 15,078 |
| Japanskt jen | 1,3143 | 1,3219 |
| SDR | 191,25 | 192,39 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**218,564**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingkosningarnar í Suður-Afríku í dag snúast um Jacob Zuma:

# Afríska þjóðaráðinu spáð sigri

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Allt bendir til þess að Afríska þjóðaráðið vinni yfirburðasigur í þingkosningunum í Suður-Afríku í dag. Eina spurningin er hvort flokkurinn nær svo stórum meirihluta á þingi að hann geti breytt stjórnarskrá landsins að vild, óháð stuðningi annarra flokka.

Þegar nýkjörið þing kemur svo saman mun það kjósa nýjan forseta landsins, og þykir fullvíst að fyrir valinu verði Jacob Zuma, sem er leiðtogi Afríska þjóðarráðsins.

Zuma er tvímælalaust vinsælasti stjórnmálamaður landsins, þrátt fyrir ásakanir um spillingu og nauðgunarákæru, sem hann var þó sýknaður af árið 2006.



**JACOB ZUMA** Fátt getur komið í veg fyrir að hann verði forseti Suður-Afríku innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suður-Afríska þjóðaráðið hefur unnið yfirburðasigur í öllum þingkosningum sem haldnar hafa verið síðan aðskilnaðarstefna hvíta minnihlutans leið undir lok á síðasta áratug.

Zuma tók við af Thabo Mbeki sem leiðtogi flokksins síðla árs 2007 eftir valdabaráttu þeirra innan flokksins. Vinstrivængur flokksins, undir forystu Zuma, náði því síðan fram að Mbeki sagði af sér sem forseti strax nokkrum mánuðum síðar.

Stuðningsmenn Mbekis klufu sig hins vegar úr flokknum seint á síðasta ári og stofnuðu nýjan flokk, sem hefur þó ekki náð miklu flugi. **- gb**

Torfusamtökin um hústöku:

# Harka lögreglu vekur furðu

**LÖGREGLUMÁL** „Furðu vekur að slíkri hörku hafi verið beitt gagnvart aðgerðum hóps sem hafði það eitt að markmiði að benda á leiðir til að bæta umhverfi og samfélag í miðbænum," segir í tilkynningu Torfusamtakanna.

Þar er vísað til aðgerða lögreglu gegn hústökufólki við Vatnsstíg, hinn 15. apríl. Samtökin segja að lögreglan verði að huga að því hverra hagsmuna hún gæti í tilvikum sem þessum; sjónarmið um varðveislu og eflingu mannlífs fari ekki alltaf saman við hagsmuni eigenda. Víða í nálægum löndum sé refsivert að láta hús grotna. **- kóþ**

Norska krónprinsparið:

# Skipta í lífræna framleiðslu

**NOREGUR Norski krónprinsinn Hákon og Mette-Marit krónprinsessa ætla að breyta rekstrinum á bóndabýli sínu, Skaugum við Asker í Noregi, þannig að framleiðsla þess verði vottunarhæf sem lífræn.**



**HÁKON KRÓNPRINS**

**Breytingin á sér stað í tengslum við ráðningu nýs bústjóra eftir að núverandi bústjóri sest í helgan stein. Skaugum er nú þegar stórt býli á norskan mælikvarða. Þar er framleitt korn, fóður, mjólk og kjöt og fær reksturinn 500 þúsund norskar krónur í opinberan stuðning á hverju ári. Þegar breytingin hefur átt sér stað verður býlið eitt af stærstu lífrænu býlum í Noregi, að sögn Jyllandsposten. Um 2.500 vistvæn býli eru í Noregi.** **- ghs**

Ákærður fyrir ærumeiðingar:

# Sakaði konu um mannát

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur manni á fertugsaldri fyrir hótanir og ærumeiðingar gagnvart kvenkyns starfsmanni Barnaverndar Reykjavíkur, eiginmanni hennar og syni.

Maðurinn sendi tæplega tvítugum syni konunnar fjölda símskilaboða þar sem hann vænir móður hans um að stela ókunnugum börnum og ýmist selja þau eða drepa og elda fyrir eigin fjölskyldu. Hann sendi eiginmanni hennar jafnframt skilaboð þar sem hann segir hana halda framhjá honum. Maðurinn neitaði sök við þingfestingu ákærunnar. **- sh**

# Smyglararnir segjast hafa talið sig vera að sækja stera

**Þrír menn sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna stóra skútusmyglmálsins á Austfjörðum segjast aðeins hafa talið sig vera að sækja nokkur kíló af sterum. Yfir hundrað kíló af fíkniefnum voru flutt til landsins með skútunni.**

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir þrír sem handteknir voru í tveimur jeppabifreiðum á Austurlandi um helgina í tengslum við stóra skútusmyglmálið segjast hafa talið sig vera að sækja einhver kíló af sterum, en ekki yfir hundrað kíló af fíkniefnum samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Sex menn sæta nú gæsluvarðhaldi og einangrun á Litla-Hrauni vegna rannsóknar lögreglu á þessu gríðarmikla smyglmáli sem upp kom um síðustu helgi. Vinnuheiti aðgerðar löggæslunnar í málinu er Neptúnus, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns.

Þrír mannanna voru í Héraðsdómi Austurlands í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 12. maí, að undangengnum yfirheyrslum. Þeir voru handteknir af sérsveitarmönnum Ríkislögreglustjóra um borð í skútunni SIRTAKI OR 2387 á sunnudagskvöld. Þá höfðu aðrir þrír verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 11. maí vegna rannsóknar á smyglmálinu, þar sem reynt var að smygla um 109 kílóum af amfetamíni, hassi, e-töflum og maríjúana til landsins með skútunni. Um helmingur efnanna var amfetamín.

Síðarnefndu mennirnir sóttu efnin um borð í skútuna í gúmbát og gómaði lögregla einn þeirra með þau í ferðatöskum í farþegarými jeppa sem hann ók í nágrenni Hafnar á Hornafirði. Fimm mannanna eru íslenskir en sá sjötti er hollenskur. Það var sá síðastnefndi sem tók skútuna á leigu hjá bátaleigufyrirtæki í Belgíu og reiddi fram hálfa milljón króna í evrum, að því er fram kom á Stöð 2. Hollendingurinn hefur komið áður til landsins en ekki komið við sögu lögreglu hér.

Skútumennirnir voru fluttir flugleiðis með flugvél Flugmálastjórnar á Selfoss í gærdag eftir gæsluvarðhaldsúrskurðinn fyrir austan. Mennirnir voru fluttir frá Selfossi á Litla-Hraun.

Leit var að mestu lokið í smyglskútunni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins og höfðu engin efni til viðbótar fundist í henni. Fyrirhugað er að færa hana til Fáskrúðsfjarðar þar sem betra skipalægi er fyrir hana vegna þess hve stór hún er.

**jss@frettabladid.is**




**SMYGLSKÚTAN** Það voru sérsveitarmenn Ríkislögreglustjóra og starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem stöðvuðu för smyglskútunnar á hafi úti. Sérsveitarmenn fóru um borð í myrkri og haugabrimi, meðan skútan var á fullri ferð. Hún var færð til hafnar á Eskifirði, þar sem myndin var tekin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÁRNI HRAFN ÁSBJÖRNSSON** Leiddur fyrir Héraðsdóm.



**HOLLENDINGURINN** Leiddur fyrir Héraðsdóm.



**RÚNAR ÞÓR RÓBERTSSON** Leiddur fyrir Héraðsdóm.




# Útsala Útsala

Bætum við enn meira af vörum, allt á að seljast, verslunin hættir.
Tilvalið tækifæri að eignast flott föt á frábæru verði.
Enn meiri afsláttur, lygilegt verð!
Buxur, leggings, toppar, kjólar, mussur, peysur og margt fleira í boði.
Allt topp vörur.

***Stærðir frá 38 til 50.***

**Opið frá 13 - 18 virka daga**
**og 13 - 16 laugardag**

**Stelpur, látið þetta ekki framhjá ykkur fara!**

**Diddy.is**

Faxafeni 14 (við hliðina á Bónus) • s: 588 8400


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**SUMARDAGURINN FYRSTI Á MORGUN**
Jæja, þá kemur sumarið á morgun. Allavega samkvæmt almanakinu. Gott þykir ef saman frýs vetur og sumar og er helst að sjá að það geti gerst norðanlands og á Vestfjörðum og þá einkum til landsins. Það mætti því segja mér að þar yrði gott sumar nú í sumar allavega ef marka má þjóðtrúna.



**SUMARDAGURINN FYRSTI** 8-15 m/s, hvassast sunnan og vestan til.

**FÖSTUDAGUR** 8-15 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 20° |
| New York | 16° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 12° |
| París | 20° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


GAGNSÆI OG HEIÐARLEIKI
VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR HVAÐ VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR
Undir forystu **Svandísar Svavarsdóttur borgarfulltrúa** hafa Vinstri græn unnið að því að uppræta spillingu og óheiðarlega stjórnarhætti, meðal annars með því að fletta ofan af og stöðva REI-málið svokallaða. Með aðild Vinstri grænna að ríkisstjórn hafa eftirlaunalög æðstu ráðamanna loksins verið afnumin, greint hefur verið frá hagsmunatengslum ráðherra og öflug rannsókn hafin á bankahruninu undir forystu hinnar heimskunnu Evu Joly. Við viljum halda áfram þessum verkum og leggja þannig grunn að opnu og lýðræðislegu norrænu velferðarsamfélagi. Vinstri græn vilja meðal annars:
■ Ljúka við óháða rannsókn á bankahruninu og rétta yfir þeim sem bera ábyrgð á því.
■ Styrkja upplýsinga- og stjórnsýslulög, efla eftirlitsstofnanir og styðja við frjáls félaga- og neytendasamtök.
■ Tryggja réttindi og sjálfstæði fréttamanna og gagnsætt eignarhald á fjölmiðlum.
■ Tryggja að tiltekinn hluti þjóðarinnar (15-20%) geti með undirskrift sinni átt frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslum um öll stórmál.
*Kynntu þér stefnu Vinstri grænna á vg.is*
VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is
Svandís Svavarsdóttir, 1. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður

**KJÖRKASSINN**



*Ertu búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa?*

| | |
|---|---|
| Já | 66% |
| Nei | 34% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru nafnlausar auglýsingar skaðlegar lýðræðinu?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Nítján nöfn eru á lista yfir stofnfélaga í áhugamannafélaginu Við erum sammála:

# Afla fjár hjá almenningi og fyrirtækjum

**STJÓRNMÁL** Nítján eru á stofnfélagalista áhugamannafélagsins Við erum sammála. Félagið hefur auglýst í dagblöðum og á netinu þar sem fólk er hvatt til að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við aðild að Evrópusambandinu.

Meðal stofnfélaga eru Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur, Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Talnakönnunar, Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins.

Enn hefur ekki verið greitt fyrir auglýsingar félagsins, en Jón Steindór Valdimarsson, einn stofnenda félagsins, segir að unnið sé að því að afla fjár frá einstaklingum og fyrirtækjum til að greiða kostnað við auglýsingar, fundi og vefsíðu. Farið verði eftir sömu viðmiðum og í lögum um stjórnmálaflokka, og framlögum hærri en 300 þúsund krónur hafnað.

Jón segir að æskilegast væri að fá marga smáa styrki frá þeim einstaklingum sem hafi skráð sig á lista á vefsíðunni sammala.is. Þar höfðu um það bil níu þúsund skrifað undir yfirlýsingu um stuðning við aðild að ESB í gær.

Jón segir auglýsingar félagsins ekki hugsaðar sem stuðningsyfirlýsingu við ákveðinn stjórnmálaflokk. Aðild að ESB sé umdeild í öllum flokkum. Pólitískar skoðanir stofnfélaga félagsins jafnt þeirra sem hafi skráð sig á vefsíðu félagsins séu afar mismunandi og gangi þvert á flokka. **- bj**




**ÁHERSLUR** Sjö þeirra einstaklinga sem styðja málstað áhugamannafélagsins Við erum sammála kynntu afstöðu sína á opnum fundi í Iðnó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Vissir þú ...



að með samþykkt „eftirlaunafrumvarpsins“ voru mánaðarlaun formanna stjórnarandstöðuflokkanna hækkuð um 50%. Þegar vinstri stjórnin tók við 1. febrúar síðastliðinn, var Steingrímur J. Sigfússon þegar búinn að fá 15 milljónir króna vegna þessa. Hann talar eins og lögin hafi verið sérstakur „ósómi“. Ekki hefur hann þó séð ástæðu til að endurgreiða það sem hann hefur fengið greitt vegna „ósómans“.

Vefþjóðviljinn


# Bretar sagðir vilja liðka fyrir ESB-aðild

**Bresk stjórnvöld vilja liðka fyrir því að Ísland fái aðild að Evrópusambandinu, sæki Íslendingar um. Fulltrúar Indefence-hópsins, sem var tjáð þetta á fundi í London, telja Breta vilja með þessu sýna yfirbót vegna beitingar hryðjuverkalaga.**

**UTANRÍKISMÁL** Bresk stjórnvöld hafa sett sér þá stefnu að gera það sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að samningur um aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði frágenginn innan árs, ef íslensk stjórnvöld tækju ákvörðun um aðildarumsókn. Þetta hefur Ólafur Elíasson, fulltrúi Indefence-hópsins, eftir háttsettum fulltrúa breska utanríkisráðuneytisins.



CAROLINE FLINT



ÓLAFUR ELÍASSON

Ólafur segir að þegar Indefence-hópurinn afhenti breskri þingnefnd undirskriftalistann sem hann safnaði á heimasíðu sinni til að mótmæla beitingu breskra hryðjuverkalaga gegn íslenskum bönkum og stjórnvöldum, hafi þetta komið fram.

Á þeim fundi hafi það komið Indefence-mönnum á óvart að þegar þeir ítrekuðu fordæmingu sína á þessum umdeildu aðgerðum breskra stjórnvalda, hafi þeir fulltrúar bresku ríkisstjórnarinnar sem fyrir svörum urðu beint talinu að því hvað Bretar gætu gert til að liðka fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

Andrew Dalgliesh, yfirmaður stefnumótunarskrifstofu innan breska utanríkisráðuneytisins um Evrópumál (Head of European Strategy Group), hefði sagt að kæmi fram aðildarumsókn frá Íslandi myndu bresk stjórnvöld gera það sem í þeirra valdi stæði til að sjá til þess að lokið yrði við gerð aðildarsamnings á innan við ári.

Í gær fengu svo Indefence-menn í hendur bréf sem Caroline Flint, Evrópumálaráðherra í bresku ríkisstjórninni, skrifaði Austin Mitchell, formanni Íslandstengslanefndar breska þingsins, hinn 19. mars síðastliðinn. Bréfið var liður í undirbúningi Mitchells fyrir fundinn með Indefence-mönnum og er svar við fyrirspurn hans til breska utanríkisráðuneytisins um tengsl Íslands við Evrópusambandið, einkum að því er varðar sameiginlegu fiskveiðistefnuna.

Í bréfinu ítrekar Flint þá áður fram komnu afstöðu bresku stjórnarinnar, að hún myndi „fagna og styðja sterklega“ ESB-aðildarumsókn Íslands.

Til að svara spurningu Mitchells um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna sérstaklega nefnir Flint að „aðgangur að fiskimiðum“ yrði væntanlega stórt atriði, og vísar til þeirra tvíhliða samninga sem í gildi eru milli Íslands og ESB um karfaveiði og veiðar úr öðrum flökku- og deilistofnum.

Hún tekur hins vegar fram, að hún sé ekki í aðstöðu til að segja neitt til um það fyrirfram hvað felast myndi í aðildarviðræðum við Ísland á sviði sjávarútvegsmála. Frá breskum bæjardyrum séð sé það spurning um að „bíða og sjá hvað Íslendingar fara fram á og meta þá hvernig bregðast skuli við með tilliti til breskra hagsmuna.“

**audunn@frettabladid.is**



**FRÁ FUNDINUM Í LONDON** Í miðju má sjá þá Andrew Dalgliesh, yfirmann stefnumótunarskrifstofu innan breska utanríkisráðuneytisins um Evrópumál, og Austin Mitchell, formann Íslandstengslanefndar breska þingsins. MYND/INDEFENCE.IS


NUTRICIA
Advanced Medical Nutrition

ER NÆRINGARDÆLA HEIMA HJÁ ÞÉR?

Icepharma lánar næringardælur fyrir sondugjöf í heimahús. Þessar dælur eru eign Icepharma. Ef svona dæla er hjá þér og er ekki í notkun þá vinsamlegast skilið henni til Icepharma, ykkur að kostnaðarlausu eða hafið samband í síma 540 8000.




icepharma

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000


Formaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík um niðurskurð aftur í tímann:

# Varar við hruni í tónlistarkennslu

**MENNTUN** „Ég vona að það séu allir af vilja gerðir til að leysa þetta, annars verður bara hrun í tónskólakennslu í Reykjavík,“ segir Sigurður Sævarsson, formaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík.

Sigurður segir að skilaboð frá borginni, um tólf prósenta niðurskurð á framlagi til tónlistarskóla, frá og með 1. janúar þessa árs, komi skólastjórunum í opna skjöldu.

„Þetta er niðurskurður aftur í tímann og við getum ekki hagrætt eftir á, ekki nema með því að senda börnin heim,“ segir hann.

Sigurður rifjar upp að hinn 14. janúar hafi fulltrúar borgarinnar fundað með skólastjórunum. Þá hafi verið tilkynnt um niðurskurðinn, en það hafi verið sameiginlegur skilningur allra skólastjóra sem sátu fundinn að til niðurskurðarins kæmi frá og með 1. september næsta.

„Við getum ekki brugðist við fyrr en í september, þegar nýtt skólaár hefst,“ segir Sigurður. Hann segist vongóður um að þetta sé misskilningur. Jafnvel fulltrúum meirihlutans, sem hann hafi heyrt í, hafi komið þetta á óvart. „Það verður fundur um þetta á föstudaginn og ég er að vona að þar leysist þetta af sjálfu sér,“ segir hann.

Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. **- kóþ**



**SIGURÐUR SÆVARSSON** Segir viðbúið að fjöldi nema þurfi að hverfa frá námi og kennarar missi atvinnu sína, verði framlag til skólanna skorið niður aftur í tímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Grillum saman
## *í sumar!*

OPIÐ til 20 alla daga




ÓDÝRT Í HAGKAUP

**GRILLLAMBALÆRI HAGKAUPS**
**1.649** kr/kg.
Merkt verð 2.199.-



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.491** kr/kg.
Merkt verð 1.988.-

**Folaldavöðvar**
marineraðir í Cajp´s



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.574** kr/kg.
Merkt verð 2.098.-

**Nautakótilettur**
að argentískum hætti



ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.949** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Piparsteik**
nautaat




ÓDÝRT Í HAGKAUP
**1.399** kr/kg.

**Kjúklingabringur**
lausfrystar

*Tilbúið á grillið!*

- Sætar kartöflur m/timjan
- Balsamikmarinerað grænmeti
- Beikonfylltar kartöflur
- Berjabomba m/kókosbollum

ÓDÝRT Í HAGKAUP
LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ
**399** kr/pk.
Verð áður 570.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP
JARÐARBER 500 gr.
**399** kr/pk.

LAKKRÍS KONFEKT
**299** kr/pk.

SÚKKULAÐI RÚSINUR
**399** kr/pk.

HNETUBARINN
**40%** afsláttur v/kassa

ÓDÝRT Í HAGKAUP
COKE 4PK COKE, LIGHT, ZERO
**599** kr/pk.
Verð áður 899.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP
VÍNBER GRÆN & RAUÐ
**399** kr/kg.

GUACAMOLE 2 TEG.
**399** kr/pk.

JÓI FEL GRILLSÓSUR
**399** kr/stk.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Atvinnuástandið fer snarbatnandi hjá flugmönnum og flugfreyjum í sumar:

# Flugmenn og flugfreyjur endurráðin

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuástandið í fluginu fer snarbatnandi þessa dagana. Icelandair hefur ráðið aftur 28 flugmenn úr þeim hópi sem sagt var upp í fyrrahaust. Flestar flugfreyjurnar sem urðu atvinnulausar í nóvember hafa verið ráðnar aftur tímabundið eða fengið loforð um vinnu í sumar.

Gengið hefur verið frá samningum milli Icelandair og Air Finland um leiguflug og færast sjö flugmenn til og fara í leiguflug fyrir Air Finland í fjóra mánuði og skapa þá um leið rými fyrir jafnmarga hér heima. Sex flugmenn hefja síðan störf hjá Icelandair um miðjan maí og fimmtán í byrjun júní.



**FLUG** 28 flugmenn hafa verið endurráðnir til Icelandair.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður FÍA, segir að ráðningarnar fari eftir verkefnastöðunni hverju sinni. Flugmenn vonist til að þetta sé allt að koma og fleiri fái vinnu á næstu vikum og mánuðum en „við erum orðnir alvanir þessum sveiflum," segir Jóhannes.

Ástríður Ingólfsdóttir, varaformaður Flugfreyjufélags Íslands, segir að verulega hafi ræst úr atvinnuástandi hjá flugfreyja. „Yfir heildina er staðan þannig að flestir sem voru í uppsögn síðasta haust hafa fengið tímabundna ráðningu aftur í sumar," segir hún.

Icelandair hafði sagt upp 133 flugfreyjum og Iceland Express níu. Flugfélag Íslands þurfti ekki að segja neinum upp í haust og lét nægja að ráða ekki nýja. Félagið mun ráða eitthvað af afleysingafólki í sumar.

- ghs

# Nær þriðjungi fiskistofna hætt við hruni

**Í tillögum framkvæmdastjórnar ESB að endurskoðun sameiginlegrar fiskveiðistefnu sambandsins, sem kynntar verða í dag, segir að 30 prósent fiskistofna í lögsögu aðildarríkjanna sæti alvarlegri ofveiði. Snarminnka verði veiðigetuna.**

**BRUSSEL** Á fundi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsríkjanna 27 í Lúxemborg í dag leggur framkvæmdastjórn sambandsins fram svonefnda grænbók sem hefur að geyma tillögur hennar að endurskoðun sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB. Meðal þess sem lekið hefur út um innihald tillagnanna er átak í að draga úr veiðigetu fiskveiðiflota aðildarríkjanna og að útgerðarmenn skuli fá meira að segja um stjórnun fiskveiða.

Samkvæmt því sem fram kom í vefmiðlum í gær, sem höfðu komist yfir eintak af grænbókinni, segir í henni að um þrjátíu prósent allra fiskistofna í lögsögu aðildarríkjanna sæti svo miklu veiðiálagi að hætta sé á að þeir hrynji.

Þar er ennfremur slegið föstu, að þrátt fyrir víðtæka endurskoðun stefnunnar árið 2002 sé reyndin sú að „ofveiði, of mikil veiðigeta, miklar niðurgreiðslur, lítið efnahagslegt álagsþol og dvínandi aflamagn" einkenni veruleikann sem fiskistofnar og útgerðir innan ESB búi við.

Áttatíu og átta prósent fiskistofna í lögsögu ESB-ríkjanna sæta veiðiálagi sem er ekki sjálfbært til lengri tíma litið; með öðrum orðum, veiðiálagið er meira en náttúruleg endurnýjun stofnanna stendur undir. Auk þess segir að meirihluti þess afla sem veiddur er af vissum stofnum, þar á meðal Norðursjávarþorski, sé ókynþroska undirmálsfiskur.

Framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að útgerðarmenn stæðu uppi með meiri ávinning með því að draga úr veiðum uns fiskistofnar ná sér aftur á strik – en kerfið sé þannig uppbyggt að skammtímahagnaður sé aðaldrifkraftur þess.

Í flestum strandríkjum ESB er veiðigeta fiskiskipaflotans enn margfalt meiri en nemur sjálfbæru veiðiþoli fiskistofnanna. „Eingöngu með því að koma á jafnvægi milli veiðigetu og veiðiþols getum við komið á sameiginlegri fiskveiðistefnu sem tryggir félags- og efnahagslegan ávinning til framtíðar," hefur fréttavefur BBC eftir Utu Bellion, sem stýrir því sviði alþjóðlegu umhverfisverndarsamtakanna Pew sem sinnir málefnum sjávar í ESB.




Heimild: Framkvæmdastjórn ESB Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS

Að beiðni framkvæmdastjórnar ESB hefur sjávarútvegsráðuneyti Íslands tilnefnt Stefán Ásmundsson í fjölþjóðlega ráðgjafarnefnd sem vinnur að endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Hin endurskoðaða stefna á að taka gildi árið 2013.

**audunn@frettabladid.is**






Rýmingarsala

# Vorútsala

Allt að

70%

afsláttur af völdum vörum

Fullt af nýjum vörum í öllum deildum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




Sómalskir sjóræningjar sleppa tankskipi og áhöfn þess nær hálfu ári eftir rán:

# Óljóst um lausnargjaldsgreiðslu

**KENÍA, AP** Sómalskir sjóræningjar slepptu í gær úr vörslu sinni tankskipi sem þeir rændu fyrir fimm mánuðum. Þar með varð 23 manna filippseysk áhöfn skipsins líka laus úr langri prísund.

Óljóst var hvort lausnargjald var greitt fyrir lausn skipsins og áhafnarinnar. Aðstandendur áhafnarmeðlima upplýstu að upprunalega settu sjóræningjarnir upp fimm milljón dala lausnargjald, en í síðustu viku hefðu þeir verið búnir að lækka kröfuna í 2,2 milljónir dala.

Að minnsta kosti sextán önnur skip og hátt í 300 manns sem mönnuðu þau eru enn talin í höndum sómalskra sjóræningja. Stjórnmálaskýrendur segja nærri tveggja áratuga stjórn- og lögleysisástand í Sómalíu rótina að hinum mikla uppgangi sjóránsútgerðar frá landinu. Árásir sjóræningja hafa verið mjög tíðar á síðustu vikum. Áhöfn líbansks flutningaskips tókst með naumindum að komast undan einni slíkri undan Jemenströnd á mánudag. Í fyrradag létu sjóræningjar aftur laust flutningaskip sem þeir höfðu tekið viku fyrr, eftir að þeir komust að því að það var á leið að sækja matvælaaðstoð fyrir hungrandi landa þeirra. **- aa**



**HALDA ENN HÁTT Í TUTTUGU SKIPUM** Gríska flutningaskipið Irene E.M. sem sómalskir sjóræningjar tóku 14. apríl sl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþýðusambands Íslands kannar verð á þjónustu dekkjaverkstæða:

# Dekkjaskiptin stöðugt dýrari

**NEYTENDAMÁL** Verð á skiptingu, umfelgun og jafnvægisstillingu á dekkjum reyndist vera lægst í flestum tilfellum hjá Hjólbarðaverkstæði Vöku í Eldshöfða. Þetta kemur fram í verðkönnun sem Alþýðusamband Íslands hefur látið gera nú þegar bíleigendur eru að koma bílum sínum á sumardekkin.

Munur á lægsta og hæsta verði er mestur þegar kemur að þessari þjónustu fyrir meðalstóra jeppa en þar er hann 5.560 krónur. Þegar kemur að fólksbílum er þessi munur um tvö þúsund, fer það þó eftir því hvort bílarnir eru á stál- eða álfelgum.

Þjónusta hjólbarðaverkstæða við fólksbíla hefur hækkað að meðaltali um 10 prósent frá því í október 2007. Þegar kemur að stórum jeppum er þessi munur um 16 prósent. **- jse**



**AF MEÐ NAGLADEKKIN** Það verður sífellt dýrara að koma þessum af á vorin.

**VERÐKÖNNUN ASÍ UM SKIPTINGU, UMFELGUN OG JAFNVÆGISSTILLINGU Á DEKKJUM**

| | Lægsta verð | | Hæsta verð | |
|---|---|---|---|---|
| Fólksbíll á stálfelgum | Hjólbarðaverkstæði Vöku | 5.200 | Höldur hjólbarðaverkstæði | 7.136 |
| Fólksbíll á álfengum | Hjólbarðaverkstæði Vöku | 5.200 | Hjólbarðaverkstæði Heklu | 7.690 |
| Lítill jeppi á stálfelgum | Bílvogur (Hekla) | 6.100 | Dekkjaverkstæði Reykjavíkur | 9.892 |
| Lítill jeppi á álfelgum | Bílvogur (Hekla) | 6.100 | Dekkjaverkstæði Reykjavíkur | 10.419 |
| Meðal jeppi | Hjólbarðaverkstæði Vöku | 7.700 | Sólning | 13.260 |
| Stór jeppi | Hjólbarðaverkstæði Vöku | 8.800 | Hjólbarðaverkstæði Heklu | 13.600 |

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ




Reykjavíkurborg hvetur borgarbúa til að taka höndum saman við að hreinsa til í borginni eftir veturinn og taka á móti vorinu með bros á vör. Reykjavíkurborg mun í ár ekki fjarlægja garðúrgang og greinaafklippur sem skilin eru eftir við lóðamörk. Kallað er eftir auknu frumkvæði og ábyrgð borgarbúa og vakin athygli á því að endurvinnslustöðvar Sorpu taka við 2 rúmetrum í hverri ferð af garðaúrgangi og greinaafklippum frá íbúum að kostnaðarlausu.

**Hvetjum til dáða með eigin frumkvæði.**

Með því að hreinsa rusl, snyrta tré og runna í garðinum okkar hvetjum við aðra til að taka til hendinni. Stígum skrefinu lengra og tínum rusl utan girðingar, við næsta göngustíg eða á nálægu útivistarsvæði. Hreinsunardagur í götunni eða í hverfinu býður upp á skemmtilega samveru. Notum hugmyndaflugið og gerum tiltektina að skemmtilegu verkefni.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/fer og í síma 411 1111.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer


Nú er gúrkutíð
Allt árið
Virkar sem mótefni gegn gigt
Vex allt árið um kring og er þess vegna alltaf fáanleg fersk
Minnkar bólgur og er því vinsæl til að leggja yfir augun
Húð gúrkunnar inniheldur efni sem lækkar kólesteról
96% vatn
Hreinsar ristilinn, innyflin og þarmana
Rík af A og C vítamínum
Hefur þann sérstæða eiginleika að geta verið 20 gráðum kaldari að innan en utan
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
islenskt.is

LAGERSALA
DIM DÖMU OG HERRA UNDIRFATNAÐUR
Mikið úrval af SOKKABUXUM
ÝMSAR SNYRTIVÖRUR
MEDICO - heildverslun
Akralind 3 - 201 Kópavogur - www.medico.is
Opnunartímar: Mið. 22/4 frá kl. 16-19 - Fös. 24/4 frá kl. 16-19 - Lau. 25/4 frá kl. 11-14

THULE SWEDEN Hjólafestingar

Stilling
Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Landspítali verði fluttur úr Fossvogi

**Norskir ráðgjafar telja að margir tugir milljarða sparist verði byggt við Landspítala við Hringbraut og starfsemin flutt úr Fossvogi á Hringbrautina. Hönnun gæti hafist á þessu ári, framkvæmdir eftir tvö ár. Eignir í Fossvogi verði seldar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Norskir ráðgjafar hafa komist að þeirri niðurstöðu að óbreyttur rekstur LSH á tveimur stöðum, við Hringbraut og í Fossvogi, kosti ríkið níutíu milljarða króna en 51 milljarð verði starfsemin á einum stað í nýbyggingum og endurgerðu húsnæði við Hringbraut. Með þessu myndi sparast 31 milljarður króna.

Norsku sérfræðingarnir telja hagkvæmast fyrir ríkið að byggja við núverandi Landspítala við Hringbraut í fyrsta áfanga og nýta áfram sem flest hús sem þar eru fyrir á lóðinni. Þeir segja unnt að áfangaskipta verkefninu þannig að viðráðanlegra verði að hrinda því í framkvæmd. Spara megi sex prósent í rekstri spítalans strax að loknum fyrsta áfanga sem svarar til ríflega tveggja milljarða króna á ári.


**HAGSTÆÐARA AÐ SAMEINA** Tillögur norskra ráðgjafa voru kynntar í gær. Þær gera ráð fyrir að það kosti 51 milljarð að sameina Landspítalann við Hringbraut og í Fossvogi í nýju og endurgerðu húsnæði við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stjórnendur Landspítala og Háskóla Íslands kynntu tillögur Norðmannanna í gær. Þær gera ráð fyrir að við Hringbraut rísi ný hús alls um 66 þúsund fermetrar þar sem verði slysa- og bráðamóttaka, skurðstofur og gjörgæsla, legudeildir með 180 rúmum í einbýli og áttatíu herbergja sjúkrahótel. Stór hluti núverandi húsnæðis, sem er 53 þúsund fermetrar, verði nýttur áfram.

Framkvæmdakostnaður er áætlaður 51 milljarður króna. Þar af kosta nýbyggingarnar 33 milljarða, húsgögn og tæki sjö milljarða og endurbygging eldra húsnæðis ellefu milljarða. Talað er um að selja eignir í Fossvogi upp í kostnað en þó ekki fyrr en búið er að sameina starfsemina auk þess sem lífeyrissjóðirnir hafi sýnt áhuga.

Tímaáætlun gerir ráð fyrir hönnunarsamkeppni á síðari hluta þessa árs og að úrslitin verði kynnt í byrjun næsta árs. Jarðvinna hefjist sumarið 2011 og framkvæmdir 2012. Nýbyggingarnar verði reistar á árunum 2009-2015, húsgögn og tæki keypt 2015-2016 og endurbygging eldra húsnæðis 2016-2020. Á þessu ári sé gert ráð fyrir 400 milljónum króna í hönnunarvinnu þannig að hægt verði að setja hönnunarvinnu strax í gang meðal íslenskra arkitekta og verkfræðinga.

Í nýju tillögunni verður Læknagarður óbreyttur. Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor segir að það gefi Háskóla Íslands tækifæri til að nýta hann og dragi verulega úr kostnaði við háskólabyggingarnar. Næsta skref verði að fá samþykki fyrir breytingatillöguna og í framhaldinu verði háskólahlutinn endurskoðaður og sameiginlegir þættir háskólans og spítalans.

ghs@frettabladid.is






17.990

Twinkle 12" (2-4 ára)
með hjálpardekkjum .

22.900

motivatormini 20" (5-7 ára)

Blaze 20" (5-7 ára)
með fótbremsu

17.990

Moto Micro 12" (2-4 ára)
með hjálpardekkjum .

Til í fleirum litum

31.900

Rockadile AL 20" (6-8 ára)
*Álstell 7 gírar og demparar að framan. Standari fylgir.*

19.900

Moto Micro 16" (4-6 ára)
með hjálpardekkjum .

Til í fleirum litum

19.900

Moto Micro 16" (4-6 ára)
með hjálpardekkjum .

38.900

Rockadile AL 24" (8-11 ára)
Álstell 21 gírar og demparar að framan. Standari fylgir.

WWW.GAP.IS

**GAP**

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 16-15

# ATH! OPIÐ

SUMARDAGINN FYRSTA
FIMMTUDAGINN 23.APRÍL
FRÁ 12-16



**TÚLÍPANATÍÐ** Blómaræktandi í Köln í Þýskalandi hugar að túlípönum sem blómstra í regnbogans litum á akri hans, baðaðir hlýjum geislum meginlandsvorsólarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarlögmaður átelur vinnubrögð samgönguráðuneytisins:

# Innheimta gjalda talin eðlileg

**REYKJAVÍK** Borgarlögmaður átelur vinnubrögð samgönguráðuneytisins vegna úttektar þess á því hvort eðlilega væri staðið að innheimtu fasteignagjalda í borginni. Samgönguráðuneytið komst að því að borgin mætti fela sérstökum innheimtuaðila innheimtu fasteignagjalda og fela þeim að setja á gjald vegna vanskila.

Í minnisblaði borgarlögmanns til borgarráðs eru vinnubrögð ráðuneytisins átalin og það sagt ekki huga að grunnreglum stjórnsýsluréttar um rannsóknarskyldu og andmælarétt. Ráðuneytið hafi tekið ákvörðun um að taka málið upp að eigin frumkvæði og ekki kallað eftir athugasemdum Reykjavíkurborgar um málið. Þannig hafi ráðuneytið ekki getað tekið upplýsta ákvörðun, enda hafi það ekki haft öll gögn um málið.



**RÁÐHÚS** Samgönguráðuneytið telur samninga við innheimtufyrirtæki um innheimtu fasteignagjalda eðlilega. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Rannsóknin sneri einnig að samkomulagi borgarráðs við Momentum ehf. og Gjaldheimtuna ehf. Það samkomulag var ekki staðfest í borgarstjórn, en ráðuneytið kemst að því að það hafi ekki verið nauðsynlegt.

Ráðuneytið gerði hins vegar athugasemdir við það að skuldara sé gert að greiða ákveðinn hundraðshluta af höfuðstól í innheimtukostnað. Borgarlögmaður bendir hins vegar á nýja reglugerð viðskiptaráðuneytisins og að gjaldskrá Momentum sé hóflegri en þar kveður á um. **- kóp**

Medvedev í Finnlandi:

# Orkumál í brennidepli

**FINNLAND, AP** Dmítrí Medvedev, forseti Rússlands, er nú í tveggja daga opinberri heimsókn í Finnlandi. Hann hitti Törju Halonen, forseta Finnlands, í gær fyrir utan forsetahöllina í Helsinki.

Medvedev ætlar að nota heimsóknina til að ræða viðskipti, orku og önnur málefni við finnska leiðtoga. Medvedev og Halonen ræddu í gær mörg mál, þar á meðal fyrirætlanir um gasleiðslu milli Rússlands og Þýskalands.

Þetta er í fyrsta skipti sem Medvedev kemur til Finnlands. **- ghs**






**FRÁ FUNDINUM Í GÆR** Tryggvi Þór, Bjarni og Þorgerður Katrín kynntu tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum í Valhöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**NOKKRAR TILLÖGUR SJÁLFSTÆÐISMANNA**

- Afnema stimpilgjöld
- Virkja skattkerfið til að hvetja fjárfesta
- Veita skattafslátt til fyrirtækja sem ráðast í nýsköpunar- og þróunarverkefni
- Gera eigendum og starfsfólki kleift að eignast hlut í fyrirtækjunum
- Fjármálafyrirtækjum boðið að færa húsnæðislán bankanna til Íbúðalánasjóðs
- Heimilum boðið að minnka greiðslubyrði tímabundið um 50 prósent og bjóða þeim óverðtryggð lán
- Skapa skilyrði fyrir 20 þúsund ný störf

Sjálfstæðisflokkur vill greiða fyrir orkufrekum iðnaði:

# Ætla að til verði 20 þúsund ný störf

**EFNAHAGSMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að skapa skilyrði fyrir tuttugu þúsund ný störf til dæmis með því að greiða fyrir orkufrekum iðnaði svo sem álverum, gagnaverum, álþynnuverksmiðju og kísilflöguverksmiðju. Með þeim aðgerðum ætti afkoma ríkisins að batna um sextíu milljarða. Þetta kom fram á blaðamannafundi Sjálfstæðisflokksins í gær.

Á fundinum lýsti Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, yfir mikilli furðu á því að Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandsins (ESB) gagnvart Íslandi og Noregi, skyldi blanda sér inn í stjórnmálaumræðuna hér á landi en hann blés á hugmyndir sjálfstæðismanna á mánudag um að Íslendingar tækju upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið. Stefna flokksins í gjaldeyrismálum kveður nefnilega á um að kanna möguleika á upptöku evru í lok efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Íslands og í sátt og samvinnu við Evrópusambandið.

Tryggvi Þór Herbertsson, sem skipar annað sæti flokksins í Norðausturkjördæmi, sagði að þrátt fyrir orð Westerlunds væri möguleikinn fyrir hendi, umræða á alþjóðavettvangi væri mikil um það hvort litlum löndum í nágrenni stórra gjaldmiðlasvæða yrði gert kleift að taka upp gjaldmiðilinn á því svæði. Þau nefndu ekki dæmi um þá umræðu en sögðu tilhneiginguna vera að snúast á þessa leið.

Auk Tryggva og Bjarna var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,varaformaður flokksins, á fundinum og ítrekuðu þremenningarnir að ekki stæði til að hækka skatta. Vilja þau lækka greiðslubyrði heimila tímabundið um fimmtíu prósent, afnema stimpilgjöld og bjóða langtíma lán án verðtryggingar. **jse@frettabladid.is**






Loðnuvinnslan:

# Róður herðist eftir gott ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildartekjur Loðnuvinnslunnar voru 4,4 milljarðar í fyrra, 44 prósentum meira en árið áður. Hagnaður var 1,1 milljarður. Aðalfundur félagsins var haldinn síðastliðinn föstudag og var þá gerð grein fyrir þessu.

„Hluti af þessu er veiking krónunnar og svo höfum við reyndar verið heppin með sölu á okkar afurðum," segir Gísli Jónatansson framkvæmdastjóri. Hann segir þó þetta ár vera erfitt þar sem loðnuvertíð hafi brugðist og skorið hafi verið niður í kolmunnaveiðum. Að auki segir hann áform um afturköllun veiðiheimilda setja starfsemina í uppnám. - jse

Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpar starfsfólk leyniþjónustu landsins, CIA:

# Forsetinn varði birtingu minnisblaða

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti fór á mánudag í heimsókn í höfuðstöðvar leyniþjónustunnar CIA í Langley í Virginíu. Hann ávarpaði starfsfólkið og varði þá ákvörðun sína að birta minnisblöð um yfirheyrslur á föngum.

Í minnisblöðunum koma fram nákvæmar lýsingar á harkalegum yfirheyrsluaðferðum, þar á meðal svonefndri vatnsbrettaaðferð, sem Eric Holder dómsmálaráðherra hefur kallað pyntingar.

Michael V. Hayden, fyrrum yfirmaður CIA, hefur gagnrýnt birtinguna. Vel komi sér fyrir óvini Bandaríkjanna að vita hve langt fangaverðir megi ganga.

Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, segir einnig birtingu minnisblaðanna mistök. Hann hvetur CIA til að birta önnur minnisblöð, þar sem fram kemur að harkalegu aðferðirnar hafi skilað ótvíræðum árangri.

Obama sagði hins vegar við starfsfólk CIA að þótt starf þeirra geti orðið erfiðara með því að neita sér um að beita óvini pyntingum, þá eigi það einmitt að vera keppikefli Bandaríkjanna að framfylgja eigin hugsjónum, „ekki bara þegar það er auðvelt, jafnvel þegar við erum óttaslegin og stöndum frammi fyrir hættu, ekki aðeins þegar það er hagkvæmt fyrir okkur." - gb




**FORSETINN SPAUGAR** Barack Obama lét ýmislegt flakka á fundi með starfsmönnum CIA. Leon Panetta, yfirmaður leyniþjónustunnar, brosir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**ÞÓRA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR** **KRISTINN HRAFNSSON**

Kosið um formann BÍ:

# Þóra Kristín og Kristján kljást

**FJÖLMIÐLAR** **Nýr formaður Blaðamannafélags Íslands verður kjörinn á aðalfundi félagsins í kvöld. Í kjöri eru Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður félagsins, og Kristinn Hrafnsson.**

**Arna Schram, sem gegnt hefur formennsku í félaginu undanfarin fjögur ár, gefur ekki kost á sér til endurkjörs.**

**Kristinn og Þóra Kristín munu kynna áherslumál á fundinum, sem haldinn verður í húsakynnum Blaðamannafélags Íslands. Sjálfkjörið hefur verið í embættið frá árinu 2003.** - sh



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Ólafur vill að borgin innkalli húsið til sín sem og lóðir við Laugaveg þar sem listaháskóli er fyrirhugaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur F. Magnússon:

# Vill innkalla lóðir Björgólfa

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon vill að borgin leysi til sín lóðir sem Björgólfsfeðgar eiga í Reykjavík. Hann hefur boðað tilgöguflutning þess efnis á næsta borgarstjórnarfundi. Er þar horft til lóða við Laugaveg þar sem listaháskóli er fyrirhugaður og Fríkirkjuveg 11.

Í tilkynningu Ólafs segir að tilkoma risavaxins Listaskóla við Laugaveg sé skipulagsslys sem verði að afstýra. Þá sé mjög ólíklegt að núverandi eigendur Fríkirkjuvegar 11 geti staðið við skuldbindingar sínar. Til að vernda menningarsöguleg verðmæti eigi borgin að innkalla eignirnar til sín gegn litlu sem engu gjaldi. - kóp

**DANMÖRK**

**Fjórir særðust**

Fjórir danskir hermenn særðust þegar bíll þeirra ók yfir vegsprengju í Afganistan á sunnudagsmorguninn. Einn þeirra særðist alvarlega.




OPNIR KYNNINGARFUNDIR
MEISTARANÁM
Í VIÐSKIPTADEILD HR

ALÞJÓÐLEG SÝN – FRAMSÆKIÐ FÓLK – SKAPANDI UMHVERFI

Viðskiptadeild HR starfar í nánu samstarfi við erlenda háskóla og hefur sterk tengsl við atvinnulífið. Við val á kennurum, sem flestir koma frá þekktum erlendum háskólum, er lögð áhersla á framúrskarandi fræðilega þekkingu, góða kennsluhæfileika ásamt fjölþættri reynslu úr atvinnulífinu. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur verði gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði er náð með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.

**Viðskiptadeild HR býður til eftirfarandi kynningarfunda í dag:**

- MBA, kl. 12:15 – 13:00
- MSc Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM, kl. 16:00
- MSc Í EVRÓPUFRÆÐUM Í SAMSTARFI VIÐ LAGADEILD HR, kl. 16:00
- MSc Í FJÁRMÁLUM FYRIRTÆKJA, kl. 17:00
- MSc Í FJÁRFESTINGARSTJÓRNUN, kl. 17:00
- MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN, kl. 17:30
- MSc Í STJÓRNUN REKSTRARBÓKHALDS, kl. 17:30

Nemendur í meistaranáminu verða á staðnum til skrafs og ráðagerða.
Boðið verður upp á léttar veitingar.

**Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 201
**Stund:** Miðvikudagurinn 22. apríl kl. 12:15 - 13:00 og 16:00 - 18:30

*Rúmur helmingur stærstu fyrirtækja á Íslandi ætlar að ráða í ný störf á þessu ári. Þar af reikna 80% þeirra með að ráða í framtíðarstarf og 70% þeirra ætla að ráða fólk til sumarstarfa. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík hefur látið gera.*
***Algengasta fræðasviðið sem fyrirtæki leita nú að er viðskiptafræði (56%).***

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

2009 SUÐURKJÖRDÆMI



**SAMFYLKINGIN (S)**
1. **Björgvin G. Sigurðsson**
2. Oddný Guðbjörg Harðardóttir
3. Róbert Marshall
4. Anna Margrét Guðjónsdóttir



**BORGARAHREYFINGIN (O)**
1. **Margrét Tryggvadóttir**
2. Jón Kr. Arnarsson
3. Hildur Harðardóttir
4. Ragnar Þór Ingólfsson



**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN (F)**
1. **Grétar Mar Jónsson**
2. Georg Eiður Arnarsson
3. Kristinn Guðmundsson
4. Anna Grétarsdóttir



**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN (S)**
1. **Ragnheiður Elín Árnadóttir**
2. Árni Johnsen
3. Unnur Brá Konráðsdóttir
4. Íris Róbertsdóttir



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN (B)**
1. **Sigurður Ingi Jóhannsson**
2. Eygló Harðardóttir
3. Birgir Þórarinsson
4. Bryndís Gunnlaugsdóttir



**LÝÐRÆÐISHREYFINGIN (P)**
1. **Þorsteinn Valur Baldvinsson**
2. Bjarki Rúnar Guttormsson
3. Brynjar Tómasson
4. Charin Thaiprasert



**VINSTRI GRÆN (V)**
1. **Atli Gíslason**
2. Arndís Soffía Sigurðardóttir
3. Jórunn Einarsdóttir
4. Bergur Sigurðsson



# Samfylking og VG bæta við sig manni

**Samfylking og Sjálfstæðisflokkur fengi hvor þrjá kjördæmakjörna þingmenn í suðurkjördæmi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Vinstri græn fengju tvo þingmenn, Framsóknarflokkur einn en aðrir engan.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 31,8 prósent segjast myndu kjósa Samfylkinginguna í suðurkjördæmi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og fréttastofu Stöðvar 2. Flokkurinn myndi því bæta við sig manni og fá þrjá kjördæmakjörna menn. 25,8 prósent styðja Sjálfstæðisflokkinn og myndi flokkurinn því tapa þingmanni og fá þrjá kjördæmakjörna þingmenn.

Fylgi Vinstri grænna eykst verulega frá síðustu kosningum og segjast nú 16,6 prósent styðja flokkinn. Það dugar fyrir tveim kjördæmakjörnum þingmönnum, en flokkurinn fékk einn mann kjörinn í kjördæminu 2007. Nánast sama hlutfall, eða 16,1 prósent, styður Framsóknarflokkinn, sem fengi einn kjördæmakjörinn þingmann í stað tveggja. Aðrir flokkar kæmu ekki manni að, en 5,2 prósent styðja Borgarahreyfinguna, 2,9 prósent styðja Frjálslynda flokkinn og 1,6 prósent styðja Lýðræðishreyfinguna.

Efnahags-, velferðar-, og menntamál eru talin mikilvægust í kjördæminu, en minnst áhersla lögð á Evrópu- og umhverfismál. Frá kosningunum 2007 hefur áhersla á efnahags-, Evrópu- og fiskveiðimál aukist, en áhersla á aðra málaflokka hefur dvínað síðan þá ef niðurstöður þessarar könnunar eru bornar saman við svör við sömu spurningu fyrir síðustu kosningar. 96,2 prósent tóku nú afstöðu.

Hringt var í 600 manns í kjördæminu þriðjudaginn 21. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag. Óákveðnir voru spurðir hvaða listi er líklegastur og þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir hvort þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða annan flokk. 74,3 prósent tóku afstöðu. 10,8 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 9,3 prósent voru óákveðin og 5,5 prósent neituðu að svara.

**svanborg@frettabladid.is**

## Málefni í mikilvægisröð

Svarendur gáfu málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

| | |
|---|---|
| Efnahagsmál | 4,76 |
| Velferðarmál | 4,32 |
| Menntamál | 4,13 |
| Fiskveiðimál | 4,04 |
| Skattamál | 3,96 |
| Samgöngumál | 3,54 |
| Evrópumál | 3,16 |
| Umhverfismál | 3,14 |

## Fylgi stjórnmálaflokkanna í Suðurkjördæmi

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins 21. apríl (Fylgi í % og kjördæmakjörnir þingmenn)




AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Byrs verður haldinn miðvikudaginn 13. maí n.k. kl. 16.00 á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir á fundarstað og hefst afhending þeirra kl. 14.30.

*Stjórn Byrs.*

BYR SPARISJÓÐUR

2009 NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

# VG stærst í norðaustri

**Tæplega þriðjungur segist ætla að kjósa Vinstri græn í Norðausturkjördæmi, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkur hefur 14 prósenta fylgi, Samfylking 29 prósent.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 33,2 prósent sögðust mynda kjósa Vinstri græn í Norðausturkjördæmi, í nýrri könnun Fréttablaðsins og Fréttastofu Stöðvar 2. Fengi flokkurinn samkvæmt því þrjá kjördæmakjörna menn. Fylgi Samfylkingar var 29,4 prósent og fengi flokkurinn einnig þrjá kjördæmakjörna menn, samkvæmt því. 18,7 prósent sögðust styðja Framsóknarflokkinn, sem fengi því tvo kjördæmakjörna menn. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mældist 13,6 prósent og fengi flokkurinn einn kjördæmakjörinn þingmann. Aðrir myndu ekki ná manni inn, en 1,9 prósent sögðust styðja Lýðræðishreyfinguna, 1,7 prósent studdu Borgarahreyfinguna og 1,3 prósent studdu Frjálslynda flokkinn.

Kjósendur í Norðausturkjördæmi voru beðnir um að gefa átta málaflokkum einkunn, á bilinu 1 til 5, þar sem 1 var mjög léttvægt, en 5 mjög mikilvægt, þegar kemur að því að ákveða hvernig á að kjósa á laugardag. 95,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Kjósendur í kjördæminu leggja mesta áherslu á efnahagsmál, velferðarmál og menntamál, en minnsta á umhverfismál og Evrópumál. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður sömu spurningar í aðdraganda kosninga 2007, hefur mikilvægi efnahags-, Evrópu- og fiskveiðimála aukist í Norðausturkjördæmi. Mikilvægi mennta-, samgöngu-, skatta-, umhverfis- og velferðarmála hefur hins vegar minnkað.

Hringt var í 600 manns í kjördæminu mánudaginn 20. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Óákveðnir voru spurðir; Hvaða flokk er líklegast að þú munir kjósa? Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir; Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? 78,3 prósent tóku afstöðu. 11,2 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 5,2 prósent voru óákveðin og 5,3 prósent neituðu að svara. **svanborg@frettabladid.is**

## Fylgi stjórnmálaflokkanna í NA-kjördæmi

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins 20. apríl (Fylgi í % og kjördæmakjörnir þingmenn)




## Málefni í mikilvægisröð

Svarendur gáfu málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

| | |
|---|---|
| Efnahagsmál | 4,74 |
| Velferðarmál | 4,32 |
| Menntamál | 4,05 |
| Fiskveiðimál | 3,99 |
| Skattamál | 3,90 |
| Samgöngumál | 3,73 |
| Umhverfismál | 3,31 |
| Evrópumál | 3,21 |



**LÝÐRÆÐISHREYFINGIN (P)**
1. **Haukur Haraldsson**
2. Aðalsteinn Jónsson
3. Bjarki Ármann Oddsson
4. Bjarni Halldórsson



**BORGARAHREYFINGIN (O)**
1. **Herbert Sveinbjörnsson**
2. Björk Sigurgeirsdóttir
3. Hjálmar Hjálmarsson
4. Ragnhildur Arna Hjartardóttir



**SAMFYLKINGIN (S)**
1. **Kristján Möller**
2. Sigmundur Ernir Rúnarsson
3. Jónína Rós Guðmundsdóttir
4. Logi Már Einarsson



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN (B)**
1. **Birkir Jón Jónsson**
2. Höskuldur Þór Þórhallsson
3. Huld Aðalbjarnardóttir
4. Sigfús Karlsson



**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR (D)**
1. **Kristján Þór Júlíusson**
2. Tryggvi Þór Herbertsson
3. Arnbjörg Sveinsdóttir
4. Björn Ingimarsson



**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN (F)**
1. **Ásta Hafberg Sigmundsdóttir**
2. Eiríkur Guðmundsson
3. Kári Þór Sigríðarson
4. Stella Björk Steinþórsdóttir



**VINSTRI GRÆN (V)**
1. **Steingrímur J. Sigfússon**
2. Þuríður Backman
3. Björn Valur Gíslason
4. Bjarkey Gunnarsdóttir





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
BÓNUS Kjúklingur Læri, leggir vængir
298
BÓNUS FERSKIR KJÚLINGABITAR 298 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1398
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1398 kr./kg.
BETRA VERÐ Í BÓNUS Í 20 ÁR
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
ÍSLANDSFUGL
459
FROSINN HEILL ÍSFUGLSKJÚLINGUR
459 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
1169
BÓNUS FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI 1169 kr./kg.
698
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
698 kr./kg.
INNIHALD NAUTA/GRÍSAKJÖT
TILBOÐ
398
FERSKIR GRILLBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
398 kr. bakkinn.
298
BÓNUS SVEITABJÚGU KOFAREYKT
298 kr./kg.
BÓNUS ÍSTERTA
298
BÓNUS ÍSTERTA 6-8 MANNA 298 kr.
U.Þ.B. 25 KR PYLSAN
489
BÓNUS PYLSUR 489 kr./kg.
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5stk. FÍN & SKORIN 260g
98
BÓNUS PYSLUBRAUÐ
5 STK 98 kr.
Opið sumardaginn fyrsta frá kl 10-18 í öllum verslunum Bónus
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

2009

# Málamiðlun um Evrópumálin

Ljóst er að málamiðlunar er þörf í Evrópumálum ætli stjórnarflokkarnir að starfa áfram að loknum kosningum. Framboðin sjö til Alþingis hafa ólíka sýn á málaflokkinn og hvort nú sé rétti tíminn til þess að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.



GJALDMIÐILLINN Þeir sem helst tala fyrir Evrópuaðild sjá helsta kostinn í gjaldmiðlinum, evrunni. Evrópusambandið er aftur orðið kosningamál og ef marka má ummæli forystumanna stjórnmálaflokkanna undanfarið er ljóst að ekki bíður auðvelt verk þeirra sem semja eiga um nýja stjórn. NORDICPHOTOS/AFP

Segja má að menn hafi búið sig undir það að Evrópumálin yrðu kosningamál í næstu kosningum sem fyrirhugaðar voru til Alþingis árið 2011. Efnahagshrunið breytti hins vegar öllu og boðað var til kosninga í vor.

Strax eftir hrun nefndi Samfylkingin aðild að Evrópusambandinu sem leið Íslendinga úr kreppunni. Ríkisstjórnin hafði ekki á stefnuskrá að sækja um aðild að Evrópusambandinu, en við breyttar aðstæður þrýsti Samfylkingin á að stjórnin tæki af skarið og sækti um aðild. Sjálfstæðisflokkurinn boðaði að landsfundur tæki á málunum, en áður en til þess kom sprakk stjórnin.

Nú eru kosningar eftir fjóra daga og Evrópumálin eru aftur komin á dagskrá. Gera má ráð fyrir ákvörðunum í þeim efnum við stjórnarmyndun. En hver er samþykkt stefna flokkanna í Evrópumálum? Fréttablaðið kynnti sér samþykktir og stefnu framboðanna.

### Evrópusambandið er svarið

Hvað Samfylkinguna varðar liggur afstaðan ljós fyrir. Flokkurinn telur að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu strax að loknum kosningum. Niðurstöðu aðildarsamninga eigi síðan að bera undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er ekki ný stefna hjá flokknum, því hann fór í mikla vinnu í málaflokknum sem lauk árið 2002. Efnahagshrunið hefur hins vegar ýtt Evrópumálum ofar á dagskrá hjá flokknum. Á kynningarfundi um stefnu flokksins í velferðar- og atvinnumálum sagði varaformaðurinn, Dagur B. Eggertsson, að aðild að Evrópusambandinu væri undirstaða velferðar hér á landi.

Samfylkingin lítur þannig á aðild að Evrópusambandinu sem leið þjóðarinnar út úr kreppunni. Því sé brýnt að hefja sem fyrst aðildarviðræður, ástandið verði að laga sem fyrst.

„Samfylkingin telur að kostirnir við aðild séu svo margir og ótvíræðir að sjálfsagt sé að láta reyna á það í samningaviðræðum við sambandið hvort hægt er að ná viðunandi samningum um málaflokka sem tengjast mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem stjórn fiskveiða og fyrirkomulagi landbúnaðarmála,“ segir á heimasíðu flokksins.

### Evra án aðildar

Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði því á landsfundi flokksins í febrúar að aðild að Evrópusambandinu nú væri þjóðinni til hagsbóta. Hagsmunum hennar væri best borgið utan sambandsins. Flokkurinn leggur, reyndar líkt og aðrir flokkar, áherslu á að yfirráð yfir auðlindum landsins séu tryggð. Í stjórnmálaályktun landsfundar var einnig samþykkt að flokkurinn vildi verja sjálfstæði Íslands.

Sjálfstæðisflokkurinn slær varnagla þegar kemur að mögulegum aðildarviðræðum. „Komist Alþingi eða ríkisstjórn að þeirri niðurstöðu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu er það skoðun Sjálfstæðisflokksins að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þá ákvörðun á grundvelli skilgreindra markmiða og samningskrafna. Niðurstaða úr hugsanlegum viðræðum við Evrópusambandið skal borin undir þjóðina.“

Flokkurinn telur þannig að bera eigi undir þjóðina hvort sækja eigi um aðild að sambandinu. Niðurstaða viðræðna verði síðan einnig borin undir þjóðina.

Bjarni Benediktsson formaður hefur kynnt hugmynd flokksins í gjaldeyrismálum. Hún gengur út á það að leitað verði eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að í lok efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins geti Íslendingar tekið upp evru sem gjaldmiðil í sátt og samvinnu við Evrópusambandið.

### Tvöföld atkvæðagreiðsla

Vinstrihreyfingin grænt framboð er á móti því að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu. Flokkurinn telur að hugsanlegir ávinningar af aðild réttlæti ekki framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar. Þróa eigi samskipti við Evrópusambandið um viðskipti og samvinnu, meðal annars á sviði menntamála, vinnumarkaðsmála og umhverfismála.

„Hagsmunir fjármagns og heimsfyrirtækja eru í alltof ríkum mæli drifkraftar Evrópusamrunans, miðstýring, skrifræði og skortur á lýðræði einkennir stofnanir þess um of,“ segir í samþykktum flokksins. Hann hafnar þannig beinlínis aðild að sambandinu.

Í aðdraganda stjórnarskipta opnaði Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður, hins vegar á það að flokkurinn gæfi eftir í Evrópumálum. Það yrði þannig borið undir þjóðina hvort farið yrði í aðildarviðræður. Niðurstaða þeirra viðræðna yrði síðan einnig borin undir þjóðaratkvæði. Steingrímur J. Sigfússon formaður hefur ítrekað þessa afstöðu flokksins.

Vinstri græn eru þannig sammála Sjálfstæðisflokknum hvað þetta varðar. Haldin verði tvöföld atkvæðagreiðsla, annars vegar um aðildarviðræður og hins vegar um niðurstöðu þeirra.

### Viðræður með skilyrðum

Framsóknarflokkurinn hefur það á stefnuskránni að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Niðurstaða þeirra verði síðan borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Flokkurinn hefur hins vegar skilgreint nokkur skilyrði sem ekki verði vikið frá í aðildarviðræðum.

Meðal þeirra skilyrða sem flokkurinn setur eru að einhliða úrsagnarréttur sé tryggður, Íslendingar hafi einir veiðirétt innan fiskveiðilögsögunnar og fiskveiðistjórnun verði innanríkismál Íslendinga, fæðuöryggi verði tryggt, viðurkennt að íslenskur landbúnaður sé heimskautalandbúnaður og framleiðsla og úrvinnsla íslenskra búfjárstofna verði tryggð.

Þá vill flokkurinn að Íslendingar hafi varanlegan rétt til að setja lög um forgangsrétt þeirra sem hafa lögheimili á Íslandi til að eiga ráðandi hlut í jörðum og lóðum hér á landi. Í upphafi viðræðna verði gerður stöðugleikasamningu við Evrópska seðlabankann þar til evran verði tekin upp og tekið verði tillit til stöðu íslensks efnahagslífs við umbreytingu peningamála. Að lokum telur Framsóknarflokkurinn að setja eigi ákvæði um varðstöðu um íslenska þjóðmenningu, þjóðtungu og þjóðhætti. Þá verði íslenska viðurkennt sem eitt af opinberum tungumálum sambandsins.

### Engar viðræður

Frjálslyndi flokkurinn hafnar aðild að Evrópusambandinu og telur að ekki eigi að sækjast eftir viðræðum við sambandið. Flokkurinn telur brýnasta verkefnið nú að endurreisa íslenskan efnahag á eigin forsendum. Þar muni góð tengsl við vina- og nágrannaþjóðir reynast best.

Stefna flokksins í utanríkismálum byggist á því að standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar og friðsamlega sambúð við aðrar þjóðir.

Frambjóðendur flokksins hafa talað gegn því að um of sé einblínt á aðild að Evrópusambandinu sem lausn á þeim vanda sem steðjar að þjóðinni. Fráleitt sé að líta á málið sem kosningamál, enda eigi ákvörðun um það að liggja hjá þjóðinni. Þá telur flokkurinn að við munum búa við íslensku krónuna enn um stund.

### Viðræður og atkvæðagreiðslu

Borgarahreyfingin telur að hefja eigi viðræður við Evrópusambandið. Þjóðin fái þannig skilmála sem hún fái að kjósa um. Í stefnuskrá hreyfingarinnar er reyndar ekki minnst á Evrópusambandið. Í svörum sem fulltrúar og frambjóðendur hafa gefið má sjá að hreyfingin vill fara í viðræður. Þá telur hreyfingin nauðsynlegt að taka upp annan gjaldmiðil.

Borgarahreyfingin er fyrst og fremst með nokkur skýrt afmörkuð kosningamál. Hún hefur það á stefnuskrá sinni að leggja sjálfa sig niður þegar þau nást, eða ljóst verði að ekki verði af því.

### Almannaþing ráði

Lýðræðishreyfingin telur að kanna eigi hvað sé í boði frá Evrópusambandinu, hvaða kostir og gallar séu við aðild. Einstök atriði verði síðan lögð fyrir þjóðina í gegnum Almannaþing og þjóðin kveði þannig upp sinn úrskurð um hvort samningurinn sé hagstæður eða ekki. Almannaþing er hugmynd hreyfingarinnar um rafrænt Alþingi þar sem þjóðin sjálf geti kosið um hin ýmsu mál.

Hvað gjaldeyrismálin varðar telur hreyfingin að fá eigi færustu hagfræðinga heims til landsins og skoða hvaða raunhæfu möguleikar eru á að innleiða nýjan gjaldmiðil hér á landi.

### Tafið fyrir aðild?

Tilraunir ríkisstjórnarinnar til breytinga á stjórnarskrá á nýyfirstöðnu þingi fóru út um þúfur. Stjórnarskránni var í engu breytt, ekki einu sinni því ákvæði sem kveður á um hvernig henni verði breytt. Það þýðir að um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu gildir það sama og áður; rjúfa þarf þing og nýtt þing að staðfesta þær breytingar sem gera þarf á stjórnarskránni til að aðild verði að veruleika.

Velta má fyrir sér hvort það tefur fyrir aðild, verði hún upp á teningnum. Hvort stjórnmálamenn séu tilbúnir til þess að stytta kjörtímabil sitt annað kjörtímabillið í röð. Eða hvort þetta þýði að aðild geti ekki orðið að veruleika fyrr en eftir að kjörtímabilinu lýkur. Úr því verður ekki skorið hér.

### Málamiðlun

Líkt og sést á þessari umfjöllun eru Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn, Borgarahreyfingin og Lýðræðishreyfingin á því að fara eigi í aðildarviðræður. Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkurinn vilja að þjóðin ákveði hvort farið verði í þær viðræður í þjóðaratkvæðagreiðslu, en telja að landið eigi að standa utan sambandsins. Frjálslyndi flokkurinn er á móti aðild.

Forystumenn stjórnarflokkanna hafa lýst því yfir að þeir hyggi á áframhaldandi samstarf, fái þeir umboð til þess frá þjóðinni. Það er því ljóst að málamiðlana er þörf eigi að samrýma stefnu Vinstri grænna og Samfylkingar. Óljóst er hvort Samfylkingin sættir sig við tvöfalda atkvæðagreiðslu sem besta kostinn sem hún nái fram í stjórnarmyndunarviðræðum. Slíkt gæti reynst nauðsynlegt eigi forystumenn Vinstri grænna að geta staðið að aðildarviðræðum sem þeir í raun eru á móti. Hvort Evrópumálin verði örlagavaldur næstu stjórnar kemur í ljós innan fárra daga.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is





# Garða-ráðgjöf

**Landslagsarkitekt veitir nú ráðgjöf í verslunum Húsasmiðjunnar.**

Hringdu í síma 525 3000 og bókaðu tíma sem hentar þér. Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða kr. 5.900 að 30 mínútna ráðgjöf lokinni en sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.

Gott er að hafa meðferðis allar helstu upplýsingar um lóðina, afstöðumynd sem sýnir stöðu hússins á lóðinni og ljósmyndir, ásamt teikningum í hlutföllunum 1:100.

**Apríl:**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 25. | Grafarholt | 09:00 - 14:00 |

**Maí:**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 2. | Skútuvogur | 10:00 - 15:00 |
| Fim 7. | Grafarholt | 16:00 - 18:00 |
| Lau 9. | Selfoss | 10:00 - 15:00 |
| Fim 14. | Grafarholt | 16:00 - 18:00 |
| Mið 20. | Skútuvogur | 16:00 - 18:00 |
| Fim 28. | Grafarholt | 16:00 - 18:00 |
| Lau 30. | Reykjanesbær | 10:00 - 15:00 |

**Júní:**

| | | |
|---|---|---|
| Fim 4. | Grafarholt | 16:00 - 18:00 |
| Lau 6. | Grafarholt | 10:00 - 15:00 |

Ráðgjöf í verslunum okkar í Borgarnesi og Akureyri verður auglýst síðar.



# GARÐARÁÐGJÖF
## Í HÚSASMIÐJUNNI



Sérhannaðir og styrktir fyrir íslenskar aðstæður. Hægt að snúa bæði langsum og þversum.

Sjá nánar í Sælureit bls. 8-11

## NÝTT - ÍSLENSK HÖNNUN
Skjólveggir fyrir íslenskar aðstæður

| Stærð | Vörunr. | Verð |
|---|---|---|
| 88x88 sm | 603315 | 6.990 |
| 88x178 sm | 603317 | 11.590 |
| 178x178 sm | 603312 | 16.990 |
| 178x88 sm | 603310 | 10.890 |
| 88x118 sm | 603316 | 7.990 |
| 178x118 sm | 603311 | 13.590 |



Sólpallasmíði í Sælureit bls. 120-127

verð frá 199kr/m

# PALLAEFNI
FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Gagnvarin fura

| | |
|---|---|
| 21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m (621600) | **199** kr/m |
| 28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m (628601) | **259** kr/m |

Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.




**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK**

Pantaðu Sælureitinn heim á www.husa.is eða hringdu í síma 525 3000

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópumál á hvers manns vörum:

## Loksins orðið kosningamál

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Bjargföst trú Evrópusinna er að hagsmunum Íslands og íslenskra heimila sé best borgið innan Evrópusambandsins. Það er ekki nýtilkomin skoðun, sem byggð er á ástandi mála í dag, eftir hrun íslenska efnahagslífsins og íslensku krónunnar, heldur hefur staðan í dag eflt þá skoðun að íslenskum heildarhagsmunum sé betur borgið innan hins evrópska samfélags. Fyrir kosningarnar 2003 og aftur fyrir kosningarnar 2007 var því sorglegt hversu lítið vægi Evrópumálin fengu. Viðkvæðið var að það væri enginn „makker“, enginn mögulegur meirihluti á þingi fyrir því að skoða Evrópusambandsaðild og því þýddi ekkert að ræða slíkt eða krefjast þess að Evrópumálin kæmust á dagskrá. Þau komust ekki á dagskrá því þau voru ekki á dagskrá og flokkarnir komust upp með slíkan málflutning.

Forsendur þessa breyttust síðasta október. Reyndar hófst breytingin á viðhorfinu mun fyrr síðasta ár, með hruni krónunnar. Krafan um stöðugan gjaldmiðil knúði umræðuna áfram meðal atvinnulífsins og fleiri heimili fundu fyrir því á sínu eigin skinni hve erfitt það er að treysta á hina íslensku krónu, sem minnkaði bara að verðgildi, en samt varð alltaf dýrara og dýrara að fá hana lánaða. Eftir eilítið fum og fuður á landsfundum fyrr á árinu leit út fyrir að enn einar kosningarnar yrði viðkvæðið að ekki væri líklegur Evrópusinnaður meirihluti á þingi og því væru Evrópumál ekki á dagskrá. Sem betur fer hafa raddir flestra flokka, með nokkrum hávaða, bent á að slíkur málflutningur gangi ekki í dag; möguleg aðild að Evrópusambandinu sé einfaldlega eitt af brýnustu hagsmunamálum kjósenda í dag.

Allir flokkar virðast átta sig á þessu í dag, þannig að enginn þeirra er í hatrammri baráttu gegn aðildarviðræðum. Vinstri græn munu ekki standa í vegi fyrir „lýðræðislegum vilja“ og „lýðræðislegum farvegi“. Hvernig svo sem túlka ber þau orð. Sjálfstæðismenn vilja reyna aðrar leiðir fyrst, eins og að taka upp evru einhliða. Þegar búið er að útskýra fyrir þeim nógu oft að slíkt stendur Íslendingum ekki til boða mun flokkurinn mögulega hverfa á raunhæfari mið með upptöku evru eftir aðild, líkt og Bjarni Benediktsson talaði um hér í Fréttablaðinu fyrir ekki svo löngu.

Þau voru reyndar einkennileg viðbrögð sjálfstæðismanna við því að Evrópusambandið hafnaði þeirri hugmynd að Ísland gæti tekið upp evru í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Einn þingmaður flokksins talaði meira að segja um að sendiherra ESB væri að blanda sér í innanríkismál og kosningabaráttu hér á landi. Það hlýtur að vera einhver misskilningur hjá þingmanninum að Evrópusambandið hafi ekkert um það að segja hvaða lönd geti tekið upp gjaldmiðil Evrópusambandsríkja og hver ekki. Að taka upp gjaldmiðil annars ríkis, án þess að það valdi milliríkjadeilu, getur ekki verið innanríkismál. Hvað þá að það geti verið innanflokksmál. Það er einnig misskilningur hjá hluta flokksins að telja að Evrópuhagsmunirnir felist í því eingöngu að taka upp nýja mynt.

Þrátt fyrir þessi villuljós eru Evrópumál loksins komin á dagskrá sem alvöru kosningamál. Loksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing um kjörfund í alþingiskosningum í Sveitarfélaginu Árborg**

**Kjörfundur vegna alþingiskosninga í Sveitarfélaginu Árborg verður haldinn laugardaginn 25. apríl 2009.**

**Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.**

**Kjörstaðir í Árborg:**
- **Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi**
- **Grunnskólinn á Stokkseyri**
- **Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka**

Nánari upplýsingar um skiptingu kjósenda á kjörstaði má finna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar www.arborg.is og í Dagskránni og Sunnlenska fréttablaðinu. ***Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.***

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi. Sími: 480 5834

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Forgangsverkefnin

Hún var dökk myndin sem dregin var upp í leiðara Tímans, málgagni Framsóknarflokksins, í gær: „Heimilin eru hvert af öðru að fara í greiðsluþrot og átján þúsund manns eru án atvinnu í landinu,“ skrifar leiðarahöfundur, Birkir Jón Jónsson, sem telur að nú sé kominn tími til aðgerða í stað málalenginga. Á sömu opnu er viðtal við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann flokksins og oddvita á framboðslista í Reykjavík norður, sem gerir meðal annars grein fyrir hvaða mál hann ætlar að setja í forgang: „Ég hef ekki einu sinni náð að sinna tölvupóstinum og á mörg hundruð ósvöruð tölvubréf í pósthólfinu mínu. Það verður forgangsverkefni að bæta úr því strax eftir kosningar,“ segir Sigmundur Davíð. Aðgerðirnar sem þola enga bið verða því líklega að bíða aðeins lengur ef Framsókn kemst í ríkisstjórn, rétt á meðan formaðurinn grisjar tölvupóstinn.



### Stóru málin á oddinn

Enn um Framsókn. Ungir framsóknarmenn auglýsa nú á strætóskýlum helstu ástæður fyrir því að fólk eigi að kjósa Framsóknarflokkinn í alþingiskosningum á laugardag. Ein af ástæðunum sker sig frá öðrum, það er: Lægra verð á getnaðarvörnum. Óákveðnum hlýtur að snarfækka við þetta.



### Dalalíf

Ríkissjónvarpið tók upp innslag fyrir kosningavöku sína á laugardaginn í gær þar sem formenn stjórnmálaflokkanna eru sýndir við hefðbundin landbúnaðarstörf. Jóhanna Sigurðardóttir klippti rósir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mjólkaði kýr, Guðjón Arnar Kristjánsson markaði lömb en Steingrímur J. Sigfússon færði rúllur. Bjarna Benediktssyni var hins vegar falið það verk að draga á eftir sér taðdreifara. Þau kunna að nota myndmálið á RÚV.

bergsteinn@frettabladid.is

## Hafiði séð hlekkina?



ILLUGI JÖKULSSON
**Í DAG** | Evrópusambandið

Hafiði séð hlekkina sem læsast um ökkla Portúgala þegar þeir staulast til þrælkunarvinnu sinnar á ökrunum í morgunsárið?

Hafiði séð blóðrisa bök Svía þegar þeir strita myrkranna á milli í fabrikkunum undir hvössum augum varðmanna með hnútasvipur?

Hafiði séð sultarsvipinn á hinum útjöskuðu aðframkomnu Finnum þegar þeir gjóta löngunarfullir augum í austurátt til hinna frjálsbornu og feitu nágranna sinna í Rússlandi?

Hafiði séð flótta- og skelfingarsvipinn á niðurbrotnum þingmönnum hinna fornu Breta er þeir tínast í halarófu til að greiða atkvæði eins og glottandi harðleitir kommissarar Evrópusambandsins hafa fyrirlagt?

### Engin paradís á jörð

Ekki það? Hafiði ekki séð neitt af þessu? Það er þá undarlegt, því mjög á þessa lund eru lýsingar andstæðinga Evrópusambandsins á hlutskipti þeirra þjóða sem glapist hafa inn í það skelfilega apparat kúgunar og ófrelsis.

Þó auðvitað ýki ég svolítið.

En nei, auðvitað hafiði ekki séð neitt af þessu. Einfaldlega af því að hræðsluáróðurinn gegn Evrópusambandinu er nákvæmlega það – hræðsluáróður og annað ekki.

Evrópusambandið er ekki paradís á jörð. Það eru hagsmunasamtök sem sýsla með tiltekin atriði í lífinu en láta önnur afskiptalaus.

Og ég skal trúa ykkur fyrir því að mér leiðist Evrópusambandið. Drepleiðist.

### Að fimbulfamba og reglugera

Ég vildi svo gjarnan vera laus við að þurfa einu sinni að leiða hugann að einhverjum möppudýrum suður í Brussel og hvað þau eru að fimbulfamba og reglugera.

Og ég vildi líka óska að íslensk stjórnmálaumræða þyrfti ekki að snúast um steingelt ESB-röfl næstu misseri og jafnvel ár.

Því við þurfum að gera svo margt.

Við þurfum að skapa okkur siðferðilegan grunn til að reisa hið nýja samfélag okkar á. Við þurfum að finna leiðir til að útrýma atvinnuleysinu sem allra allra fyrst. Við þurfum að ganga úr skugga um að sanngirni og velferð einkenni samfélagið í ríkari mæli en var síðustu árin. Við þurfum að standa þétt við bak þeirra sem rannsaka jafnt pólitískar sem peningalegar orsakir hrunsins. Við þurfum að taka höndum saman, við þurfum að hjálpast að.

Og við þurfum að mála orðið réttlæti á ennið á okkur svo við gleymum því ekki aftur.

Við sumt af þessu getur aðild að ESB hjálpað okkur, ef sú aðild hentar okkur þá í heild, en fyrst og fremst verðum við að gera þetta sjálf.

### Frjálsir til að gera skandala

Og það sem mest fer í taugarnar á mér varðandi mögulega aðild að ESB, það er hræðslan. Hræðslan og sannfæringin um að um okkur gildi eitthvað allt annað en alla aðra í Evrópu.

Það er ekkert þrælahald í Portúgal. Verkamenn eru ekki ófrjálsir í Svíþjóð. Hungur ríkir ekki í Finnlandi. Og breskir þingmenn eru nákvæmlega jafn frjálsir að því að gera skandala og þeir hafa alltaf verið.

En hér sitjum við og erum svo undur móttækileg fyrir röddum sem vilja telja okkur trú um að um okkur gegni allt öðru máli en aðrar þjóðir Evrópu. Við verðum fátæk, arðrænd, kúguð, fyrirlitin, hædd og smáð ef við göngum til liðs við samtök sem nálega allar aðrar þjóðir Evrópu keppast um að ganga í.

### Ekki vera svona hrædd

Ég ítreka: Evrópusambandið er ekki paradís á jörð. Það gæti meira að segja komið í ljós við aðildarviðræður að kostnaður af aðild væri meiri en ávinningurinn. Sá kostnaður þarf þá reyndar að vera mikill og hár, því ávinningurinn verður óhjákvæmilega eftirsóknarverður – almennilegur gjaldmiðill og stóraukinn stöðugleiki á alla lund.

En látum svo vera, ef kostnaðurinn verður of hár, þá skal ég fyrstur manna greiða atkvæði á móti aðild. Lofa því hér með!

En það er þvílík fásinna að grípa ekki fyrsta tækifæri til að komast að því hvort aðild að þessum klúbbi geti hentað okkur, að ég get eiginlega ekki skilið það. Það hlýtur að vera eintómri hræðslu um að kenna, hræðslu við umheiminn stóra.

En við þurfum ekki að vera svona hrædd, við höfum ekkert að óttast, það eru engir hlekkir.

*Höfundur er ritstjóri.*

## Flokkur á harðahlaupum

**UMRÆÐAN**
Árni Páll Árnason skrifar um hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um upptöku evru



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Sjálfstæðisflokkurinn tók enn einn snúning á sunnudag og boðaði sjöttu stefnuna í gjaldmiðilsmálum á einu ári. Sú vortíska í Evrópustefnu 2009 sem Sjálfstæðisflokkurinn kynnti á landsfundi var endurunnin aflögð stefna VG frá í fyrra um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú stefna á augljóslega engan hljómgrunn meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins og flokkurinn þorir ekki með hana, þriggja vikna gamla, í kosningar.

Nýja stefnan er byggð á flugufregn úr Financial Times frá 5. apríl þar sem vísað var til þess að ótilgreindir sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) teldu skynsamlegt að rýmka skilyrði fyrir því að ESB-ríki fengju að taka upp evru.

Þessi flugufregn varð rökþrota sjálfstæðismönnum slíkur happafengur að þeir byggðu á henni nýja peningamálastefnu, sem er eins og aðrar Evrópustefnur flokksins síðasta árið fullkomlega óskiljanleg. Nú er það stefna flokksins að biðja AGS að tala við ESB fyrir Íslands hönd og biðja ESB um að leyfa Íslandi að taka upp evru.

Þrennt virðist a.m.k. hafa farið framhjá peningamálahugsuðum Sjálfstæðisflokksins:

**1.** Ísland er sjálfstætt og fullvalda ríki. Þess vegna á Ísland auðvitað að sækja sín mál sjálft gagnvart ESB. Við þurfum ekkert að hlaupa undir pilsfald AGS í þessu efni.

**2.** ESB hefur þegar hafnað hugmyndum um upptöku evru án aðildar að ESB. Hugmyndin í blaðagreininni byggir á að aðildarríkjum að ESB verði auðvelduð upptakan. Mislásu stefnusmiðirnir blaðagreinina?

**3.** Í nýju stefnunni felst algert vantraust á íslensku krónuna, en án þess að nokkur framtíðarstefna sé boðuð. Hvað á að gera þegar ESB er búið að segja nei við málaleitan AGS? Á þá að halda áfram með íslenska krónu sem sjálfstæðismenn hafa sagst vilja losna við?

Það er dapurlegt að sjá þá djúpstæðu vanmetakennd sem einkennir stefnumörkun sjálfstæðismanna í Evrópumálum. Menn treysta ekki eigin getu til samninga. Menn treysta ekki á ráðgjöf þeirra sem gerst til þekkja en hlaupa upp til handa og fóta og skipta um stefnu á grundvelli mislestrar á einni blaðagrein í útlendu blaði. Er þetta flokkur sem atvinnulífið eða kjósendur geta treyst?

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Þjóðargjöf til þín

**Kr. 1.000**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

**Þessi ávísun er 1.000 króna gjöf frá bókaútgefendum og bóksölum.**

Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki.

*Gildir til 4. maí 2009*

9 773535 201747

Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda þessa ávísun á bókakaup. Undanfarin þrjú ár hafa bókaútgefendur og bóksalar efnt til þjóðargjafar til bókakaupa í tilefni af **Viku bókarinnar** og á þessum tíma hefur íslenska bókaþjóðin innleyst ávísanir fyrir sem nemur tuttugu og fimm milljónum króna. Markmiðið hefur frá upphafi verið að styrkja lestur barna og unglinga og benda á að bóklestur er óumdeildur grundvöllur námshæfni, málþroska og skilnings á samhengi. ***Gleðilegan lestur!***

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# Nú verða orð að standa!

**UMRÆÐAN**
Sighvatur Björgvinsson skrifar um Evrópumál


SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Nú er ögurstund á Íslandi. Í 14 ár – eða allt frá kosningunum 1995 – hafa Íslendingar þráttað um kost og löst þess að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Umræðan hefur ávallt fallið í sama farið. Skipst hefur verið á gagnkvæmum fullyrðingum um hver niðurstaðan yrði. Aldrei hefur mátt láta á reyna. Aldrei mátt ganga úr skugga um hvað rétt sé. Bara gapað upp í vindinn.

Ef öll umræða á Íslandi hefði verið á þessa bókina lærð hefði Ísland aldrei gerst aðili að neinu fjölþjóðlegu samstarfi. Aldrei tekið þátt í EFTA. Aldrei notið góðs af EES. Íslenska þjóðin væri enn að þræta. Enn að skiptast á gagnkvæmum fullyrðingum. Enn að gapa upp í vindinn. Aldrei neinn getað tekið af skarið.

Sífellt fleirum verður nú ljóst, að áframhaldandi þráseta og þvergirðingsháttur mun óhjákvæmilega kosta þjóðina annað áfall, sem hún mun ekki rísa undir. Þrætubókarlistin mun reynast Íslendingum dýrkeyptari en svo að þjóðin fái við ráðið. Nú er ekki hægt lengur að drepa málunum á dreif. Við getum ekki gert okkur að athlægi erlendis með heimóttarskap eins og þeim að ætla að fá alþjóðastofnanir til þess að ganga erinda okkar í mörkun peningastefnu, um að taka upp norska krónu, eyri vaðmáls eða kúgildi sem gjaldmiðil. Nógu margir gera nú grín að íslensku þjóðinni svo það bætist ekki ofaná að láta líka hlægja að heimóttarskapnum.

Við verðum að fá að vita kost og löst, ekki með því að halda áfram að skiptast á gagnkvæmum og innihaldslitlum fullyrðingum heldur með því að fá lagt á borðið hvaða niðurstöðum við getum náð. Af hverju má það ekki? Við hvað eru menn hræddir? Eftir fjórtán ár gapandi upp í vindinn?

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar vann í lok níunda áratugarins eftirminnilegan sigur á óðaverðbólgunni með þjóðarsáttarsamningunum. Alþýðuflokkurinn sat í þeirri ríkisstjórn. Sá árangur var þeirrar stærðar, að það þurfti sterk rök fyrir því að halda ekki því samstarfi áfram eftir kosningarnar 1991. Þau sterku rök voru, að án þess að skipta um ríkisstjórn var aðild Íslands að EES í sjálfheldu og væri það enn. Ef Alþýðuflokkurinn hefði ekki látið

*Samfylkingin stendur ekki lengur nánast ein í afstöðu til Evrópu. Hún hefur fengið liðsinni atvinnulífsins og samtaka launafólks við þá stefnu að leita eftir viðræðum við Evrópusambandið.*

því samstarfi lokið hefði Ísland aldrei hafið samningaviðræður um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Landsmenn væru þá enn að rífast um hvort leita ætti slíkra samninga eins og þeir hafa þrætt um það nú í 14 ár hvort ætti að spyrjast fyrir um kjör Íslands hjá Evrópusambandinu.

Þegar Samfylkingin var stofnuð kynnti hún sig sem valkost við Sjálfstæðisflokkinn. Loks væri kominn flokkur, sem gæti náð þeirri stærð að geta axlað stjórnarforystu í samkeppni við Sjálfstæðisflokkinn. Annað hvort Samfylkingin eða Sjálfstæðisflokkurinn – um það stæði valið.

Hvaða rök voru þá fyrir því að ganga til stjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn árið 2007? Sömu rök og réðu valinu eftir kosningarnar 1991 – að einungis þannig gæti Samfylkingin náð sérstöku baráttumáli sínu í höfn? Evrópumálunum. Það héldum við margir. Við héldum að sátt hefði náðst milli forystumanna um að leiða það mál til lykta á kjörtímabilinu. Eða voru það meginrökin að koma bara í veg fyrir að aðrir aðrir flokkar en Samfylkingin veldust til stjórnarsetu? Tíminn virðist nú hafa svarað þeirri spurningu. Hvað annað stendur eftir? Það svar er mér ekki að skapi. Svo er um fleiri af mínum félögum.

Samfylkingin stendur ekki lengur nánast ein í afstöðu til Evrópu. Hún hefur fengið liðsinni atvinnulífsins og samtaka launafólks við þá stefnu að leita eftir viðræðum við Evrópusambandið. Allir þessir aðilar gera sér ljósa grein fyrir því að það er orðið lífsspursmál fyrir þjóðina að láta á það reyna strax hvaða skilmála Íslendingar geta fengið sæki þeir um aðild að Evrópusambandinu og að þjóðin fái svo að taka afstöðu til þeirra skilmála í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef Samfylkingin ekki situr við sinn keip, ef hún selur þetta baráttumál sitt fyrir kosningar fyrir völd eftir kosningar þá er aðild sú, sem ég átti að stofnun hennar, ein mestu mistök sem ég hef gert á mínum stjórnmálaferli. Svo einfalt er það. Svo skýrt.

*Höfundur stóð sem formaður Alþýðuflokksins að stofnun Samfylkingarinnar.*

# Tvær þjóðir í einu landi

**UMRÆÐAN**
Jakobína Ingunn Ólafsdóttir skrifar um kosningar


JAKOBÍNA INGUNN ÓLAFSDÓTTIR

Tvær þjóðir búa í dag á Íslandi. Það er annars vegar litla klíkusamfélagið sem hefur arðrænt þjóðina og hins vegar hinir arðrændu sem horfa fram á neyð ef ekki er gripið til rótækra ráðstafana.

Við vöknuðum upp við vondan draum. Kosningaloforð Sjálfstæðisflokks um traust efnahagslíf og loforð Samfylkingar um jöfnuð snerust í andhverfu sína. Í viðskilnaði þeirra var efnahagslíf í rúst og ójöfnuður á Íslandi sá mesti í hinum vestræna heimi.

Ég hitti ríkan mann í gær og spurði hvað hann ætlaði að kjósa. „Ég þarf að verja mitt“ sagði hann. Þannig hugsar sá fámenni hópur sem lifir í allsnægtum. Þetta er það sem er honum efst í huga núna. Þeir flokkar sem hafa verið við völd síðustu átján ár hafa þegið rausnarlegar gjafir frá þeim sem kallaðir hafa verið ýmsum nöfnum, útrásarvíkingar, kvótagreifar, auðmenn eða kjölfestufjárfestar. Valdhafarnir sem áttu að þjóna almenningi gengu erinda auðvaldsins. Þeir sköpuðu lagaumhverfi sem gerðu fámennum hópi manna kleift að ræna almenning, komu upp skilvirkri vanhæfni í eftirlitsstofnunum og spilltu dómsvaldinu með klíkuráðningum. Framkoma valdhafanna var sýndarleikur og tryggð þeirra við almenning engin. Leynimakk, mútuþægni og blekkingar varð hið viðtekna í stjórnarráðinu.

Það er krafa Frjálslynda flokksins að þjóðin verði leyst undan oki spilltra stjórnmálamanna. Erfiðleikarnir sem framundan eru krefjast nýrrar hugsunar. Tryggja þarf eignarhald þjóðarinnar á auðlindunum, t.d. fiskimiðum, fallvötnum, jarðvarma, vatnsréttindum og að arðsemi vegna nýtingu auðlinda skili sér til þjóðarinnar. Ofríki, forræðishyggja, höft og einokun hafa drepið niður frumkvæði, nýsköpun, frumkvöðlastarf og nýliðun í atvinnugreinum. Bætt lagaumhverfi, afnám hafta, aukin færni í eftirlitsstofnunum og sanngjörn verðlagning, t.d. á orku til bænda og smáiðnaðar byggir undir frjálsa atvinnusköpun í byggðum landsins og eykur atvinnu í þjónustugreinum á höfuðborgarsvæðinu. Kjósum nýtt og óspillt fólk sem vill vinna fyrir almenning á þing. Gerum nýja stjórnarskrá sem tryggir aðhald í stjórnmálum og mannréttindi borgaranna.

Gríðarlegur niðurskurður hjá hinu opinbera blasir við. Það verður að tryggja að þeir sem minna mega sín, þ.e. börn, aldraðir og öryrkjar líði ekki fyrir niðurskurðinn. Nýjar aðstæður krefjast þess að við tökum afstöðu til þess hvers konar samfélagi við viljum búa í og við verðum að vera virkir þátttakendur í mótun nýs samfélags. Viðskilnaður fyrri ríkisstjórnar er þannig að það eru ekki til miklir fjármunir til uppbyggingar. Þess vegna verðum við að hugsa hvernig getum við bætt mannlífið án mikils tilkostnaðar og hvernig getum við byggt upp atvinnulífið án þess að steypa börnum okkar í óviðráðanlegar skuldir.

Hagstjórn á Íslandi þarf að miða að því að gera samfélagið sjálfbært um flesta hluti vegna þess að allur innflutningur eykur erlendar skuldir þjóðarbúsins sem aftur eykur vaxtaáþján og skuldabyrði til frambúðar. Þetta vilja þeir sem lifa í vellystingum ekki skilja og þetta vilja þeir sem hafa hagnast af innflutningi ekki sjá að verði að veruleika vegna þess að hagsmunir þeirra eru ekki með þjóðinni eða börnum okkar. Frjálslyndi flokkurinn er flokkur fólksins.

*Höfundur skipar 2. sæti Frjálslynda flokksins í Reykjavík suður.*


Velt og vaggað
af heilsufarsástæðum

Þér er boðið á fyrirlestur þýska vinnuvistfræðingsins dr. Dieter Breitheckers um hönnun skólahúsgagna með tilliti til heilbrigðrar hreyfiþarfar barna og unglinga.

Dr. Breithecker er mjög þekktur á sínu sviði og hefur rannsakað umhverfi barna í skólum í mörg ár. Hann er meðlimur ECEE (International Ergonomics Association) og vinnur sem ráðgjafi fyrir þýska ríkið og helstu framleiðendur skólahúsgagna í Svíþjóð og Þýskalandi. Dr. Breithecker er eftirsóttur fyrirlesari um allan heim enda setur hann skoðanir sínar fram á einstaklega líflegan og skýran hátt.

Staður: Hilton Reykjavík Nordica
Stund: **Í dag, kl. 12-13.30**




Hallarmúla 4 Reykjavík 540 2000
Hafnarstræti 91-3 Akureyri 540 2180
www.penninn.is



2007-2013
Kynningarfundur á vegum Rannís
föstudaginn 24. apríl
Grand Hótel Reykjavík 9:00-11:00

Heilbrigðisvísindi

Styrkir til rannsókna í 7. Rannsóknaáætlun ESB

Markmið áætlunarinnar er styrkja rannsóknaverkefni er stuðla að bættri heilsu íbúa Evrópu og efla samkeppnishæfni heilbrigðisgeirans og fyrirtækja tengdum honum.

Dagskrá:

**Heilbrigðisvísindaáætlun 7. Rannsóknaáætlunar ESB**
Indriði Benediktsson, *fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB*
**Reynsla af þátttöku í samstarfsverkefnum innan heilsu- og lífvísindaáætlana ESB**
Prófessor Ingileif Jónsdóttir, *Landspítala háskólasjúkrahúsi, Háskóla Íslands og Íslenskri erfðagreiningu.*
**Aðstoð í boði fyrir umsækjendur**
Elísabet M Andrésdóttir, *alþjóðasviði Rannís*

**Fundarstjóri**
Katrín Valgeirsdóttir, *Rannís*

**Vinsamlegast sendið tilkynningu um þátttöku á netfangið rannis@rannis.is**

Boðið verður upp á stutta einstaklingsfundi með Indriða Benediktssyni eftir hádegi.
Áhugasamir geta pantað tíma hjá Rannís í síma 515 5800, eða á rannis@rannis.is.

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Græna prentsmiðjan
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 22. apríl 2009 – 16. tölublað – 5. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir

**Frumtak**
Keypti fyrir 100 milljónir í AGR

7

**Ársfundur Seðlabankans**
Hamfarirnar í fyrra voru erfiðar

4-5

**Reynir Kristinsson**
Hverjir eiga að ráða Evrópuferðinni

6


**Á SKRIFSTOFUNNI** Jón Karl Ólafsson var áður forstjóri Icelandair Group en stýrir nú Primera Air. MARKAÐURINN/GVA

## Gera út frá Danmörku

„Flugfélagið er að vinna að því að tryggja sér flugrekstrarleyfi í Danmörku vegna þess að Ísland stendur utan Evrópusambandsins,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri flugfélagsins Primera Air.

Félagið hefur fram til þessa flogið héðan til Svíþjóðar og þaðan til Tyrklands. Tyrkir eru nú í þann mund að loka fyrir þau félög sem standa utan ESB en fljúga til landsins frá þriðja landi. „Við teljum að stjórnvöld í Egyptalandi og Tyrklandi séu að undirbúa samninga sem þessa við ESB. Við verðum ekki sjálfkrafa hluti af því. Það er vandamál sem við verðum að bregðast við, annars lokumst við inni,“ segir Jón Karl. Hann bætir við að íslensk stjórnvöld hafi staðið sig vel í samningagerð við önnur ríki. En um leið og harðnaði í ári hafi allar samningaumleitanir orðið erfiðari.

Tvær flugvélar Primera hafa verið fluttar út og munu þær fljúga þaðan með farþega til þeirra landa sem hafa samið með þessum hætti við ESB.

Um fjögur hundruð manns vinnur hjá Primera, þar af sjá um sextíu manns um daglegan rekstur hérlendis. Ekki stendur til að breyta því. - jab

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Aukin bjartsýni |** Gengi evru styrktist gagnvart helstu viðskiptamyntum í gær eftir að þýska ZEW-væntingarvísitalan benti til að fjárfestar þar í landi væru bjartsýnni um horfur í efnahagslífi en í fyrri mánuði. Vísitalan hefur ekki verið jákvæð í tvö ár.

**Lágir stýrivextir |** Seðlabankar Indlands og Svíþjóðar lækkuðu stýrivexti um fjórðung úr prósentustigi og hafa þeir aldrei verið lægri. Stýrivextir á Indlandi eru nú 4,75 prósent en í Svíþjóð 0,5 prósent.



**Skoða neyðarsjóðinn |** Sérstakur eftirlitsmaður með neyðarsjóði bandarískra stjórnvalda fyrir þarlend fyrirtæki tilkynnti í gær að hann væri að skoða tuttugu og sex mál sem tengist sjóðnum og geti talist brotleg.

**Verðbólgan niður |** Verðbólga mældist 2,9 prósent í Bretlandi í mars. Þetta er 0,3 prósentustiga lækkun frá fyrri mánuði og skrifast á lækkun á raforkuverði og eldsneyti. Verðbólgan er eftir sem áður nokkuð yfir tveggja prósentustiga verðbólgumörkum Englandsbanka.

# Sex málum hefur verið vísað til FME

**Fjármálaeftirlitið rannsakar sex mál þar sem grunur leikur á brotum á lögum um gjaldeyrisviðskipti. Sektir vegna brota geta numið allt að 20 milljónum króna fyrir einstaklinga.**

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Frá því lög um gjaldeyrishöft tóku gildi í lok nóvember síðastliðins hefur sex málum verið vísað til rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) vegna gruns um brot á þeim.

Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að málin séu enn til skoðunar hjá eftirlitinu.

„Rétt er að taka fram að reglur um íslenska gjaldmiðilinn og gjaldeyrismál heyra undir Seðlabanka Íslands. Í lögum um gjaldeyrismál númer 87/1992, samanber lög númer 134/2008 kemur fram að vakni grunur um brot gegn lögunum skuli Seðlabanki Íslands, eða eftir atvikum viðskiptaráðherra, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það,“ segir í svari FME.

Tekið er fram að ef slíkar rannsóknir eftirlitsins leiði til þess að grunur um brot sé staðfestur geti slíkum málum lokið hjá Fjármálaeftirlitinu með stjórnvaldssektum, með sátt eða með því að Fjármálaeftirlitið vísi málum til lögreglu, eða eftir atvikum til sérstaks saksóknara.

Áréttað er að brot gegn lögunum og reglum settum á grundvelli þeirra sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru FME til lögreglu.

Í lögunum kemur fram að rúmur refsirammi sé vegna brota gegn þeim. Þannig geta sektir sem lagðar eru á einstaklinga numið frá 10 þúsund krónum til 20 milljóna króna. Sektir á lögaðila geta svo numið frá 50 þúsund krónum til 75 milljóna króna.

„Við ákvörðun sekta skal meðal annars tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar,“ segir í lögunum, en sektirnar renna í ríkissjóð.

Greint var frá því í Markaðnum fyrir viku að enn væru brestir í gjaldeyrishöftunum sem hér hefur verið komið á, þrátt fyrir að reglur um gjaldeyrisviðskipti hafi verið hertar í byrjun þessa mánaðar. Heimildir blaðsins herma að útflytjendur hafi í einhverjum tilvikum samið beint við erlenda eigendur krónubréfa um eigendaskipti á bréfunum. Opinber gögn um að eigendaskipti hafi orðið á krónubréfum liggja þó ekki fyrir, en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum eru slík viðskipti óheimil.

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri upplýsti á ársfundi bankans síðastliðinn föstudag að Seðlabankinn hafi nú hert enn frekar eftirlit sitt með því að farið sé að settum reglum um gjaldeyrisviðskipti. Unnið sé að því að koma á fót í bankanum nýrri eftirlitseiningu og verið sé að breyta reglum á þann veg að bönkum verði skylt að tilkynna um meint óleyfileg viðskipti.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafði einnig orð á mikilvægi gjaldeyrishaftanna í ræðu sinni á ársfundi bankans og kvað lykilatriði að ná stöðugleika á gjaldeyrismarkaði. „Það er því ófyrirgefanlegt þegar fyrirtæki og einstaklingar fara á svig við þær reglur og þau gjaldeyrishöft sem við höfum neyðst til þess að setja,“ sagði hún.




Eitt uppgjör – betri yfirsýn
Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað.
**Hafðu samband við okkur í síma 560 1600**
eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð í færsluhirðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

## GENGISÞRÓUN

| Vika | Frá áramótum | |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | -21,4% |
| Bakkavör | -5,1% | -55,0% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | -3,6% | -0,8% |
| Icelandair | 0,0% | -62,4% |
| Marel | 2,2% | -34,2% |
| Össur | -2,7% | -9,0% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 221*

*Úrvalsvísitalan OMXI6 649*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Smáralind vantar 5,3 milljarða

„Reksturinn er traustur og við höfum gert mikið til að styðja við bakið á verslunum hér," segir Helgi M. Magnússon, framkvæmdastjóri eignarhaldsfélags Smáralindar.

Í uppgjöri félagsins er tekið fram að það uppfylli ekki kröfur lánasamninga um rekstrarhlutföll sem veiti lánardrottnum heimild til gjaldfellingar lána. Helgi segir breytingu hlutfallanna mjög litla og skrifast nær alfarið á fall krónunnar. Viðræður um endurfjármögnun vegna rúmlega 5,3 milljarða króna skuldabréfa á gjalddaga í september gangi vel



**Í SMÁRALIND** Rekstur Smáralindar er traustur, segir framkvæmdastjóri eignarhaldsfélags verslunarmiðstöðvarinnar.

þótt þeim sé ekki lokið. Endurfjármögnunin er óháð stöðu félagsins, enda ákveðin fyrir fimm árum þegar lánasamningurinn var gerður, að sögn Helga.

Félagið tapaði 4,3 milljörðum króna 2008 samanborið við 155,5 milljóna hagnað 2007.

Eigið fé nam 2.145 milljónum króna í lok síðasta árs samanborið við 6.450 milljónir króna ári fyrr þrátt fyrir að tekjur hafi aukist um rúmt prósent milli ára. Eiginfjárhlutfallið stóð í um 32 prósentum í árslok.

Mest munar um verðmatsbreytingu sem skilaði neikvæðri afkomu upp á tvo milljarða króna samanborið við 119 milljónir ári fyrr og gengishrun krónunnar sem jók verulega skuldastöðu félagsins í erlendri mynt. - jab

# Teymi leitar nauðasamninga

Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á beiðni Teymis um heimild til nauðasamninga. Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður, var skipaður umsjónarmaður með nauðasamningunum.

Á hluthafafundi Teymis í fyrradag var samþykkt að færa hlutafá alveg niður úr rétt rúmum þremur milljörðum króna. Jafnframt var samþykkt að hækka það aftur um fjórar milljónir að nafnverði. Einkahlutafélögin Endi ehf. og Botn ehf. sem bæði eru í eigu lögfræðiþjónustunnar Fulltingis skrifuðu sig fyrir hlutafénu. - jab

# Enginn vill krónurnar

Algjör ládeyða er á millibankamarkaði og hafa engin viðskipti verið með krónur síðan á fimmtudag í síðustu viku. Seðlabankinn hefur þó látið sjá sig á gjaldeyrismarkaði annað veifið. Gengisvísitala krónunnar hefur sveiflast nálægt 221 stigi í vikunni.

Dollar kostaði 129,6 krónur um hádegisbil í gær og evra 167,4 krónur. Dollarinn, sem hefur ekki verið dýrari í krónum síðan í byrjun desember, hefur styrkst um 7,6 prósent gagnvart evru frá áramótum. Vísbendingar eru um að sú þróun geti haldið áfram, samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyrisborði Íslandsbanka.

Krónan hefur ekki verið veikari síðan í janúar. - jab

# Ríkisstjórnir verði djarfari í aðgerðum

## AGS segir ríkisstjórnir ekki mega hika við að taka yfir fjármálafyrirtæki. Ísland sagt dæmi um varasaman vítahring.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Tap fjármálafyrirtækja vegna alþjóðlegu lausafjárkreppunnar gæti numið 4,1 þúsundi milljarða Bandaríkjadala, eða 516 þúsund milljörðum króna. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um fjármálastöðugleika. Horft er til afskrifta og útlánataps á árunum 2007 til 2010.

Í skýrslu AGS kemur fram að fjármálakerfi heimsins verði áfram undir miklu álagi um leið og fjármálakreppan dýpki og nái til heimila, fyrirtækja og fjármálakerfa bæði í þróuðum löndum og nýmarkaðsríkjum. „Samdráttur í heimshagkerfinu reynir á efnahagsreikninga banka um leið og eignir halda áfram að rýrna í verði. Þetta ógnar eiginfjárstöðu bankanna og hefur enn frekari fælingarmátt á ný útlán," segir í skýrslunni.

Bent er á merki um að umfangsmiklar aðgerðir til stuðnings einkafyrirtækjum og opinberir aðgerðapakkar séu að skila sér í auknu jafnvægi. „Til þess að viðhalda jákvæðri þróun þarf samt að koma til markviss og skilvirk stefnumörkun ríkisstjórna og samhæfing alþjóðlegra aðgerða." Með þeim hætti megi byggja á ný upp traust á fjármálafyrirtækjum heimsins og koma á jafnvægi á mörkuðum. „Helsta áskorunin er að rjúfa vítahring minnkandi umsvifa fjármálakerfisins og efnahagssamdráttarins."

Til þess að koma fjármálakerfinu á ról á ný eru ríki ekki sögð mega hika við að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækja með fjárframlagi, jafnvel þótt það þýði yfirtöku ríkisins að hluta eða öllu leyti. Tímabundin aðkoma ríkisins megi þó ekki vera með öðrum formerkjum en að koma til aðstoðar og koma eigi fjármálafyrirtækjunum aftur í einkaeigu jafnskjótt og auðið verði.

Meðal þátta sem fjallað er um í skýrslunni er samspil skuldatryggingarálags (e. CDS spread) fjármálafyrirtækja og þjóðríkja. Eðli skuldatryggingarálagsins hafi breyst í fyrrahaust þegar ríki tóku í auknum mæli að ábyrgjast stærstu fjármálafyrirtæki landa sinna. „Á Írlandi lækkaði skuldatryggingarálag banka og nálgaðist álag ríkisins eftir að tilkynnt var um að ríkið gengist í ábyrgðir fyrir bankana. Svipað ferli átti sér stað í Bretlandi." Um leið er bent á að ferlið gæti átt sér stað með öfugum formerkjum sem myndi leiða til vítahrings þar sem hærra skuldatryggingarálag á fjármálafyrirtæki kallaði á hækkun á álag ríkisins og öfugt. „Í sumum aðstæðum (svo sem á Íslandi) getur þessi vítahringur stigmagnast að því marki að getuleysi ríkisins til að bjóða fullnægjandi tryggingar fyrir bankarekstur landsins leiðir til samhliða áfalla bæði fjármálakerfisins og gjaldmiðilsins."




**GORDON BROWN OG DOMINIQUE STRAUSS-KAHN** Forsætisráðherra Breta og framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræðast hér við um leið og þeir ganga inn í ráðstefnusal Excel miðstöðvarinnar í Lundúnum þar sem G20-fundurinn fór fram í byrjun mánaðarins. MARKAÐURINN/AP

# Símtöl dýrari eftir breytingar

## Greitt er fyrir 30 ónotaðar sekúndur. Kostnaðaraukningin er 10 prósent.

Miðað við almennar verðskrár símafyrirtækja má gera ráð fyrir að dulin verðhækkun felist í breyttri gjaldtöku eftir lengd símtala. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vekur athygli á þessu á vef sínum.

„Þegar símtal hefst er fyrst tekið upphafsgjald. Þá um leið er einnig gjaldfært fyrir lágmarkslengd. Þegar lágmarkslengd er liðin er gjaldfært fyrir hvert byrjað tímabil. Tímabil lágmarkslengdar og tímabils er táknað í gjaldskrá með tveimur tölum með deilistriki á milli. Til dæmis þýðir tímamælingin 60/10 að lágmarkslengdin miðast við 60 sekúndur og síðan er gjaldfært fyrir hverjar byrjaðar 10 sekúndur eftir það. Notandi sem talar í 62 sekúndur greiðir þannig upphafsgjald, lágmarkslengd 60 sekúndur og 10 sekúndur þar til viðbótar, þó hann hafi einungis notað 2 sekúndur af þessum 10," segir á vef PFS.



**SÍMTÆKI** Póst- og fjarskiptastofnun vekur á vef sínum athygli á rétti neytenda til að fá endurgjaldslaust sundurliðun símatala. Á grundvelli slíkra gagna geti þeir svo valið þá áskriftarleið sem hagkvæmust er fyrir þá.

Bent er á að í mars hafi Síminn breytt tímamælingum sínum úr 60/10 í 60/60 og Vodafone fari sömu leið í maí. „Samkvæmt þessu nýja fyrirkomulagi við tímamælingu símtala er aldrei rukkað fyrir minna en 60 sekúndur og eftir það fyrir hverjar byrjaðar 60 sekúndur, þar sem áður voru hverjar byrjaðar 10 sekúndur. Það hefur í för með sér að símtöl sem eru lengri en 60 sekúndur munu nú hækka í verði, að öðru óbreyttu," segir PFS og bendir á að eftir breytinguna megi gera ráð fyrir að í hverju símtali sé að meðaltali greitt fyrir 30 ónotaðar sekúndur í stað fimm sekúndna áður. „Meðalsímreikningur gæti hækkað yfir 10 prósent í verði miðað við almenna verðskrá."

Önnur fyrirtæki en Síminn og Vodafone hafa ekki tilkynnt PFS um breytingar á tímamælingum. Tal hefur notað fyrirkomulagið 60/60 og Nova 30/30. - óká





NÝTT FRÁ LINDBERG
LINDBERG 808/74 BASE 8 – KÚPT GLER

SJÓNMÆLINGAR
Tímapantanir:
Smáralind 528 8500
Keflavík 421 3811

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



# Gömul verð á nýjum tímum

## **Nýr** Renault Mascott Langur 3,5T Grindarbíll

**DCI 150 -2,5 disel, 146 hö.**
ABS bremsukerfi, Dráttarkúla, Fjarstýrðar samlæsingar, Rafdrifnar rúður, Bætt fjöðrun að aftan. Tvöföld dekk að aftan. Burðargeta 1.366 Kg. Þá þarf ekki meirapróf. Hægt að auka burðargetu upp í 4,2 tonn. Hjólhaf 4,630 m.

*Listaverð ekki fáanlegt*

**Okkar verð: 6.950.000,- með vsk. 5.582.240,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**



## **Nýr** Renault Master L2H2 millilangur með háþekju:

2,5L disel, Tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, ABS bremsukerfi, plata í botni, skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum.

*Listaverð með þessum búnaði 5.600.000,- með vsk.*

**Okkar verð: 4.227.000,- með vsk. 3.395.000,- án vsk.**
**Þú sparar 1.373.000,-**
**TIL Á LAGER**



## **Nýr** Renault Trafic L1H1 stuttur:

**DCI 90 - 2,0L diesel, 90 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, Útvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.

*Listaverð ekki fáanlegt*

**Okkar verð: 3.224.550,- með vsk. 2.590.000,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**

**DCI 115 - 2,0L diesel, 117 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, útvarp / CD með aðgerðarhnöppum í stýri, gluggar með rúðuþurkum að aftan, skilrúm með glugga, plataí botni.

*Listaverð með þessum búnaði 3.900.000,- með vsk.*

**Okkar verð: 3.349.050,- með vsk. 2.690.000,- án vsk.**
**Þú sparar 550.950,-**
**TIL Á LAGER**

**DCI 150 - 2,5L diesel, 146 hö.**
tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, ABS bremsukerfi, útvarp með aðgerðarhnöppum í stýri, loftkæling.

*Listaverð ekki fáanlegt*

**Okkar verð: 3.598.050,- með vsk. 2.890.000,- án vsk.**
**TIL Á LAGER**

**Trafic Við eigum þrjár vélastærðir í Trafic bílana.**



Miðað við verðlista 8.4.2009.

**www.sparibill.is**

SPARIbill

**FISKISLÓÐ 16 - GRANDA.**
**SÍMI: 557 3344**

# *Hamfarir síðasta árs* v

# Seðlabankan

**Fjármálaóróleiki og hamfarir íslensks efnahagslífs endurspeglast glögglega í reikningum Seðlabanka Íslands. Óli Kristján Ármannsson sat ársfund bankans fyrir helgi. Miklar sveiflur eru í afkomutölum bankans og fátíðar færslur, svo sem um myndarlegt innlegg ríkisins vegna tapaðra veðlána. Ársfundur bankans var með hefðbundnu sniði þótt heldur færri hafi sótt fundinn en gert hafa síðustu ár.**

Hamfarir alþjóðlegu fjármálakreppunnar, gjaldeyriskreppa Íslands og fall fjármálakerfisins endurspeglast í reikningum Seðlabankans fyrir síðasta ár sem lagðir voru fram á ársfundi bankans fyrir helgi. Lára V. Júlíusdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, hóf enda erindi sitt á ársfundinum á því að benda á að síðasta ár hefði verið Seðlabanka Íslands þungt í skauti eins og öðrum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Góðmennt var að venju á ársfundi Seðlabankans og saman komin á honum mörg helstu fyrirmenni íslensks viðskipta- og stjórnmálalífs. Þeir sem mætt hafa síðustu ár gátu þó merkt að heldur var rýmra um mannskapinn en oft áður, og fleiri sæti laus þegar formaður bankaráðsins, seðlabankastjórinn og forsætisráðherra fluttu ræður sínar.

Eigið fé Seðlabankans rýrnaði um einn tíunda, fór úr 91 milljarði króna í árslok 2007 í 82 milljarða í lok síðasta árs. Samkvæmt rekstrarreikningi tapaði Seðlabankinn 8,6 milljörðum króna, samanborið við 1,2 milljarða árið áður. „Aukið tap verður þrátt fyrir að hreinar vaxtatekjur bankans hafi aukist, en þær námu um tuttugu milljörðum króna á árinu 2008 samanborið við sex milljarða árið á undan. Skýringin liggur fyrst og fremst í því að stöðustærðir sem vextir reiknast af hafa hækkað talsvert að meðaltali milli ára. Þannig námu heildareignir í árslok 2007 tæplega 500 milljörðum króna en voru ári síðar orðnar um 1.200 milljarðar,“ bendir Lára á.

Sömuleiðis hafði gengisþróun krónunnar mikil áhrif. Árið 2007 styrktist krónan og bankinn varð fyrir gengistapi upp á tæpa sex milljarða króna. Gengislækkun krónunnar í fyrra gat

**TÖLUR ÚR ÁRSUPPGJÖRI SEÐLABANKA ÍSLANDS**

| | 2007 | 2008 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Eigið fé | 91 | 82 | 9 |
| Erlendar skuldir | 2 | 242 | 240 |
| Erlendar eignir í gjaldeyrisforða | 164 | 429 | 265 |
| Gengismunur | -5,9 | 44 | 49,9 |
| Hreinar vaxtatekjur | 6 | 19,7 | 13,7 |
| Rekstrargjöld | 1,6 | 3 | 1,5 |
| Tap ársins | 1,2 | 8,6 | 7,4 |

*Tölur eru í milljörðum króna*

hins vegar af sér gengishagnað upp á um 44 milljarða króna. „Enda voru gengisbundnar eignir bankans nokkru hærri en gengisbundnar skuldir eins og jafnan er. Breytingin á milli ára nam því um fimmtíu milljörðum króna,“ segir Lára og bendir á að mest af þessum gengishagnaði hafði komið fram við hrun viðskiptabankanna í byrjun október.

Þá liggur fyrir að staða Seðlabankans hefði ekki verið féleg án aðstoðar ríkisins því bankinn varð sjálfur fyrir miklu tapi við fall bankakerfisins. „Í sumum tilfellum var lánað gagnvart veðum sem reyndust ótrygg þegar íslensk fjármálafyrirtæki féllu í valinn hvert á fætur öðru. Nauðsynlegt reyndist að afskrifa útlán og nam gjaldfærslan 75 milljörðum króna, en slíkur gjaldaliður hefur verið fátíður í bókum bankans,“ bendir formaður bankaráðsins á. „Samkomulag varð um að ríkissjóður keypti tiltekin veðlán og daglán gagnvart smærri fjármálastofnunum þar sem undirliggjandi veð voru í skuldabréfum útgefnum af viðskiptabönkunum þremur. Að auki keypti ríkissjóður nokkur veðlán með traustum veðum. Samtals nam bókfært verð þessara eigna, sem ríkissjóður keypti, 345 milljörðum króna en kaupverðið var 270 milljarðar og var greitt með verðtryggðu skuldabréfi. Mismunurinn, 75 milljarðar króna, var gjaldfærður í bókum bankans,“ segir hún og bendir á að ríkið verði sennilega að afskrifa



**AÐ FUNDAHÖLDUM LOKNUM** Hér ræða málin Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur sem nú starfar á skrifs
Rozwadowski, sendifulltrúi AGS með aðsetur hér, Svein Harald Øygard seðlabankastjóri og Finnur Sveinb



**Í ÁRSFUNDARSAMSÆTI SEÐLABANKANS** Sjóna
á föstudaginn, en einhverjir kunna að hafa helst úr l
Hér taka stöðuna Ragnar Arnalds bankaráðsmaður, 
Íbúðalánasjóðs, og Ágúst Einarsson, sem einnig situr
Örn Kristinsson, einn umsækjenda um stöðu seðlab



### Í ESB til að auka sjálfstæðið

Línan: „við látum ekki embættismenn í Brussel stjórna okkur“, er mjög óheppilega valin. Aðild Íslands að Evrópusambandinu snýst nefnilega um það að við Íslendingar getum haft áhrif á okkar eigin löggjöf. Eins og staðan er nú telur Evrópusambandið að Ísland taki upp 75% af löggjöf þeirri sem embættismenn í Brussel semja. Við höfum nánast ekkert um okkar eigin mál að segja. Ef Bjarna er alvara með því að hann vilji ekki láta „embættismenn í Brussel stjórna okkur,“ ætti hann að lýsa yfir fylgi við aðild að Evrópusambandinu.

**Árni Snævarr**

arni.eyjan.is

### Íslenska sérstaðan

Þeir vilja að Ísland verði eina ríkið í sögu ESB til að sækja um aðild án þess að hafa þingvilja fyrir aðild. Þegar þessu ákafafólki er bent á þá mögulegu málamiðlun að hægt væri að komast fram hjá þessu með því að ríkisstjórn verði sér úti um beint umboð með þjóðaratkvæðagreiðslu - þá þykir það asnalegt og ómögulegt. Fólkið er víst svo vitlaust að það myndi ekki skilja slíkar kosningar. Þess í stað þykir betra að fara sér-íslenska leið og gera hlutina öðruvísi en allar aðrar Evrópuþjóðir.

**Stefán Pálsson**

kaninka.net/stefan

### Lækkum leiguna

Ég talaði í fyrradag við konu sem á verslunarhúsnæði við Laugaveg. Nokkur pláss eru í leigu, nokkur ekki. En leigan er svo lág að hún stendur ekki undir fasteignagjöldum. Þetta er kaldur veruleiki sem allir verða að skilja. Þetta eru reyndar líka aðstæður sem allir leigutakar ættu að geta nýtt sér, þeir ættu að prófa að biðja sína leigusala um lækkun og segja upp óhagstæðum vísitölubundnum leigusamningum.

**Salvör Gissurardóttir**

salvor.blog.is

### Íslenska sérstaðan

Eitthvað er skrítið og ósíðlegt við, að einn flokkur með rúmt fjórðungsfylgi ætli að þvinga fram Evrópuaðild. Auðvitað tekst slíkt ekki, en frekja og yfirgangur Evrópusinna Samfylkingarinnar sker í augu. Hvergi hefur gerzt, að einn minnihlutaflokkur setji í gang aðildarferli. Hvergi hefur gerzt, að einn minnihlutaflokkur setji það í gang gegn vilja meirihluta þjóðar. Fyrst verður Samfylkingin að selja okkur hugmyndina. Hún hefur ekki einu sinni selt hugmyndina um viðræður, hvað þá um aðild. Slíkur flokkur er ekki í nokkru standi til að gera kröfu um Evrópuaðild að forsendu stjórnarmyndunar.

**Jónas Kristjánsson**

jonas.is

Efnahagsmál

# Heimskreppan og þróunarlönd



JOSEPH E. STIGLITZ
prófessor við Columbia-háskóla og nóbelsverðlaunahafi í hagfræði



**HÖFUÐSTÖÐVAR GENERAL MOTORS** Greinarhöfundur varar við verndarstefnu og niðurgreiðslum á borð við þær sem bandarísk stjórnvöld hafa gripið til, til dæmis gagnvart bílaframleiðendum. NORDICPHOTOS/AFP

Árið í ár verður líklega það versta í sögu alþjóðahagkerfisins frá því í síðari heimsstyrjöld en Alþjóðabankinn býst við tveggja prósenta samdrætti. Jafnvel þróunarlönd sem gerðu allt rétt – og mörkuðu sér mun skynsamlegri efnahags- og eftirlitsstefnu en Bandaríkin – fara ekki varhluta af ástandinu. Í Kína verður líklega áfram hagvöxtur, en í ljósi snarminnkandi útflutnings verður hann talsvert undir þeim ellefu til tólf prósentum sem hann hefur verið undanfarið. Að óbreyttu mun kreppan steypa allt að 200 milljónum til viðbótar í örbirgð.

**Heimurinn leggist á eitt**

Alþjóðakreppan krefst alþjóðaviðspyrnu, en því miður eru viðbrögðin bundin við þjóðríki. Hvert ríki reynir að ráðast í björgunaraðgerðir sem eiga fyrst og fremst að hafa áhrif á landsvísu en ekki heimsvísu. Ríki taka mið af eigin hagkerfi þegar þau meta umfang björgunaraðgerðanna og huga að hagvexti og atvinnu heima fyrir. Þar sem björgunaraðgerðir í einu ríki koma oft öðrum ríkjum til góða (sérstaklega smáum og opnum hagkerfum) er líklegt að umfang og skipulag aðgerðanna verði minna og lélegra en annars, sem er einmitt ástæðan fyrir því hvers vegna er þörf á samræmdum aðgerðum á heimsvísu.

Þetta, ásamt öðru, er boðskapur Sérfræðinganefndar Sameinuðu Þjóðanna um heimskreppuna – sem ég veiti formennsku – sem kynnti SÞ bráðabirgðaniðurstöður sínar á dögunum.

**Þörf á fleiri lánastofnunum en AGS**

Í skýrslu nefndarinnar er tekið undir með mörgum ályktunum á fundi tuttugu stærstu iðnríkjanna, en lagt til að lengra verði gengið í málefnum þróunarlanda. Það er til dæmis almenn sátt um að flest ríki verði að grípa til björgunaraðgerða (skyndilega eru allir orðnir Keynes-sinnar) en mörg þróunarlönd hafa ekki tök á að ráðast í slíkar aðgerðir og alþjóðlegar lánastofnanir geta ekki hlaupið undir bagga með þeim.

En til þess að lenda ekki í annarri skuldakreppu þarf að útdeila vissu magni peninga, jafnvel mjög miklu, í formi styrkja. Í fortíðinni hefur slík aðstoð verið háð ítarlegum „skilmálum“, sem ganga oft út á niðurskurð og samdrátt – þvert á það sem við þörfnumst núna – og þvinga fram afnám á regluverki og eftirliti, sem er einmitt rót þeirra vandræða sem við erum í núna. Víða í heiminum er það álitið smánarlegt að þurfa að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, af augljósum ástæðum. Óánægjan er ekki aðeins bundin við lánþegana heldur einnig mögulega lánardrottna. Í dag er lausafé helst að finna í Asíu og Mið-Austurlöndum. En hví ættu ríki í þeim heimshluta að láta fé af hendi rakna til stofnana þar sem þau hafa lítið um málin að segja og hafa oftsinnis keyrt fram stefnu sem gengur þvert á gildi ríkja í Asíu og Mið-Austurlöndum?

Margar þær umbætur sem AGS og Alþjóðabankinn hafa lagt til – og munu hafa mikil áhrif á hvernig yfirmenn þessara stofnana eru valdir – virðast loksins í sjónmáli. En þær taka tíma og kreppan bíður ekki. Það skiptir þess vegna sköpum að aðstoðin komi víðar að en frá AGS, til dæmis innanlandsstofnunum. Hægt er koma nýjum lánastofnunum á fót, á forsendum sem eiga betur við á 21. öldinni. Væri það gert fljótt og vel (sem ég tel mögulegt) gætu slíkar stofnanir orðið mikilvægar í dreifingu styrkja og fjármagns.

> Illu heilli leiddi rannsókn Alþjóðabankans í ljós að sautján af þessum tuttugu ríkjum hafa gripið til einhvers konar verndarstefnu, til dæmis Bandaríkin, en í björgunaraðgerðum þeirra eru ákvæði um að leggja áherslu á að kaupa bandaríska framleiðslu.

**Verndarstefnan blífur**

Á fundi tuttugu stærstu iðnríkja heims í nóvember 2008 fordæmdu leiðtogar ríkjanna verndarstefnu og skuldbundu sig til að grípa ekki til slíkra ráðstafana. Illu heilli leiddi rannsókn Alþjóðabankans í ljós að sautján af þessum tuttugu ríkjum hafa gripið til einhvers konar verndarstefnu, til dæmis Bandaríkin, en í björgunaraðgerðum þeirra eru ákvæði um að leggja áherslu á að kaupa bandaríska framleiðslu.

Það er hins vegar alkunna að niðurgreiðslur og ívilnanir geta verið allt eins skaðlegar og tollar – og jafnvel enn ósanngjarnari, því ríkari ríki hafa frekar efni á þeim en þau fátæku. Hafi einhvern tímann verið til jafningjagrundvöllur á hinu alþjóðlega markaðstorgi er honum ekki lengur fyrir að fara; hinar gríðarlegu niðurgreiðslur sem Bandaríkin hafa gripið til hafa raskað öllu og ekki víst að því verði snúið við.

Jafnvel fyrirtæki í háþróuðum iðnríkjum, sem hafa ekki fengið niðurgreiðslur, eru engu að síður með ósanngjarnt forskot; þau geta tekið meiri áhættu en önnur fyrirtæki, vitandi að ef allt fer á versta veg verður þeim reddað. Þær pólitísku hvatir sem liggja að baki niðurgreiðslum og ríkistryggingum eru vissulega skiljanlegar, en ríkari löndin verða að átta sig á afleiðingum gjörða sinna á heimsvísu og reyna að bæta þróunarlöndum skaðann á einhvern hátt.

**Nýtt gjaldeyrisforðakerfi**

Ein af mikilvægustu tillögum sérfræðinganefndarinnar er stofnun alþjóðlegs efnahagsráðs, sem sæi ekki aðeins um að marka alþjóðlega efnahagsstefnu heldur líka að meta yfirvofandi vandamál og koma auga á gloppur í kerfinu. Eftir því sem kreppan dýpkar standa mörg lönd til dæmis frammi fyrir gjaldþroti. Það eru hins vegar ekki til nein úrræði til að bregðast við slíkum vandamálum.

Gjaldeyrisforðakerfi heimsins, sem byggist á dollaranum, er á fallandi fæti. Kína hefur lýst yfir áhyggjum og seðlabankastjóri þar í landi tekið undir með sérfræðinganefndinni um að það sé þörf á gjaldeyrisforðakerfi í annarri mynt. Nefndin heldur því fram að þetta mál – sem Keynes vakti fyrstur máls á fyrir meira en 75 árum – skipti sköpum fyrir kröftuga og stöðuga endurreisn efnahagslífsins.

Slíkum umbótum verður ekki hrint í framkvæmd á einni nóttu. En þær munu aldrei eiga sér stað nema við hefjumst handa núna.

*©Project Syndicate.*

*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Verðtrygging

# Andskotarnir og verðtryggingin



INGÓLFUR H. INGÓLFSSON
félagsfræðingur

Tveir hagfræðingar, Gunnar Tómasson og Guðmundur Ólafsson, hafa skipst á skemmtilegum andskotum um verðtrygginguna og leyfi ég mér að bæta þar einum við.

Þegar verðtryggingin var samþykkt á Alþingi, fyrir þrjátíu árum, stóð valið milli þess að stjórnmálamenn hættu afskiptum sínum af vöxtum og gæfu þá frjálsa eða tækju upp verðtryggingu. Stjórnmálamennirnir voru greinilega ekki tilbúnir til þess að gefa eftir af áhrifum sínum og því varð niðurstaðan það snjallræði að innleiða verðtryggingu fjármagns. Þar með hófust líklega þau mestu og afdrifaríkustu ríkisafskipti af peningamálum sem þekkst hafa utan hins kommúníska hagkerfis tuttugustu aldar.

Frá árinu 1980 hafa tveir gjaldmiðlar verið í notkun á Íslandi – verðtryggð og óverðtryggð króna. Þeir sem nota verðtryggðu krónuna eru þeir sem hafa átt og lánað peninga. Þeir sem hafa tekið verðtryggðu krónurnar að láni hafa hins vegar þurft að greiða með óverðtryggðri krónu. Á þrjátíu ára tímabili verðtryggðrar krónu hefur sú óverðtryggða tapað 3.250% af kaupmætti sínum! Þetta misræmi milli verðtryggðrar og óverðtryggðrar krónu hefur líklega leitt til mestu og grímulausustu eignatilfærslu Íslandssögunnar.

Það þekkist trúlega hvergi í heiminum að ríkisvaldið hafi með jafn umfangsmiklum hætti bein afskipti af kaupmætti lánsfjármagns og hér á landi. Hvernig í ósköpunum er líka hægt að réttlæta það með skynsemisrökum að eingöngu peningar sem eru lánaðir skuli verðtryggðir en ekki þeir sem notaðir eru til þess að greiða lánið? Það er einfaldlega ekki hægt og því verður að leita skýringa í pólitískum hagsmunum. Ríkið, sem er stærsti útgefandi verðtryggðra pappíra, ákveður með stuðningi Alþingis að tryggja í bak og fyrir þá sem vilja lána því peninga, þeir sem borga eru verið. Það er alltaf hægt að fá lánaða peninga í frjálsum hagkerfum. (Ástæðan fyrir því að ekkert fæst lánað á Íslandi í dag hefur ekkert með verðtryggingu að gera, eins og flestir væntanlega vita). Þá segja fræðin að raunvextir, en það eru vextir umfram verðbólgu, séu alltaf hærri á óverðtryggðum lánum en verðtryggðum. Þessi kenning stenst ekki þrjátíu ára reynslu okkar Íslendinga. Fyrstu tíu ár verðtryggingarinnar (þeim sem Guðmundur Ólafsson sleppir í sínum pistli) voru verðtryggðir raunvextir 5,6 prósentustigum hærri en óverðtryggðir! Skemmtilegust er þó hrossakenning Guðmundar en hún er á þá leið að láni Guðmundur mér tíu hross, vilji hann fá þau aftur til baka. Ég get fullvissað Guðmund um að hann fengi þau öll aftur, þó að ég sé honum ósammála um verðtrygginguna. Hins vegar gæti ég ekki lofað honum að hann myndi geta gert það sama við peningaseðil sem hann lánaði mér, þrátt fyrir að pappírinn væri prentaður af Seðlabanka Íslands.

> Stjórnmálamennirnir voru greinilega ekki tilbúnir til þess að gefa eftir af áhrifum sínum og því varð niðurstaðan það snjallræði að innleiða verðtryggingu fjármagns.

nefnilega alltaf þeir sömu – skattgreiðendur!

Aðferðin við að mæla verðbætur lánsfjármagns er svo kapítuli út af fyrir sig. Reiknilíkönum er beitt til þess að reikna út hinar aðskiljanlegustu vísitölur til verðbóta, allt eftir því hvað er vinsælast eða hentugast á hverjum tíma. Fjörlegt ímyndunarafl ræður svo samsetningunni og heitinu á þessum verðbótaútreikningum, svo sem vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala eða vísitala greiðslujöfnunar, sem er sú nýjasta.

Einhverjir hafa haldið því fram að enginn muni lána okkur peninga nema að þeir séu verðtryggðir. Þetta er eins rangt og það getur

*Höfundur hefur áður fjallað um verðtryggingu og gefur út frítt fréttabréf um fjármál heimilanna á www.spara.is.*

Nýsköpun

# Ný tækifæri í nýsköpun



SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
verkfræðingur og forstjóri Stika

Málefnaleg fátækt hefur ríkt í umræðu um nýsköpun hér á landi í aðdraganda þessara kosninga. Þó eru tækifærin fjölmörg. Nægir þar að nefna ný tækifæri á sviði heilbrigðisþjónustu. Í byrjun apríl var kynnt skýrsla rituð af dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni sem ber yfirskriftina „Heilsa og hagsæld með nýsköpun". Hana má finna á vef Rannís, www.rannis.is.

Þar kemur fram að helstu framfarir samtímans felast í því að þekking úr meginstraumum vísinda- og tækniþróunar sameinast og til verða nýir möguleikar sem ekkert þekkingarsvið gat skapað eitt og sér. Þetta á sérstaklega vel við um nýjungar á sviði heilbrigðisþjónustu þar sem samruni þekkingar á sviði líf- og læknavísinda, upplýsingatækni, efnistækni og ýmissa greina verkfræði skapar um þessar mundir frjósama uppsprettu nýjunga og nýsköpunar.

Þekkingarlegar aðstæður hér á landi virðast hagstæðar til að slíkt samspil þekkingarsviða geti skilað áhugaverðum nýjungum. Með samtengingu upplýsingatækni og nýrrar þekkingar í erfðalæknisfræði og kerfislíffræði er lagður grunnur að betri árangri í hefðbundnum lækningum með tilkomu heildstæðra þekkingarbrunna á hinum ýmsu sérgreinasviðum heilbrigðisvísinda sem byggjast á hraðvirkri vinnslu mikils magns upplýsinga.

Allmörg íslensk fyrirtæki starfa á sviði mannerfða- og læknisfræði, upplýsingatækni, líftækni, efnistækni, lyfjafræði og stoðtækjagerðar og í nánum tengslum við sérfræðinga í heilbrigðisvísindum. Hér eru mikil tækifæri til nýsköpunar í þágu heilbrigðisþjónustu með alþjóðlega markaðsmöguleika.

Tillögur hafa komið fram um að:

• Stjórnvöld marki stefnu um að efla nýsköpun á grundvelli samvinnu milli opinberra aðila innan heilbrigðisgeirans og fyrirtækja sem tengjast þekkingarlega þessum fyrirferðarmikla þjónustugeira.

• Sett verði sérstök lög um rafrænar sjúkraskrár er heimili aðgang og greiða samtengingu sjúkraskráa einstaklinga til að auka öryggi sjúklinga þegar þeir leita til heilbrigðisstofnana.

• Hlutverk Landspítala verði endurskoðað þannig að það styðji betur við rannsóknir og nýsköpun.

• Stofnaðir verði sem fyrst tækni- og vísindagarðar með tilheyrandi þjónustu fyrir sprotafyrirtæki sem tengjast heilbrigðisgeiranum.

• Við undirbúning að byggingu nýs tæknivædds sjúkrahús verði íslenskum fyrirtækjum gefið tækifæri til að þróa nýjar tæknilegar lausnir í samvinnu við starfslið heilbrigðiskerfisins með alþjóðlega markaðsmöguleika að leiðarljósi.

Að auki eru tillögur um að stutt verði við rannsóknir og nýsköpun á Íslandi þannig að:

• Sett verði lög um heimild til skattafrádráttar vegna kaupa fjárfesta á hlutafé í sprotafyrirtækjum með hliðstæðum hætti og áður giltu um hlutafjárkaup almennings.

• Tekin verði upp heimild til aukafrádráttar frá skatti vegna kostnaðar fyrirtækja af fjárfestingu í rannsóknum og þróunarstarfi og heimild til endurgreiðslu í formi neikvæðrar skattgreiðslu á meðan fyrirtæki eru ekki rekin með hagnaði.

Erum við tilbúin að nýta okkur þessi tækifæri til nýsköpunar?

> Með samtengingu upplýsingatækni og nýrrar þekkingar í erfðalæknisfræði og kerfislíffræði er lagður grunnur að betri árangri í hefðbundnum lækningum ...

FRÁBÆR TILBOÐ




Toshiba 19DV550PG
19" LCD Sjónvarp með innb. DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

TILBOÐ 59.995




Toshiba 32AV500PG
32" LCD breiðtjald með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD ofl.

TILBOÐ 104.995

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
EYRARVEGI 21 SELFOSSI - GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK

€UROBOXX




Færanlegur myntbakki með átta hólfum sem heldur allt að €233.90. Svampur í loki heldur €vrunum föstum við flutning.

Skýrar merkingar og víxlraðað mynthólf auðvelda talningu og samantekt á €vrunum. Merkingar auðvelda samantekt mynthólka.

Færanlegur €vrubakki með fjórum hólfum auðveldar samantekt seðla.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Office1

WWW.NORMX.IS

NORM-X



Norm-X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem hentar íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m. fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900




Auðbrekka 6, 200 Kópavogur, Iceland
Tel: + 354-565-8899, GSM +354-863-9742, Fax: +354-565-8892, Email: normx@normx.is



**FERÐANEFND ÍFHK** stendur fyrir ferð á Nesjavelli 16. til 17. maí. Boðið verður upp á trúss og hver kemur með sitt nesti á grillið. Sjá www.fjallahjolaklubburinn.is.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

...allar stærðir af dekkjum
DEKKJA VERKSTÆÐI
NOTUÐ DEKK
ÓDÝR DEKKJASKIPTI
VAKA
...á verði fyrir þig!
Eldshöfða 6 / Sími 567 6700
hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is

visir.is
"...ég sá það á vísi"



„Mjöllin beið okkar ósnortin og við náðum að renna okkur nánast alla leið niður að bíl," segir Jón Þór, sem hér sést kampakátur í skagfirsku fjalllendi. MYND/JÓN ÞÓR BJARNASON

# Á snjóbretti niður Mælifellshnjúk í Skagafirði

**Jón Þór Bjarnason ferðamálafræðingur hefur úr mörgu eftirminnilegu að velja þegar hann er beðinn um ferðasögu, meðal annars Kínaheimsókn, brettabruni í Austurríki og veiði og eggjatöku í Drangey.**

„Sú ferð sem er í ferskustu minni er sú nýjasta, ganga á Mælifellshnjúk og brun á bretti niður," segir Skagfirðingurinn og ævintýramaðurinn Jón Þór Bjarnason. Síðastliðinn sunnudag vakti vekjaraklukkan hann um fimmleytið og eftir kjarngóðan morgunmat lá leið hans frá Sauðárkróki inn Skagafjörð í fylgd þriggja félaga. „Um sjöleytið vorum við orðnir græjaðir og gönguklárir, vel nestaðir með skíði og snjóbretti á baki," lýsir hann brosandi.

Mælifellshnjúkur er eitt helsta kennileiti Skagafjarðar, 1.138 metrar að hæð. Þangað upp er stikuð og greið gönguleið og sagt er að í góðu skyggni sjáist af toppnum um allt land, eða til ellefu sýslna. „Sólin skein skært þennan morgun en þeir sem enn voru syfjaðir vöknuðu fljótt þegar suðaustan vindsperringurinn klappaði okkur hressilega á vangann," segir Jón kátur í bragði. „Ferðin upp tók rúman klukkutíma, en í um það bil þúsund metra hæð ákvað ég að doka við meðan félagarnir gengu upp í skýjahuluna á toppnum í von um að útsýni opnaðist stundarkorn til allra átta. Þó fátt sé skemmtilegra en óbyggðaferð með góðum félögum er ekkert sem jafnast á við að eiga stund með sjálfum sér í fögrum fjallasal. Ég sat dágóða stund þarna einn, horfði yfir og leyfði kyrrðinni að streyma inn í sálina. Ég spennti svo sæll á mig snjóbrettið og náði að renna mér nokkrar ferðir áður en hópurinn sameinaðist að nýju."

Niðurleiðin var engu lík að sögn Jóns Þórs. „Mjöllin beið okkar ósnortin og við náðum að renna okkur nánast alla leið niður að bíl. Alsælir lágum við svo í vegkantinum, teygðum lúna leggi og mauluðum harðfisk og annað íslenskt eðalnasl. Enn skein sól í heiði og vermdi rjóða vanga, en eins og oft áður eftir vel heppnaðar fjallaferðir skynjaði maður sterkast sólina í sálinni."

*gun@frettabladid.is*

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

BÍLKÓ
TVENNA
Tilboðsverð af UMFELGUN
-15% afsláttur af SMURVINNU
olís
-20%
Takirðu bæði tilboðin í einu færðu 20 % afslátt af vinnu við smur!
BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# ;Á FERÐINNI

**ATORKA** skipuleggur á sumardaginn fyrsta ferð frá Gljúfrasteini að Gróttu, eftir göngustígum meðfram ströndinni norðan megin og í gegnum Elliðaárdalinn og áfram með ströndinni sunnan megin. Sjá www.man.is.


**Vandaðar dömumokkasíur úr mjúku leðri, skinnfóðraðir og með mjúkum gúmmísóla. Sannkallaðir sjö mílna skór.**

**Margar gerðir og litir, td:**



Stærðir: 36 - 41
Verð: 9.985.-

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is


Ferðafélag Íslands hefur staðið fyrir öflugu starfi síðan það var stofnað 27. nóvember árið 1927. Innan vébanda félagsins starfa ýmsar deildir sem eiga og reka skála og halda úti ferðum allan ársins hring. Auk ferða af ýmsum toga er margvíslegt félagslíf innan félagsins.



**www.fi.is**



Heiðar Ingi Ágústsson, framkvæmdastjóri Everest, segir löngu hafa verið tímabært að virkja markaðinn með notuð hjól.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Taka notuð hjól upp í ný

**Þeir sem hafa hug á að eignast hjól fyrir sumarið ættu að kíkja í útivistarverslunina Everest. Þar má fá vel með farið notað hjól á góðu verði eða láta gamla hjólið sem safnar ryki í bílskúrnum upp í nýtt.**

„Við önnum varla eftirspurn og þó er hjólatímabilið rétt að byrja fyrir alvöru,“ segir Heiðar Ingi Ágústsson, eigandi ferða- og útivistarverslunarinnar Everest í Skeifunni. Nýlega var þar tekið upp á þeirri nýjung að taka við vel með förnum gömlum hjólum sem greiðslu upp í ný. Gömlu hjólin eru yfirfarin á verkstæði verslunarinnar og þau svo seld aftur. „Við gerðum þetta með skíðin í vetur. Það mæltist mjög vel fyrir svo við ákváðum að prófa þetta með hjólin líka,“ segir Heiðar.

Hann leggur áherslu á að ekki sé tekið við hvaða görmum sem er. Hjólin verði að vera vel með farin og í þokkalegu ástandi. Þau séu svo ekki seld áfram fyrr en gírarnir hafi verið yfirfarnir, glit séu að framan og aftan og séð til þess að bremsurnar virki sem skyldi.

Eftirspurnin er langmest eftir barnahjólum, enda eru börn yfirleitt ekki nema tvö ár að vaxa upp úr hjólunum sínum. „Það er til óendanlega mikið af lítið notuðum barnahjólum í bílskúrum um allan bæ. Þessi hjól standa bara og safna ryki. Það er um að gera að fá stærra hjól fyrir barnið og setja gamla hjólið upp í,“ segir Heiðar.

Kaup- og söluverð gömlu hjólanna fer eftir því hvort eitthvað vantar á þau og hversu vel með farin þau eru. „Við erum með verðskrá sem við miðum við. En aðalreglan er að við seljum hjólin á margfalt lægra verði en það kostar að kaupa ný. Það getur munað heilmiklu fyrir budduna.“

Hann tekur dæmi um 24 tommu barnahjól sem kostar nýtt 39.900 krónur. Hægt sé að fá sambærilegt hjól notað á átján til tuttugu þúsund á markaðnum.

„Í fyrra jókst hjólasala mikið almennt, enda var bensínverð að fara upp úr öllu valdi á þeim tíma. Þá myndaðist stemning fyrir því að leggja bílnum og hjóla í staðinn. Þá seldist mikið af dýrari hjólum. Í dag eru breyttir tímar og færri hafa efni á að kaupa sér nýtt hjól. En áhuginn er jafn mikill eftir sem áður. Þess vegna var þetta ráð í tíma tekið hjá okkur. Það hefur nefnilega sárvantað markað fyrir notuð hjól.“ *holmfridur@frettabladid.is*


**Morgungöngur Ferðafélags Íslands:**

**Við fyrsta hanagal**

Mánudaginn 4. maí hefjast árlegar morgungöngur Ferðafélags Íslands. Þá er farið í fjallgöngur í nágrenni Reykjavíkur klukkan 6 alla morgna 5 daga í röð. Stjórnendur morgunganga eru Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir
Fjöllin sem gengið verður á eru þessi.

**Mánudagur 4. maí:** Helgafell við Hafnarfjörð. Brottför frá Mörkinni kl. 06.00 en ganga hefst við Kaldársel.
**Þriðjudagur 5. maí:** Keilir á Reykjanesi. Brottför frá Mörkinni kl. 06.00 ganga hefst á bílastæðinu við Keili. Beygt af Reykjanesbraut við undirgöng rétt sunnan við Kúagerði við skilti sem vísar á Keili.
**Miðvikudagur 6. maí:** Vífilsfell. Brottför frá Mörkinni kl. 06.00 og beygt til hægri efst á Sandskeiði og stefnt að fjallinu. Ganga hefst í malarnámi við rætur fjallsins.
**Fimmtudagur 7 maí:** Helgafell í Mosfellssveit. Brottför frá Mörkinni kl. 06.00 en ganga hefst á bílastæði norðvestan við fjallið. Beygt af veginum upp Mosfellsdal rétt eftir að Vesturlandsvegi sleppir.
**Föstudagur 8 maí:** Úlfarsfell. Brottför frá Mörkinni kl. 06.00 en ganga hefst við bílastæði sunnan við fjallið. Beygt af Vesturlandsvegi við Bauhaus og akið gegnum hverfið uns komið er að bílaslóð sem liggur áleiðis upp fjallið.

**Þátttaka er ókeypis, allir velkomnir.**
**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**



**Sumar í Flash**



**Gallabuxur háar í mittið st. 36-46**
**5990,-**

**Gallapils S-XL**
**4990,-**



FLASH
**Laugaveg 54, sími: 552 5201**



**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**Sæludagar í Hlöðuvik**
**14. – 21. júlí**

Hin sívinsæla fjölskylduferð þar sem dvalið er á Búðum, nú í tveim skálum. Skipulagðar gönguferðir um nágrennið og kvöldvökur með söng og glensi.

Fararstjóri: Guðmundur Hallvarðsson, hornstrandajarl, leiðtogi hornstrandafara.

**Sjá nánar á www.fi.is**
**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**



**Auglýsingasími**
512 50 50



– Mest lesið



Ýmislegt verður í boði fyrir fjölskyldur á hátíð Minjasafnsins á Akureyri á morgun: Hestvagnaferðir, listsköpun, útileikir og margt fleira. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Börnum gefinn kostur á að kjósa

**Minjasafnið á Akureyri slær á morgun upp fjölskylduhátíð í tilefni sumardagsins fyrsta, sem bæjarbúar jafnt sem aðkomufólk ætti að geta notið.**

„Við ætlum að fagna sumarkomunni, en kannski hefur aldrei verið meiri þörf á því en eftir þennan erfiða vetur,“ segir Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, þar sem sannkölluð fjölskyldustemning mun ríkja á morgun, sumardaginn fyrsta. Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri blæs sumarið inn með lúðraþyt og bæjarstjórinn, Sigrún Björk Jakobsdóttir, veitir fyrirtækinu Rafeyri sérstakar þakkir fyrir hjartalaga tákn í Vaðlaheiðinni, sem hefur yljað bæjarbúum um hjartarætur í vetur.

„Þá ætlum við að veita börnum færi á því að ganga til kosninga. Öll gögn verða fyrir hendi og tvær kjördeildir á staðnum, fyrir sjö ára börn og yngri og átta til sautján ára,“ segir Haraldur og bætir hlæjandi við að ekki sé þó um hefðbundnar kosningar að ræða; þær snúist ekki um stjórnmál heldur verði kosið um yfirskrift á sumarsýningu safnsins sem helguð er lífi barna.

Þá munu útileikir skipa veglegan sess á hátíðinni og að auki gefst börnum færi á að fara í hestvagnaferð og mála sjálfsmyndir, sem verða síðan settar upp á safninu í tilefni af deginum. Lummuangan og kakóilmur munu fylla vit gesta og gangandi og verða veitingarnar reiddar fram í boði Stoðvina safnsins.

Dagskráin hefst klukkan 14 og stendur til klukkan 16. Nánar á www.akureyri.is. *- rve*



Krakkarnir fá að æfa fótbolta við bestu aðstæður og að auki fræðslu um matarræði og sálfræði íþróttanna. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fótboltaskóli fyrir stelpur og stráka

**ÍT Ferðir býður upp á ferð á Knattspyrnuskóla Bobby Charlton í Englandi 31. júlí til 10. ágúst.**

„Þegar hafa 75 ungmenni skráð sig í ferðina og því um tuttugu sæti laus,“ segir Hörður Hilmarsson, framkvæmdastjóri ÍT Ferða, og bætir við að slíkar ferðir séu vinsælar fermingargjafir.

„Nú þegar fótboltaliðin ferðast minna hefur orðið meira um að einstaklingar og vinahópar taki sig saman og fari í slíka ferð,“ segir Hörður. ÍT Ferðir hafa boðið upp á þessar ferðir frá árinu 2001 en íslensk ungmenni hafa sótt þessi námskeið frá árinu 1994.

„Krakkarnir æfa þarna fótbolta tvisvar til þrisvar á dag við bestu aðstæður. Svo fara þau að skoða einhvern af völlum stóru félaganna, Anfield eða Old Trafford, og fara á einn fótboltaleik,“ útskýrir Hörður en krakkarnir fá að auki fræðslu um mataræði og sálfræði íþróttanna.

Hörður segir ferðina bæði henta fyrir stráka og stelpur enda sé hlutfall kynjanna nokkuð jafnt meðal þeirra ungmenna sem þegar hafa skráð sig.

Ferðin á vegum ÍT Ferða verður farin dagana 31. júlí til 10. ágúst en námskeiðið er fyrir stelpur og stráka á aldrinum þrettán til sautján ára.

Líkt og undanfarin ár verða tvær „fótboltamömmur“ með í för. Þær Anna og Hanna sem fylgt hafa hópunum við góðan orðstír. Nánari upplýsingar um ferðirnar er að finna á vefsíðunni www.itferdir.is. *- sg*

# Að pakka létt og rétt

**Á ferðalögum er síst til góða að burðast með þungar og fyrirferðarmiklar töskur. Fínn mælikvarði á hversu vant fólk er að ferðast er hversu vel því tekst að komast af með sem minnstan og léttastan farangur.**

Víst er ástæða fyrir orðinu farangur þar sem þungar töskur geta svo sannarlega angrað mann. Hér á eftir fara nokkur góð ráð til að pakka létt og rétt.

Sniðugt er að breiða úr öllu sem taka skal með í ferðina á rúmið eða stofugólfið. Þannig fæst góð yfirsýn yfir hlutina og auðveldara verður að tína í burtu óþarfa. Hugsaðu um hvers þú getur verið án í stað þess að hugsa um hvað gæti komið sér vel.

Veltu líka fyrir þér hvaða vörur þú getur keypt á ferðalaginu. Svitalyktareyðir og hársápa fást til dæmis víða.

Pakkið fyrir bestu hugsanlegu aðstæður, ekki þær verstu. Yfirleitt má redda sér ef eitthvað kemur upp á. Sniðugt getur verið að pakka fatnaði í lofttæmdar umbúðir sem fást til dæmis í Rúmfatalagernum og þannig verður umfang þeirra mun minna auk þess sem þau blotna ekki á leiðinni og krumpast síður. Ef farið er á framandi slóðir getur myndast raki í ferðatöskunni sem bleytir innihaldið.



Ekki borgar sig að ferðast með of mikinn farangur þar sem það getur verið lýjandi.

Annars er gott að hafa sem minnst af fatnaði meðferðis og þvo þá frekar á leiðinni. Gott er að velja dökkan og léttan fatnað sem þornar auðveldlega og heldur sér vel. Á ferðamannatímanum er víða umburðarlyndi gagnvart afslappaðri klæðaburði, til dæmis á tónleikum og sýningum. Ef þið kaupið fatnað eða aðra hluti á ferðum ykkar má oft minnka umfangið með því að henda umbúðum og merkimiðum.

Ef ferðast er með bakpoka er sniðugt að fylla hann einungis að tveimur þriðju svo að pláss sé fyrir nesti og minjagripi. Síðan er ágætis ráð að prófa að ganga með pokann og sjá hvort hann sé nokkuð of þungur.

*hrefna@frettabladid.is*





*Í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a Grindavík, sumardaginn fyrsta 23. apríl frá kl. 15-17*

**Stefán Hrafn Magnússon**, hreindýrabóndi á Grænlandi fjallar um hreindýr á Grænlandi og í Noregi. Stefán er mikill ævintýramaður. Hann hefur búið á Grænlandi í mörg ár og rekur þar stórt hreindýrabú. Hér er því um einstakt tækifæri að fræðast um hreindýr og hreindýrabúskap.

**Kristján Pálsson**, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja mun fjalla um sögu hreindýra á Reykjanesskaga. Hugmyndir eru um að koma upp hreindýrastofni á Reykjanesskaga.

Vonandi verða fjörugar umræður á eftir. Heitt verður á könnunni og allir velkomnir.

**Í Salthúsinu, veitingahúsi er boðið upp á hreindýrasteik á góðu verði, sjá www.salthusid.is**

Þjóðháttakynningin er liður í menningar- og viðburðadagskrá Saltfiskseturins og Grindavíkurbæjar ´09. **Athugið að um breytta dagsetningu er að ræða 23. apríl í stað 2. maí sjá viðburðadagskrá á www.grindavik.is**

Nánari upplýsingar gefur
Sigrún Jónsd. Franklín, verkefnastjóri • gsm 6918828 • sjf@internet.is
www.sjfmenningarmidlun.is








## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn…**



**…góðar fréttir fyrir umhverfið**

## Tilkynningar

Hamraborg 11
200 Kópavogur

Cafe Catalina

S: 554-2166

**Í kvöld spilar hljómsveitin**

# Feðgarnir

***Catalina***

Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

**Hádegismatur alla virka daga**
**Sérréttaseðill – Smáréttaseðill**
**Allar veitingar á vægu verði.**
**Hamborgaratilboð !**
**Útleigusalur**
**Boltatilboð**

**Boltinn í beinni!**

Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Auglýsing um samþykkt deiliskipulags Vestur-Skógtjarnarsvæðis með breytingum eftir auglýsingu

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 2. apríl 2009 tillögu að deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Skógtjarnar, Lambhaga og Búðarflatar. Svæðið afmarkast til vesturs af friðlýstu svæði á Hliði og til austurs af Sólbarði og Tjarnarlandi, þ.e. byggð við Miðskóga, Lambhaga og Búðarflöt, auk stakra húsa (Tjarnarland, Sólbarð, Hlein, Vestri Skógtjörn, Tjarnarbakki, Strönd, Vindás, Helguvík og Melshús).
Gerð er tillaga um samræmt skipulag á ofangreindu svæði með nýrri útfærslu að göngustígum og lagnaleiðum stofnlagna fráveitu.

Eftirfarandi breytingar hafa verið m.a. gerðar frá auglýstri tillögu vegna athugasemda um tillöguna:

1. Göngustígar og stiklur.
- Útfærsla göngustígs við norðanverða Skógtjörn, milli Miðskóga og Lambhaga, er breytt og í stað malarstígs er gert ráð fyrir grasi grónu yfirborði á upphlöðnum kanti við efri mörk fjöru.

2. Útivistarsetur.
- Áður fyrirhuguð aðstaða fyrir kajakræðara og aðra starfsemi sem tengist útivist og notkun fólkvangsins á Hliði er felld út úr deiliskipulagi fyrir Vestur Skógtjarnarsvæðið. Áform eru um að hliðra byggingareitnum vestar og lendir hann þá inn á deili skipulagi fyrir Hlið. Nánari útfærsla verður gerð við endurskoðun tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hlið.

3. Annað.
- Deiliskipulagsmörk við Hlið færð til fyrra horfs.
- Gangstéttum og göngustígum við umferðargötur bætt inn á uppdrátt.
- Hætt er við að fella lóð við Hof úr skipulagi.
- Snúningsgtorg og bílastæði við enda Höfðabrautar felld út.
- Nánar farið yfir grunnmyndir húsa m.t.t loftmynda og aðaluppdrátta viðkomandi húsa.
- Bílastæði sett inn á lóðir þar sem vantaði.
- Gert er ráð fyrir 5 bílastæðum á lóð v. Búðarflöt 2-4.
- Miðskógar 21: Afmörkun lóðar sýnd á uppdrætti (fornleifa svæði).
- Tekið er fram í fyrirsögn sérákvæða í greinargerð til hvaða lóða viðkomandi skilmálar ná.
- Aðkoma /innkeyrsla að lóðunum Búðarflöt 2, Vestur Skógtjörn, Miðskógum 11,13 og 21, Sólbarði, lóð við Hof og Tjarnarlandi sýnd á skýrari hátt.
- Texta um framkvæmdir við útivistarstíga umferð gangandi meðfram fjörum breytt.
- Bætt inn að texta um að girðingar séu óheimilar utan lóðar marka íbúðarhúsa.
- Tjarnarbakki fellur undir skilmála fyrir Lambhaga.
- Lóð milli Sólbarðs og Hleina fellur undir skilmála fyrir Miðskóga
- Kvöð um fjölda bílastæða á eldri lóðum er breytt í almennum skilmálum úr 3 stæðum í tvö.
- Sérskilmálar settir inn fyrir parhús við Lambhaga 15a og b.

Nálgast má uppdrætti og greinargerð deiliskipulagstillögunnar ásamt yfirliti yfir breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir auglýsingu á vef Sveitarfélagsins Álftaness, www.alftanes.is/skipulag og hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanes. Tillagan var send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Skipulagsuppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast gildi með birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. apríl 2009. Kærufrestur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík er einn mánuður frá þeirri dagsetningu að telja.

**Bjarni S. Einarsson,**
**skipulags- og byggingarfulltrúi Álftaness**

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í 108 Rvk. 20fm. 20 þ.per mán.+ 1 mán. trygg. Sími. 690 8793.

Til leigu 25 fm þrifalegur bílskúr í Lindarhverfi í Kópavogi. Leiga 25 þús/mán. Uppl. í s. 660 7067.

## Gisting

3 góðar og nýlegar orlofsíbúðir til leigu á Akureyri. Gisting f. 6-12 manns. Uppl. ibudir@visir.is eðs s. 893 7979

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**NK Kaffi Kringlunni**
**Starfskraft vantar í afgreiðslu í Kringlunni (ekki sumarafleysing). Einnig vantar starfsfólk í golfskála Öndverðarnesi. Upplýsingar gefur Björk í s. 693 9091.**

Vantar góðan bókara endurskoðanda í hlutastarf. Uppl sendist á : hjolhaf@visir.is ásamt ferilskrá. Hjólbarðaþjónusta Hafnarfjarðar S. 517 5996

Staff needed at carwash. Information at Lyngás 20, Garðabær, Stjörnubón.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal. Helgarvinna. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8, sími. 551 1014.

Veitingahúsið Saffran óskar eftir pizzabökurum í fullt starf. Áhugasamir hafið samband við Odd eða Hauk í síma 578 7874 eða á staðnum.

Vantar vana pappalagningamenn. Uppl. í s. 894 4947.

Kraftmikið, duglegt, þaulvant starfsfólk óskast til þjónustu í sal . 25 ára og eldri. Umsóknir sendist á frakkar@islandia.is

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Til sölu

### Rótgróið kaffihús við Laugaveginn til sölu.

Góður leigusamningur fylgir, ásamt rekstrar- og veitingaleyfi, öllum innréttingum og fylgihlutum.
Stöðugur rekstur allt árið.

**Upplýsingar gefur Sunna í síma 692-3361**

## Bókhald

### ERTU AÐ BORGA OF MIKIÐ?

**PENINGAR OG SPARNAÐUR ER ÞAÐ SEM MESTU MÁLI SKIPTIR NÚNA.**

Af hverju að borga kr. 10 – 20 þúsund krónur á klukkutíman fyrir vinnu hjá löggiltum endurskoðendum, þegar stærsti hluti einkahlutafélaga (líklega yfir 90%) þarf ekki löggilta endurskoðendur fyrir sín félög vegna ársreiknings- og framtalsgerðar. Látið vinna sömu vinnu fyrir miklu lægri fjárhæð. Yfir 30 ára reynsla í bókhaldi. Býð uppá, færslu bókhalds, vsk.uppgjör, ársreikninga og skattframtöl, launavinnslur, stofnun einkahlutafélaga ofl, samruna félaga, samsköttun félaga, almenna fjárhagsráðgjöf ofl ofl. Vinn jafnt fyrir einkahlutafélög, einstaklinga með rekstur og einstaklinga. Get jafnvel gert föst tilboð í ákveðin verk. Reynið viðskiptin því hér er um góða og vel unna vinnu að ræða fyrir minni pening. Get bætt við mig verkefnum núna. Hef að sjálfsögðu aðgang að löggiltum endurskoðanda ef með þarf.

*JS. Bókhald og ráðgjöf ehf. Ármúla 29, 108 Reykjavík S: 565 5705 | 824 8440*

*Netfang: johannsk@vortex.is*

**GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA**

## Fundir

Þingeyskir Sagnagarður

### Aðalfundur 2009

Aðalfundur Þingeysks sagnagarðs verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju sunnudaginn 10. maí næstkomandi kl. 13:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar eru velkomnir á aðalfundinn og þá sem fyrir eru hvetjum við til þess að mæta. Sjá má frekari upplýsingar um Þingeyskan sagnagarð á **www.sagnagardur.is.**

Stjórnin.

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags CP á Íslandi verður haldinn þriðjudaginn 28. apríl kl. 20 að Háaleitisbraut 11-13, 4. hæð. Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Eftir aðalfundinn verður fræðslufundur.
**Nánari upplýsingar á www.cp.is**

Stjórnin.

### AÐALFUNDUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2009 verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl n.k. í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, Reykjavík og hefst hann kl. 16:15

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símadömur - Gleðilegt sumar**
**Hringdu til okkar, við erum í sumarskapi og við viljum vera draumadísirnar þínar þegar þér hentar.**
**S. 908 6666 & 908 2000.**

**Opinská kona**
mjög heit og áköf leitar (líkast til) kynna við karlmann í mjög djarfri auglýsingu sem heyra má á Rauða Torginu Stefnuót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8443.

**Kona. Leitar þú tilbreytingar?**
Konur sem leita tilbreytingar nota Rauða Torgið Stefnumót. Áhugasamir karlmenn þekkja Rauða Torgið og fylgjast vel með og viðbrögðin láta ekki á sér standa. Kona, auglýstu frítt í síma 555-4321.

## Atvinna

FERSKAR KJÖTVÖRUR

### Kjötskurðarmenn

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða Kjötiðnaðarmenn eða menn vana kjötskurði til starfa við kjötskurð í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík um afkastakvetjandi kerfi er að ræða(bónuskerfi). **Umsóknarfrestur er til 27 apríl.**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess **www.ferskar.is.**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Einhamar seafood

### ATVINNA

Einhamar Seafood ehf. (í Grindavík) óskar eftir starfsfólki í fiskvinnslu fyrirtækisins. Leitað er að aðilum sem eru handfljótir, traustir og jákvæðir sem vilja vinna á góðum og traustum vinnustað.

Viðkomandi aðilar þurfa að geta hafið störf fljótlega. Tekið er við umsóknum á netfanginu halla@einhamarehf.is í síma 426 7700

### อาชีพ

Einhamar Seafood ehf. (ตั้งอยู่ที่เมือง กรินดาวิค (Gríndavík)) ต้องการพนักงาน สำหรับปฏิบัติหน้าที่ในโรงงานทำปลา มีความสามารถในการใช้มือได้อย่างคล่องแคล่ว, ไว้ใจได้และมีความคิดในแง่บวก ต้องการทำงานภายในสถานที่ทำงานที่ดีและน่าเชื่อถือ ต้องการบุคคลที่สามารถเริ่มปฏิบัติงานได้ทันที สามารถส่งใบสมัครไปทางอีเมล์ได้ ที่ halla@einhamarehf.is หรือที่หมายเลขโทรศัพท์ 426 7700.




## ALMENNINGSFRÆÐSLA Á ÍSLANDI 1880-2007
### I. OG II. BINDI

**Valin besta fræðibók ársins 2008 af Upplýsingu, Félagi bókasafns- og upplýsingafræða.**

Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007 í ritstjórn Lofts Guttormssonar hefur verið valin besta fræðibók ársins 2008 af Upplýsingu, Félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Ritverkið sem er í tveimur bindum er fyrsta heildaryfirlitið sem samið hefur veriðum vöxt og viðgang almenningsfræðslu á Íslandi á 20. öld, bæði skyldunáms og almenns framhaldsnáms. Hér er lögð áhersla á að rekja þróun skólafræðslu í tengslum við almenna þjóðfélags- og hugmyndaþróun. Sérstaklega er leitast við að sýna hvaða takmörkunum almenn skólafræðsla var háð á hverjum tíma og hvernig ný viðhorf og kröfur almennings og skólamanna, þjóðfélagsaðstæður og opinberar aðgerðir hafa skapað hið viðamikla skólasamfélag samtímans.

Í rökstuðningi matsnefndar segir meðal annars: Almenningsfræðsla á Íslandi stenst strangar fræðilegar kröfur. Skrár ritsins er vel unnar og gefa verkinu aukið gildið. Tilvísanir til heimilda eru til fyrirmyndar og heimildaskrár eru vandaðar. Bókin er ríkulega myndskreytt og myndir falla vel að innihaldi. Vandað er til pappírs og bókbands og allur frágangur er til mikillar fyrirmyndar. Bókin er einstök heimild fyrir þá sem vilja kynna sér heildstæða skólasögu á Íslandi frá síðari hluta 19. aldar og fram til dagsins í dag.

***Loftur Guttormsson ritstjóri ofl.***
***Kilja. 1012 bls.***

## N Ý L E G A R   B Æ K U R




### HVAÐ ERU VÍSINDI

Í bókinni er fjallað um svör við ýmsum áleitnum spurningum um vísindi: Eru vísindi skynsamleg? Ef þau eru það, hvað gerir þau skynsamlegri en aðra starfsemi mannsins. Hvað merkir að eitthvað sé "vísindalega sannað"? Hvað gerir eina vísindakenningu "betri" en aðra? Einnig er rætt um ýmis lykilhugtök vísindaheimspeki, eins og skýringar, líkur, tilleiðslu og kenningar. Þá er gerð grein fyrir helstu kenningum nokkurra merkustu vísindaheimspekinga 20. og 21. aldar eins og Rudolfs Carnap, Karls Popper, Thomas S. Kuhn, Pauls K. Feyerabend, Imre Lakatos, Larry Laudan og Joseph Sneed. Höfundur er prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.

***Erlendur Jónsson***
***Kilja. 242 bls.***




### PENNY FOR YOUR THOUGHTS

*Í þessari bók er horft gagnrýnum augum á helstu goðsagnir viðskiptaheimsins um uppbyggingu og rekstur fyrirtækja. Bókin er skemmtilega uppsett sem handbók með lýsandi dæmum úr atvinnulífinu og eru niðurstöður hennar byggðar á viðamiklum rannsóknum á fyrirtækjum í skapandi rekstri á Norðurlöndunum.*

*Bókinni er ætlað að gefa ráð um rekstur og vöxt með því að deila reynslu innan nokkurra fyrirtækja af fjármögnun og skipulagningu fjarhagslegrar framtíðar þeirra. Sýnt er fram á hvernig hægt er að byggja upp fyrirtæki í góðum rekstri og vera jafnframt skapandi. Rannsóknin sem bókin byggist á er styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum. Hann hefur undanfarin ár lagt áherslu á að styðja verkefni sem efla skapandi atvinnustarfsemi á Norðurlöndum.*

***Margrét Sigrún Sigurðardóttir ofl. ritstjórar***
***Kilja. 220 bls.***




### LEGENDS & LANDSCAPE

Í seinni tíð hafa sjónir beinst í síauknum mæli að sviði þjóðsagna í fortíð og nútíð og þeim upplýsingum sem þær veita um sagnafólkið, það samfélag sem það bjó í, viðhorf þeirra og umhverfi þess. Bók þessi er samantekt erinda sem flutt voru á fimmtu ráðstefnununni um þjóðfræði kelta, norrænna manna og eystrasaltslanda, sem haldin var í Reykjavík árið 2005 og veitir mikilvæga sýn á hvernig fræðimenn nálgast viðfangsefnið í nútímanum. Hér er að finna framlag margra fremstu fræðimanna á sviðinu frá Írlandi, Bretlandi, Norðurlöndum, Eistlandi og Bandaríkjunum. Hér er drepið á margvísleg viðfangsefni þjóðsagna, allt frá kenningum og virkni til sögulegrar og félagslegrar greiningar, hefðbundnar rannsóknir einstakra tilfella og greiningar á þeim aðferðum sem beitt var til að safna fyrstu þjóðsögunum, skrá þær og gefa út til varðveislu þjóðararfs.

***Terry Gunnell sá um útgáfuna***
***Kilja. 352 bls.***



### RITHÖFUNDUR ÍSLANDS

Listamaðurinn og rithöfundurinn Hallgrímur Helgason hefur verið áberandi í íslensku menningar- og fjölmiðlalífi. Hann hefur sent frá sér ljóð, skáldsögur og leikrit, auk fjölmargra greina og pistla um margvísleg málefni sem lýsa sterkum skoðunum hans á íslenskri menningu og samfélagi. Í þessu verki er fjallað um skáldskaparferil hans og sjónum þá einkum beint að skáldsögunum Þetta er allt að koma, 101 Reykjavík, Höfundi Íslands, Roklandi og Herra alheimi, auk þess sem vikið er að ljóðasafni hans og leikritinu Skáldanótt. Verkin eru skoðuð í ljósi hugmynda um höfundarímyndina, bókmenntahefðina og karnívalið svo fátt eitt sé nefnt, auk þess sem fjölbreytileg staða Hallgríms í menningarlífinu er könnuð.

***Alda Björk Valdimarsdóttir***
***Kilja. 228 bls.***




## SVO FAGURGRÆNAR OG FRJÓSAMAR

**TILNEFND TIL ÍSLENSKU ÞÝÐINGARVERÐLAUNANNA 2008**

SMÁSAGNASAFN MEÐ SÖGUM FRÁ ÞREMUR EYRÍKJUM Í KARÍBAHAFI: KÚBU, PÚERTÓ RÍKÓ OG DÓMINÍSKA LÝÐVELDINU. Í SAFNINU ERU SÖGUR EFTIR ÞEKKTA RITHÖFUNDA FRÁ TUTTUGUSTU ÖLD. SÖGURNAR SPANNA 20. ÖLDINA OG VORU VALDAR MEÐ ÞAÐ Í HUGA AÐ GEFA YFIRSÝN YFIR HELSTU STRAUMA OG HÖFUNDA ALDARINNAR. ÞÆR ERU FJÖLBREYTTAR AÐ EFNI OG GERÐ OG VARPA LJÓSI Á SÖGU OG LÍF FÓLKS Á SYSTUREYJUNUM ÞREMUR. SÖGURNAR FJALLA UM ÞRÆLA, BYLTINGAR, SJÁLFSTÆÐISBARÁTTU, KÚGUN, HARÐSTJÓRN, ÁST, SAMKYNHNEIGÐ, STÖÐU KVENNA, SJÁLFSÍMYND OG MARGT FLEIRA. KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR OG ERLA ERLENDSDÓTTIR VÖLDU OG ÞÝDDU SÖGURNAR. AUK ÞESS SKRIFA ÞÆR INNGANG UM SÖGU LANDANNA OG SMÁSÖGUNNAR ÞAR Á TUTTUGUSTU ÖLD.

**KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR OG ERLA ERLENDSDÓTTIR VÖLDU OG ÞÝDDU**
**KILJA 320 BLS.**




## SJÓNARMIÐ BARNA

*og lýðræði í leikskólastarfi*

Með rannsóknum á þroska og námi barna hefur verið sýnt fram á að ung börn búa yfir mikill getu og eru fær um að láta í ljós koðanir sínar á málefnum sem þau varða. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er viðurkenndur réttur barna til að hafa áhrif á tilveru sína og að á þau sé hlustað. Þetta hefur leitt itl aukinnar áherslu á lýðræði í skólastarfi þar sem raddir barna hafi hljómgrunn og virðing er borin fyrir sjónarmiðum þeirra og hæfni til að taka ákvarðanir.

***Ritstjórar Jóhanna Einarsdóttir/Bryndís Garðarsdóttir***
***Kilja. 164 bls.***

## V Æ N T A N L E G A R   B Æ K U R




### UNGT, BLINT OG SJÓNSKERT FÓLK

*Samfélag, sjálf og skóli*

Hvernig tekst ungt, blint og sjónskert fólk á við daglegt líf í samfélagi sem gerir ráð fyrir að allir hafi fulla sjón? Í þessari bók er kynnt fyrsta íslenska rannsóknin sem leitar svara við þeirri spurningu. Bókin byggist á rannsókn Helgu Einarsdóttur með blindu og sjónskertu fólki á aldrinum 16 til 26 ára á því að vera „öðruvísi" í íslensku samfélagi. Bókin veitir einstaka innsýn í veröld þeirra. Í umfjöllun sinni samþættir Helga persónulega, faglega og fræðilega þekkingu, innblásin af baráttuanda fyrir jafnrétti, mannréttindum og samfélagsþátttöku blinds og sjónskerts fólks.

***Helga Einarsdóttir***
***Kilja. 128 bls.***




### ÁSTIN Á TÍMUM ÖMMU OG AFA

*Bréf og dagbækur Bjarna Jónassonar – kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld*

Ástarsaga hjóna rakin í gegnum fjölda bréfa Bjarna til Önnu konu sinnar og dagbækur hans frá árunum 1908-1926. Bréf Bjarna og dagbækur segja ekki aðeins sögu þeirra hjóna heldur draga einnig upp lifandi mynd af lífi alþýðufólks til sveita og íslensku samfélagi þess tíma.

***Anna Hinriksdóttir***
***Kilja. 220 bls.***




### ÚTLENDINGURINN

Tvímála útgáfa

Skáldsagan Útlendingurinn eftir Albert Camus kom fyrst út í Frakklandi árið 1942. Þar segir frá skrifstofumanninum Meursault sem fær sér kaffi og sígarettu við kistu látinnar móður sinnar vegna þess að honum þykir kaffi gott og langar að reykja. Við jarðarförina er hann þjakaður af hita og brennandi sól en finnur ekki til sorgar. Þegar hann verður svo manni að bana í óbærilegu sólskini er hann dæmdur fyrir að hafa jarðað móður sína með hjarta glæpamanns. Þetta fræga skáldverk kemur hér út í nýrri þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur ásamt eftirmála um höfundinn og verk hans.

***Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi***
***Kilja. 360 bls.***

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N   haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

Kosningar

# Ímyndaðu þér

HAFSTEINN HAFSTEINSSON
lögfræðingur



1) Ímyndaðu þér að við værum orðin að háþróuðum vitsmunaverum.

2) Ímyndaðu þér að allir tækju ákvarðanir út frá almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum.

3) Ímyndaðu þér að fólk myndi aldrei gera neitt sem skaðaði aðra.

4) Ímyndaðu þér þá að við gætum samið okkar eigin stjórnarskrá þar sem sanngirni, réttlæti og kærleikur yrðu höfð að leiðarljósi.

5) Ímyndaðu þér þá þingræði þar sem þingmenn gengju ekki erinda sérhagsmuna heldur færu eftir því sem væri sanngjarnt, réttlátt og skynsamlegt að gera í almannaþágu.

6) Ímyndaðu þér þá að auðmenn væru tilbúnir til að færa náttúruauðlindir landsins aftur til þjóðarinnar.

7) Ímyndaðu þér þá að valdastétt landsins risi upp gegn tómlæti sínu gagnvart þjóðinni, léti sér annt um almenning og gæfi eftir vald sitt yfir fólki.

8) Ímyndaðu þér þá að hægt væri að ganga strax til ESB aðildarviðræðna og fá úr því skorið hvað aðildin fæli í sér. Og svo myndi almenningur ákveða í kosningum, með hliðsjón af þeim upplýsingum og almannahag að leiðarljósi, hvort skynsamlegt sé að ganga í bandalag með þjóðum heims.

9) Ímyndaðu þér þá að þeir sem græddu á fölskum uppgangi bankakerfisins, og voru að meira eða minna leyti ábyrgir fyrir bankahruninu, myndu skila ágóða sínum til þjóðfélagsins og gera grein fyrir og biðjast afsökunar á hegðun sinni.

10) Ímyndaðu þér þá að ráðherrar, þingmenn og embættismenn landsins myndu viðurkenna sekt sína í falli bankakerfisins og bæðust afsökunar á afglöpum sínum og spillingu.

11) Ímyndaðu þér þá að almenningur gæti að fullu fyrirgefið þeim sem biðjast afsökunar og áttað sig á sinni ábyrgð á því að allt fór eins og það fór.

12) Ímyndaðu þér þá að öll fyrirtæki landsins myndu fyrst og fremst taka tillit til hagsmuna almennings og viðskiptavina og svo hluthafa við alla ákvarðanatöku um arðsemi.

13) Ímyndaðu þér þá að allar upplýsingar séu aðgengilegar almenningi, hvort sem það er hjá einkafyrirtækjum eða opinberum fyrirtækjum. Að fólk haldi ekki neinu leyndu sem aðrir mega ekki vita, að fólk hætti að segja ósatt og að fólk láti ekki eitthvað ósagt við einhvern.

14) Ímyndaðu þér þá að á Íslandi væru til hlutlausir fréttamiðlar, þar sem fréttafólk væri vel menntað, upplýst, fylgdi sinni eigin sannfæringu og byggi við starfsöryggi. Þar sem fróðleikur og upplýsingar um það sem best er vitað væri aðaláhersla fjölmiðilsins.

15) Ímyndaðu þér þá að við myndum gera allt til að nýta náttúruauðlindir landsins en þó með því ófrávíkjanlega skilyrði að ekki megi menga náttúruna og virða verði fólk og dýr við alla ákvarðanatöku.

16) Ímyndaðu þér þá að hægt væri að setja á flatan niðurskurð á skuldir fólks. Að lántakendur, lánadrottnar og almenningur myndi hver axla sína ábyrgð.

17) Ímyndaðu þér þá að Ísland myndi aldrei fara í stríð við aðrar þjóðir, nema ef valdhafar níðast á fólki þeirrar þjóðar eða til að verja friðsama þjóð frá yfirgangi annarrar þjóðar. Að aldrei nokkurn tímann megi sérhagsmunir íslensku þjóðarinnar ráða því að ákveðið sé að fara í stríð við aðrar þjóðir.

17) Ímyndaðu þér svo að allar aðrar þjóðir færu að okkar fordæmi.

Þið gætuð haldið því fram að ég sé draumóramaður en ég er ekki einn um þessa sýn. Vöxtur vitundarinnar er frumforsenda jákvæðs hagvaxtar. Byrjum á okkur sjálfum og spyrjum; ef allir í veröldinni hegðuðu sér og hugsuðu eins og ég, yrði ég ánægður með ástand heimsins? Að kjósa er hegðun og á bak við þá hegðun er hugsun. Kjósum nú fólk sem hefur glæstustu framtíð okkar að leiðarljósi eða í það minnsta vísi að henni. Af ávöxtunum munum við þekkja þá.

> Ímyndaðu þér þá þingræði þar sem þingmenn gengu ekki erinda sérhagsmuna heldur færu eftir því sem væri sanngjarnt, réttlátt og skynsamlegt að gera í almannaþágu.



# oru
# um erfiðar



**DEILUR TIL HLIÐAR LAGÐAR** Þótt MP banki hafi gagnrýnt aðkomu Nýja Kaupþings að málefnum SPRON voru málin rædd í bróðerni á ársfundi Seðlabankans þegar þar hittust Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP, og Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings. MARKAÐURINN/VALLI



stofu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, Franek
jörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings. MARKAÐURINN/VALLI

þessar keyptu eignir að hluta. Af heildarfjárhæðinni eru trygg veð einungis talin nema 51 milljarði króna. Viðskiptin hafi verið ákveðin með það að markmiði að eiginfjárstaða Seðlabankans stæði að mestu óbreytt frá ársbyrjun til ársloka 2008.

Í ársskýrslu Seðlabankans kemur fram að vegna erfiðleika fjármálafyrirtækja síðustu misseri hafi mikil stígandi verið í lausafjárfyrirgreiðslu til fjármálafyrirtækja. „Í lok árs 2007 var staða í veðlánum 302 milljarðar króna og hafði þá aldrei verið hærri,“ segir þar, en veðlánin náðu hámarki rétt fyrir hrun bankakerfisins í októberbyrjun, en þá hafði Seðlabankinn lánað fjármálafyrirtækjum 520 milljarða króna. 58 prósent undirliggjandi veða voru skuldabréf útgefin af Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum. Í lok ársins voru útistandandi veðlán Seðlabankans hins vegar komin niður í 292 milljarða króna, eftir færsluna sem um er getið hér að ofan þegar ríkissjóður tók um áramót yfir kröfur Seðlabankans á þau fjármálafyrirtæki sem notað höfðu óvarin bréf bankanna til að afla lausafjár í Seðlabankanum.



rmunur var á mætingu á ársfund Seðlabankans
estinni í atgangi síðasta árs í fjármálaheiminum.
Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri
r í bankaráði Seðlabankans. Í baksýn glittir í Yngva
ankastjóra. MARKAÐURINN/VALLI

Samfylkingin

Ef fyrirtækið þitt hefði kosningarétt kysi það Samfylkinguna.

Samfylkingin er eini flokkurinn með skýra stefnu í helsta hagsmunamáli atvinnulífsins.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem vill hefja viðræður um aðild við Evrópusambandið strax eftir kosningar og bera samninginn sem fyrst undir þjóðaratkvæði.

Aðild og upptaka evru rýfur efnahagslega einangrun og afnemur gjaldeyrishöft, skapar efnahagslegt jafnvægi og heilbrigðara rekstrarumhverfi fyrir atvinnulífið í landinu, auk þess að gera það aðlaðandi fyrir erlenda fjárfestingu. Á þessum grunni viljum við byggja og koma Íslandi í hóp tíu samkeppnishæfustu þjóða heims fyrir 2020.

Í aðildarviðræðum munum við að sjálfsögðu standa vörð um forræði þjóðarinnar yfir auðlindum og grundvallarhagsmuni íslensks sjávarútvegs og landbúnaðar.

Við erum sammála ASÍ, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Viðskiptaráði Íslands og Neytendasamtökunum um mikilvægi þess að hefja viðræður við ESB strax.

**Nú skiptir þinn stuðningur öllu máli!**

**Hvað gerist ef þjóðin sækir ekki um aðild að Evrópusambandinu?**

1. Stórfyrirtæki flytja höfuðstöðvar sínar úr landi
2. Útlendingar þora ekki að fjárfesta á Íslandi
3 Fáir vilja lána Íslendingum peninga
4. Þeir sem vilja lána þjóðinni gera það gegn okurvöxtum
5. Atvinnuleysi, vaxtaokur og gjaldþrot verða viðvarandi
6. Þjóðin missir af Evrópulestinni næstu tíu ár
7. Íslendingar verða áfram fátæk þjóð í hafti

**Benedikt Jóhannesson,**
framkvæmdastjóri Talnakönnunar
Morgunblaðið, 16. apríl 2009.

Vinna og velferð
XS
www.xs.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vissulega skekja landið afleiðingar heimskreppu á fjármálamörkuðum. Staðan er þó hvergi alvarlegri en hér.

# Gjaldeyriskreppan eykur á allan vanda

Óli Kristján Ármannsson

Fimmtánda september í fyrra hefur verið líkt við aðra fræga dagsetningu. Nefnilega 11. september 2001 þegar hryðjuverkaárásir voru gerðar á Bandaríkin. Árásunum var meðal annars beint að miðstöð fjármála þar í landi. Um miðjan september síðastliðinn voru þó ekki gerðar hryðjuverkaárásir, heldur varð ljóst að fjárfestingarbankinn Lehman Brothers var farinn á hausinn.

Fall Lehman hafði víðtæk áhrif á fjármálamörkuðum heimsins. Hafi verið siglt á milli ísjaka fram að þeim tíma þá lagðist við þetta algjört frost yfir fjármálamarkaði. Hér komu áhrifin fram í því að Glitnir missti fótanna í fjármögnun. Eftirleikurinn er þekktur og endaði með hruni íslenska fjármálakerfisins.

Alþjóðlega lausafjárkreppan og vandræði sem hlutust af undirmálslánum í Bandaríkjunum eru hins vegar ekki nema hluti af þeim þáttum sem aukið hafa á vandkvæði í fjármála- og efnahagsstjórn hér á landi.

**Alþjóðlega lausafjárkreppan og vandræði sem hlutust af undirmálslánum í Bandaríkjunum eru hins vegar ekki nema hluti af þeim þáttum sem aukið hafa á vandkvæði í fjármála- og efnahagsstjórn hér á landi. Ísland var þegar á leiðinni inn í krefjandi samdráttarskeið og búið var að birta ófáar greinar og skýrslur um möguleika þjóðarinnar á að ná „mjúkri lendingu“.**

Ísland var þegar á leiðinni inn í krefjandi samdráttarskeið og búið var að birta ófáar greinar og skýrslur um möguleika þjóðarinnar á að ná „mjúkri lendingu“ áður en hagvöxtur gæti tekið við sér á ný. Uppgangur hafði enda verið hér gífurlegur, með þenslu af völdum stóriðju, skattalækkana og gegndarlausrar úthlutunar á byggingarsvæðum sem verktakar af öllum stærðum og gerðum gleyptu við án þess að nokkur virtist hafa hugsun á því að velta fyrir sér hver væri í raun byggingarþörfin í landinu. Er þar engu minni synd en að verða fótaskortur í áhættumati á fjármálamörkuðum og nærtækara að finna sökudólga þar fyrir vandræðagangi í íslensku efnahagslífi, en að horfa til sökudólga undirmálslánakreppunnar í Bandaríkjunum. Þarna bera margir ábyrgð, stjórnmálamenn, embættismenn sveitarstjórna, forsvarsmenn í fjármálafyrirtækjum og þeir sem svo í framkvæmdirnar réðust.

Vera kann hins vegar að í öllum hamförum fjármálakerfisins frá því í fyrrahaust og áhyggjum fólks af verðmæti húsnæðis síns, hafi menn misst sjónar á því að hér er við gjaldeyriskreppu að fást ofan á öll önnur vandræði. Þó er úrlausn í peningamálum þjóðarinnar og trúverðug stefna í þeim efnum í raun forsenda þess að hægt verði að greiða úr öðrum flækjum. Hér verður ekki hafin uppbygging á ný nema að til þess fáist fjármagn og það verður dýrt, ef ekki illmögulegt að fá, náist ekki að vinna til baka tiltrú á efnahagsstjórn landsins á erlendri grundu.

Núverandi fyrirkomulag peningamála í umhverfi gjaldeyrishafta er til bráðabirgða. Um það er ekki deilt. Spurningin sem ríður á að svara er hvað á að taka við þessu bráðabirgðaástandi. Nú dugar ekki að hafna hinum og þessum hugmyndum, um leið og menn vilja afnema gjaldeyrishöft og lækka stýrivexti, án þess að fylgi trúverðugar skýringar á því hvernig það eigi að gera. Raunhæfir kostir sem við blasa eru ekki margir.



**VIÐ EVRÓPUKORT** Myndin er tekin í Rúmeníu um það bil sem landið gekk í Evrópusambandið. Greinarhöfundur segir mikilvægt að hlustað sé á ákall atvinnulífs hér á landi og skýrra svara leitað um áhrif aðildar að Evrópusambandinu. MARKAÐURINN/AP

# Hverjir eiga að ráða Evrópuferðinni?

ORÐ Í BELG



**Reynir Kristinsson** formaður Evrópunefndar Samtaka verslunar og þjónustu.

Hér áður fyrr svaraði almenningur hvatningu hins opinbera að leggja atvinnulífinu til fjármagn með kaupum á hlutabréfum gegn skattaafslætti og stuðla þannig að uppbyggingu sterks atvinnulífs. Lögð var áhersla á að horfa á þessa fjárfestingu sem langtímafjárfestingu sem skilaði ávinningi til lengri tíma litið.

Þúsundir Íslendinga urðu við þessari hvatningu og hafa fjárfest í hlutabréfum og stuðluðu þannig að uppbyggingu atvinnulífsins. Nú er þessi langtímafjárfesting í flestum tilvikum horfin og enn einu sinni gerðist það að glatast geymt fé.

Hætt er við að nokkur tími líði þar til almenningur á Íslandi setur sparnað sinn í hlutabréf og ekki virðast bankarnir burðugir til fjármögnunar atvinnulífsins.

Erlendar fjárfestingar hér á landi geta því skipt miklu fyrir endurreisn atvinnutækifæra.

**FLESTIR ERU SAMMÁLA UM AÐ KRÓNAN DUGI EKKI**

Til þess að laða að erlenda aðila til atvinnuþátttöku þurfa ákveðnir þættir að vera til staðar og er stöðugleiki bæði pólitískur og efnahagslegur mjög mikilvægur. Hvorugt er til staðar sem stendur en vonandi kemst á pólitískur stöðugleiki að loknum kosningum en efnahagslegur stöðugleiki er ekki í sjónmáli og þrátt fyrir að kosningar séu eftir fáeina daga þá eru engar skýrar línur fyrirséðar.

Flestir eru sammála um að íslenska krónan gangi ekki lengur í opnu hagkerfi heimsins og ekki eru allir sammála um það hvað skuli þá taka við.

Sumir vilja bíða þar til eitthvað gerist af sjálfu sér sem er eins og að stinga hausnum í sandinn og hvorki horfa né hlusta á það sem er að gerast.

Aðrir hafa hvatt til þess að leita að lausnum m.a. með því að kanna hvaða möguleikar felast í fullri aðild að ESB. Í þessum hópi eru forsvarsmenn Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka iðnaðarins.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd eru rúmlega 100.000 störf eða um 58 prósent allra starfa í verslun, þjónustu og iðnaði, um 65.000 eða 36 prósent í opinberri starfsemi og um 10.000 eða 6 prósent í sjávarútvegi og landbúnaði.

Enn hefur ekki komið til fækkunar starfa í opinberri starfsemi, sjávarútvegi og landbúnaði því má ljóst vera að hrunið í atvinnulífinu hefur verið í þjónustu og iðnaði og getur átt eftir að þyngjast enn frekar.

**SKÝR SVÖR FÁST Í VIÐRÆÐUM UM EVRÓPUSAMBANDSAÐILD**

Velgengni atvinnulífsins og atvinnuleysi haldast í hendur og því er mikilvægt að hlusta á ábendingar þeirra atvinnugreina sem hafa skapað flest atvinnutækifæri á liðnum árum.

Samtök verslunar og þjónustu og Samtök iðnaðarins hafa ítrekað á síðastliðnu ári hvatt stjórnmálamenn til að hefja undirbúning og viðræður við ESB um fulla aðild Íslands og upptöku evru í framhaldi af því. Með því skapast nauðsynlegur stöðugleiki, vextir lækka og verðtrygging hverfur og hægt verður að hefja enduruppbygginguna atvinnulífsins.

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr ábendingum sjávarútvegs og landbúnaðar en þeir eins og aðrir þurfa að fá skýr svör um áhrif aðildar og þau svör fást ekki nema í formlegum viðræðum við ESB allt annað eru getgátur.

ÞRÓUN STARFA EFTIR ATVINNUGREINUM




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA

# Góðar myndir eru gulls ígildi

Jón Trausti Snorrason
framkvæmdastjóri
Allra Átta ehf.

www.8.is

Góðar ljósmyndir segja meira en þúsund orð. Það sem meira er, þær tala öll tungumál reiprennandi. Fagleg ljósmyndun er því afar mikilvæg þeim, sem halda vilja úti árangursríkum vefsíðum.

Ljósmyndir eru órjúfanlegur þáttur í uppbyggingu vefsíðna. Þær segja sögu um fyrirtækið sjálft, vöru þess og þjónustu, og veita texta viðeigandi stuðning. Góðar ljósmyndir eru hverri vefsíðu til bóta, en slæmar myndir vekja vísast upp neikvæð viðbrögð gesta.

Mikilvægt er að hafa myndefni á hverri undirsíðu vefjarins og í réttu hlutfalli við lengd texta. Myndir þurfa að vera í góðri upplausn og af réttu sniði (jpg, png, gif), settar á réttan stað á síðunni og tengdar textanum. Mikilvægt er að merkja (e. *tag*) myndir og nefna þær lýsandi nöfnum.

Hafa skal í huga, að litasamsetning sé hófleg, svo myndir verði ekki þungamiðja síðunnar. Slíkt er aðeins merki um rýrt efnisinnihald.

Ef vefstjórar hafa ekki yfir góðu myndasafni að ráða er góð latína að kaupa aðgang að myndabönkum á vefnum. Forðast skal að hirða myndir af öðrum vefsíðum til notkunar á fyrirtækjavefjum, nema tekið sé þar fram að slíkt sé heimilt og myndirnar séu nauðsynlegar. Vefsíður eru andlit fyrirtækja og því er mikilvægt að vanda til verka. Ef spurningar vakna, bendum við lesendum á að leita til sérfræðinga, því mestur árangur næst með fagmennsku í fyrirrúmi.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Frumtak fjárfestir í AGR

## 100 milljóna króna fjárfesting fyrir hlut sem ekki er vitað hvað verður stór.

Frumtak hefur keypt hlut í birgðastýringarfyrirtækinu AGR - Aðgerðagreiningu fyrir hundrað milljónir króna.

Þetta er önnur fjárfesting sjóðsins í sprotafyrirtæki á árinu. Ekki liggur fyrir hversu stór hluturinn er en hann er árangurstengdur. Hin fjárfesting Frumtaks fyrir jafn háa upphæð var í hugbúnaðarfyrirtækinu Trackwell í febrúar.

AGR var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands og hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað.

Helsta afurð AGR er AGR Inventory Optimiser sem innleitt hefur verið hjá yfir 50 fyrirtækjum í ellefu löndum. Þróunarvinna félagsins hefur alfarið farið fram hérlendis í samstarfi við fyrirtæki í vörudreifingu, framleiðslu og verslun.

Helstu markaðssvæði AGR eru í Evrópu. Fyrirtækið rekur tvær skrifstofur undir merkjum AGR í Bretlandi og Danmörku.

„Sjóðurinn hefur nú sett verulegar fjárhæðir í tvö fyrirtæki sem eru að vinna að markaðssetningu erlendis og eiga að skila árangri innan þriggja til fimm ára. Fjárfesting í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem þessum flýtir fyrir endurreisn okkar ef allt gengur eftir," segir dr. Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks, sem fjárfestir í sprotafyrirtækjum sem vænleg þykja til vaxtar og útrásar.

- jab



**EGGERT CLAESSEN** Framkvæmdastjóri Frumtaks segist vænta mikils af þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í. MARKAÐURINN/ANTON


**FRÁ GULLVOTTUN 2007** Frá staðfestingu á „gullvottun" Applicon sem samstarfsaðili SAP árið 2007. Per Falck Jensen, frá Applicon A/S, Jens Bager, framkvæmdastjóri hjá SAP A/S, og Kristján Jóhannsson, framkvæmdastjóri Applicon.

# SAP hampar Applicon

Hugbúnaðarfyrirtækið Applicon hefur verið útnefnt besti samstarfsaðili hugbúnaðarrisans SAP á Norðurlöndum. Um er að ræða innra val SAP sem er í samstarfi við fjölda fyrirtækja.

Applicon er í eigu Nýherja en starfsmenn fyrirtækisins eru um 220 talsins í fimm löndum. Stærstu starfstöðvarnar eru á Íslandi og í Danmörku og starfa um 80 manns í hvoru landi. Þá starfar á þriðja tug starfsmanna hjá Applicon í Svíþjóð og 10 í Bretlandi.

Yfirlýst markmið Applicon er að verða eitt öflugasta ráðgjafarfyrirtæki Norður-Evrópu á sviði SAP-hugbúnaðar, en SAP var stofnað árið 1972 og hefur verið leiðandi í þróun á samþættum viðskiptahugbúnaði. Fyrirtækið er eitt umsvifamesta fyrirtæki heims þegar kemur að viðskiptahugbúnaðarlausnum og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn í heiminum. Um 37 þúsund manns starfa hjá SAP í yfir 50 löndum.

- óká

# Þrjú fyrirtæki verðlaunuð

Þrjú fyrirtæki úr Viðskiptasmiðjunni – hraðbraut nýrra fyrirtækja, sem Klak – Nýsköpunarmiðju atvinnulífsins rekur í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og fleiri, voru verðlaunuð á aðalfundi félagsins á föstudaginn var. Dagurinn markaði jafnframt lok annarar annar fyrirtækjanna í Viðskiptasmiðjunni.

Fyrirtækið E-label, sem sérhæfir sig í klæðnaði og vörum fyrir nútímakonur, hlaut verðlaun fyrir besta árangurinn á fyrstu önn en fyrirtækið hefur á námstímanum gjörbreytt starfsemi sinni, opnað heildsölu í London í Bretlandi og á í samningaviðræðum við stóran dreifingaraðila þar í landi. Þá hlaut hugbúnaðarfyrirtækið Trackwell verðlaun fyrir góðan árangur á annarri önn og In Spirit of Iceland hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi viðskiptaáætlun og spennandi verkefni. Fyrirtækið hjálpar einstaklingum að ná hámarksárangri í lífinu og jafnvægi milli líkama, hugar og anda.

- jab


# Yfirsýn og aukin afköst með MindManager




## Af hverju MindManager?

Eykur afköst starfsmanna um 7%.

Auðveldar verkefnastjórnun og skipulagningu.

Minnkar tíma við skýrsluskrif um 50%.

Markvissari og styttri fundir.

Öflugt tól í hugarflug, þarfagreiningu og stefnumótun.

Einu sinni fyrir langa löngu lærði ég að lesa, það var talsvert stökk í því að skilja heiminn. Núna er ég búin að læra á MindManager, stökkið var svipað en snýst núna um afköst og vinnubrögð!
**Ragnheiður Eiríksdóttir nýsköpunar- og þróunarstjóri, BHM.**

Ég tel að það sem ég lærði á námskeiðinu, komi til með að nýtast mér vel í starfi, þá sérstaklega í stærri og flóknari verkefnum til að halda yfirsýn og kynna á frambærilegan og skýran hátt.
**Elín Rósa Finnbogadóttir, ritari yfirstjórnar, samgönguráðuneytið.**

**LEIÐBEINENDUR**


Elín Þ. Þorsteinsdóttir — Sigrún Stefánsdóttir — Dögg Gunnarsdóttir

**NÁMSKEIÐSDAGSKRÁ**

**HRAÐFERÐ**
8 KLST. kl. 8.30–16.30
29. apríl
19. maí
3. júní
Forkröfur: að vera vel tölvufær

**GRUNNUR + FRAMHALD**
2 x 5 KLST. KL. 9.00–14.00
5. maí og 7. maí
9. júní og 11. júní
**Ókeypis kynning 30. apríl kl. 9.00–10.00**

**HELSTU NÁMSKEIÐS-ÞÆTTIR**

- Hugarflug
- Grunnæfingar
- Tölulegar upplýsingar
- Gerð skipurita
- Fundarstjórnun
- Ritgerðarsmíð og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun og skipulagning
- Samspil Outlook og MindManager
- Kynningar
- Stjórnun upplýsinga

**Námskeiðsstyrkir:**
Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki þú getur fengið til náms.

Verkefnalausnir | Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • Sími 565 7272 • www.verkefnalausnir.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**550** umsóknir bárust Alcoa-Fjarðaáli um sumarstarf hjá fyrirtækinu. Ráðið verður í sextíu tímabundnar stöður, en umsóknarfrestur um sumarstarf hjá fyrirtækinu rann út um miðja síðustu viku.

**3,8** prósenta lækkun varð á íbúðaverði milli febrúar og marsmánaðar samkvæmt mælingu fasteignaskrár. Íbúðaverð hefur ekki lækkað jafnmikið milli mánaða síðan byrjað var að reikna vísitölu íbúðaverðs árið 1994.

**49** þúsund milljarða króna rýrnun hefur orðið á eignum hundrað ríkustu Rússanna, samkvæmt nýbirtum lista Forbes. Eignir þeirra hafa í heimskreppunni rýrnað um 73 prósent, eða um 380 milljarða Bandaríkjadala.

BANKAHÓLFIÐ

## Rangur sökudólgur?

Háværar raddir voru um það í byrjun árs að fjárfestingarbankinn Straumur væri að höndla með krónur utan landsteina framhjá gjaldeyrishöftunum með þeim afleiðingum að gengi hennar styrktist ekki líkt og stefnt var að með gjaldeyrisreglunum. Straumsmenn þrættu fyrir gjörninginn og sögðu bankann þvert á móti laða að erlent fjármagn í gegnum endurreisnarsjóðinn Fönix. Fjármálaeftirlitið greip inn í rekstur Straums í byrjun mars, starfsemin er nú lítil sem engin og Fönix heyrir sögunni til. Lítið hefur hins vegar dregið úr falli krónunnar. Gengi hennar er fimmtán prósentum lægra en þegar Straumur var tekinn yfir.



## Hvað ef...?

Áður en Fjármálaeftirlitið greip inn í rekstur Straums í byrjun mars var staða bankans almennt talin sterk ef frá voru skildir stórir gjalddagar. Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að Straumsmenn velti sumir fyrir sér hvort bankinn hafi farið offari í að gera upp lán. Hann hefði ef til vill átt að reyna að sema um viðlíka lánakjör hjá Seðlabankanum vegna endurhverfra viðskipta og VBS og Saga Capital gerðu. Telja sumir að hugsanlega hefði mátt bjarga bankanum frá þroti með ráðum sem þessum. Ef út í það er farið hefði svo sem margt mátt gera öðruvísi til að forða Íslandi frá efnahagshruni...



## Eyríkin ekki ósvipuð?

Nærtækasta dæmið í samanburði við íslensku krónuna hefur verið nýsjálenski dollarinn, jafnvel þótt Nýsjálendingar séu yfir fjórar milljónir talsins. Þar hefur verið fjárfest í kívíbréfum, líkt og jöklabréfum hér, og fleiri samlíkingar má draga. Nýja-Sjáland er eyríki og þar er töluverð jarðskjálftavirkni, hverir og eldfjöll. Þá herma nýjustu fregnir úr dagblaðinu New Zealand Herald að nýsjálenskur þingmaður hafi nú verið dreginn þar fyrir rétt, sakaður um mútur og spillingarmál. Einhver kynni að velta fyrir sér hvort þeir ættu að líta til okkar sem dæmis um það sem koma skal, eða við þeirra. Vilji svo ólíklega til að einhver hafi fjárfest í nýsjálenskum bönkum ætti sá hinn sami fjárfestir ef til vill að hugsa sinn gang.






# Þetta er tækifæri

**UMRÆÐAN**
Yngvi Eiríksson skrifar um frumkvöðlastarf



YNGVI EIRÍKSSON

Atvinnuhorfur stúdenta fyrir komandi sumar eru dökkar. Þó er mikill hugur í stúdentum og hugmyndaauðgi. Þegar umsóknarfresti Nýsköpunarsjóðs námsmanna lauk nýverið höfðu borist um 320 umsóknir. Þetta er meira en helmingsaukning miðað við árið áður. En því miður lítur út fyrir að meira en 70 prósent umsókna verði hafnað á þessu ári.

Við mat á umsóknunum hafa sem áður komið í ljós þeir hæfileikar og sú skapandi hugsun sem býr í stúdentum landsins. Umsækjendur eru fjölbreyttur hópur og verkefnin tengd fyrirtækjum, stofnunum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Það er því þyngra en tárum taki að horfa upp á það að óumflýjanlegt sé að hafna fjölda frambærilegra umsókna.

Aukning framlags ríkisins til nýsköpunarsjóðsins er því gullrekið vopn í baráttunni gegn atvinnuleysi stúdenta. Ef ekkert verður að gert þarf stjórnvöldum ekki að koma á óvart að atvinnuleysismælingar í júní og júlí sýni svíðandi tölur fyrir þennan hóp fólks, svíðandi því hér má lesa úrlausn á hluta vandans.

Til þess að styrkja sama hlutfall umsókna og hægt var í fyrra þyrfti ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs námsmanna að aukast um 32 milljónir kr. Sú upphæð kann að hljóma há í eyrum fólks en efling sjóðsins er í raun ódýr ef hún er sett í það samhengi að hún skapar samanlagt hátt í 200 sumarstörf fyrir stúdenta sem færu líklega annars á atvinnuleysisbætur. Hún eflir þekkingarsköpun í landinu og undirbýr þannig jarðveginn fyrir vöxt nýrra fyrirtækja og styrkir þau sem fyrir eru. Að auki léttir þetta á greiðslum atvinnuleysisbóta sem nýtast ekki með jafn jákvæðum og markvissum hætti. Einnig veita fyrirtæki og stofnanir í fjölmörgum tilfellum mótframlag fáist styrkur úr sjóðnum. Og í rauninni gætu stjórnvöld skapað enn fleiri störf með því að auka styrkhlutfallið enn frekar.

Að sjálfsögðu væri það mun ákjósanlegra að fyrirtæki og stofnanir landsins hefðu nægjanlegt atvinnuframboð til að mæta þörfinni, en þar sem ekki eru horfur á því næstu mánuðina finnst mér íhlutun stjórnvalda réttlætanleg með þessum hætti. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um fjárveitingu til að greiða fyrir sumarnámi við HÍ, sem og framboð sumarnáms hjá öðrum háskólum, var í rauninni verulega heillavænlegt skref í baráttunni við atvinnuleysisvandann og því eiga þessir aðilar skilið eitt gott klapp. Það er þó miður ekki svo að sumarnám leysi allan vandann.

Þetta er tækifæri sem stjórnvöld verða að grípa á lofti og leggja lið. Að hluta til má ætla að hér sé ekki um að ræða aukaleg útgjöld fyrir ríkið, heldur tilfærslu í Nýsköpunarsjóð námsmanna sem annars færi í atvinnuleysistryggingasjóð. Og þá er spurning: hvor leiðin er skynsamlegri? Tíminn er knappur og stúdentar eru í startholunum fyrir sumarið, störfin eru útfærð og nú þarf að fara koma heyinu í hús.

*Höfundur er fulltrúi stúdentahreyfinganna í Nýsköpunarsjóði námsmanna.*

# Tökum afstöðu!

**UMRÆÐAN**
Pétur Marteinsson skrifar um kosningar



PÉTUR MARTEINSSON

Það reynist sjálfsagt mörgum snúið að gera upp hug sinn fyrir komandi kosningar. Okkur sem höfum hingað til kosið til hægri – kosið frelsi og frumkvæði einstaklingsins fremur en aukin ríkisumsvif og skattheimtu – er líka vandi á höndum ef marka má skoðanakannanir.

Það er margt sem villir okkur sýn. Í reiði okkar hættir okkur til að einfalda vandamálið og reyna að finna sökudólga. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið sá boxpúði sem fjölmiðlar, bloggarar og búsáhaldarar hafa hamast hvað mest á. Sumpart er þetta sanngjarnt en oftast ómálefnalegt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur skipt um formann og meirihluti ráðherra síðustu ríkistjórnar flokksins er búinn að skipta sér útaf. Flokkurinn hefur svarað kallinu um endurnýjun. Komið hefur fram hjá Sjálfstæðisflokknum að ekki var staðið vel að öllum málum síðustu árin. Við megum bara ekki gleyma því að stefna Sjálfstæðisflokksins stendur fyrir sínu þó að einstaklingar hafi brugðist.

Nú eru kosningar handan við hornið og við þurfum að ákveða á hvaða forsendum við kjósum. Ætlum við að refsa einhverjum í reiðikastinu eða horfum við til framtíðar og x-um við þann flokk sem fellur að sýn okkar um hið „nýja Ísland“. Þessar kosningar snúast nefnilega um framtíðina og draumalandið okkar. Þessar kosningar snúast ekki um Davíð Oddsson eða Geir H. Haarde. Þær snúast ekki heldur um Guðna Ágústsson eða Ingibjörgu Sólrúnu. Kosningarnar snúast um framtíð Íslands, ekki fortíð.

Allir flokkar vilja það besta fyrir landið en nálgunin er ólík. Valkostirnir eru skýrir og eru í einföldu máli þessir: VG vill hvorki ESB né stóriðju. Þeir vilja hins vegar hækka skatta og lækka laun. Samfylkingin vill ganga í ESB og telur að aðild leysi öll okkar vandamál. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar skattahækkunum og vill leggja undir dóm kjósenda hvort við förum í aðildarviðræður. Flokkurinn vill tryggja fólkinu atvinnu, gera því kleift að borga af lánunum sínum og skoða nýja möguleika í gjaldmiðilsmálum.

Ekkert stjórnarmynstur er fullkomið og engin er töfralausnin. Við þurfum hins vegar að taka ákvörðun. Að minnsta kosti er glatað að kjósa ekki og jafn slæmt að skila auðu. Við skulum ekki trúa því að það séu einhver skilaboð að vannýta atkvæði – þannig höfum við engin áhrif.

Ég skora á alla að nýta atkvæðisrétt sinn og taka afstöðu.

*Höfundur er á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík norður.*






*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ellerts Erlendssonar**
Höfðabraut 3, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Áslaug Valdimarsdóttir**
**Lilja Ellertsdóttir** **Gunnar Þór Garðarsson**
**Jón Ellert Guðnason** **Arnþrúður Kristjánsdóttir**
**Áslaug Kristín Guðnadóttir**
**Gunnar Þór Gunnarsson** **Eva Lind Matthíasdóttir**
**og langafabörn.**



*Elskulegi eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Gísli Þór Reynisson**
Haukanesi 14,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, miðvikudaginn 22. apríl kl. 15.00.

**Anna Margrét Kristinsdóttir**
**Gabríel Þór Gíslason**
**Anna Fríða Gísladóttir**
**Benjamín Ágúst Gíslason**
**Katrín Rósa Gísladóttir**
**Reynir Þorgrímsson**
**Rósa Guðbjörg Gísladóttir**
**Einar Örn Reynisson**
**Ingibjörg Reynisdóttir**
**Ólafur Tryggvason**
**Ragnar Már Reynisson**
**Elín Oddsdóttir**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Tonny Margrethe Muller**
Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður Tjarnarbraut 17, Hafnarfirði,

sem lést mánudaginn 20. apríl, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. apríl kl. 13.00.

**Kristinn Guðjónsson**
**Tryggvi Anton Kristinsson**
**Snorri Lorentz Kristinsson** **Anna Gréta Arngrímsdóttir**
**Reynir Kristinsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ingvi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginkonan mín, móðir, stjúpmóðir og dóttir,*

**Björg Ólöf Bjarnadóttir**
Hafnargötu 28, Vogum, Vatnsleysuströnd

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 22. apríl kl. 15.00.

**Ragnar Óskarsson**
**Bjarni Birgir Fáfnisson**
**Þormar Elí Ragnarsson**
**Hafsteinn Veigar Ragnarsson**
**Ragna Sól Ragnarsdóttir**
**Halldór Leví Ragnarsson**
**Ester Hurle**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Guðmundsdóttir**
Egilsbraut 9, Þorlákshöfn,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 13. apríl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. apríl kl.13.00.

**Helga Stefánsdóttir** **Júlíus Roy Arinbjarnarson**
**Guðni Pétursson** **Íris Sif Orangan**
**Viðir Lárusson** **Áslaug Traustadóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



**Margrét Helgadóttir**
frá Fellsenda í Þingvallasveit,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 14. apríl, verður jarðsungin frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu föstudaginn 24. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar eru beðnir að láta Samhjálp njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnar M. Þórisson**

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, samúð, kærleika og vináttu við andlát og útför ástkærra foreldra okkar, tengdaforeldra, ömmu og afa, langömmu og langafa,*



**Sigurðar Ágústs Magnússonar og Guðmundu Bjarnýjar Ólafsdóttur**



**Jóngeir A. E. Sigurðsson** **Una Árnadóttir**
**Benedikt Gabríel Sigurðsson** **Ólafía Kristný Ólafsdóttir**
**Magnús Sigurðsson** **Dagbjört Lára Garðarsdóttir**
**Sigurður Ágúst Sigurðsson** **Kelly Lane**
**Margrét Sigurðardóttir** **Guðmundur Sv. Guðmundsson**
**Jóhanna S. Martin** **Jay Alex Martin**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Okkar ástkæra eiginkona og móðir,*

**Alda Berglind Þorvarðardóttir**

verður jarðsungin frá Hafnarkirkju föstudaginn 24. apríl kl. 14.00 og jarðsett í Bjarnaneskirkjugarði.

**Lárus Óskarsson**
**Dagbjört Rós Lárusdóttir**
**Guðmunda Ingibjörg Lárusdóttir**
**Berglind Sara Lárusdóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Úlfar Stígur Hreiðarsson**
Grísará 2, Eyjafjarðarsveit,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 17. apríl.

**Hildur Gísladóttir**
**Ragnheiður María Pétursdóttir**
**Katrín Úlfarsdóttir** **Jóhann Ólafur Halldórsson**
**Hjördís Úlfarsdóttir** **Fjóla Björk Jónsdóttir**
**Gísli Brjánn Úlfarsson** **Þorgerður Hauksdóttir**
**Úlfhildur Úlfarsdóttir** **Baldvin Ingi Símonarson**
**afa- og langafabörn.**

**KAKÁ ER 27 ÁRA Í DAG.**



„Ég hef lært að það hvort eitthvað muni gerast eða ekki veltur á trúnni.“

***Brasilíski knattspyrnumaðurinn Kaká, sem heitir fullu nafni Ricardo Izecson dos Santos Leite, er fyrir löngu orðinn goðsögn í lifandi lífi. Hann er einn af lykilmönnum ítalska meistaraliðsins AC Milan, á fast sæti í brasilíska knattspyrnulandsliðinu og er meðal launahæstu knattspyrnumanna heims. Kaká er heittrúaður, hans eftirlætistónlist er gospel og hann les biblíuna í frístundum sínum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SÓKNARPRESTURINN OG KÓRINN** Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur ásamt kirkjukór Prestsbakkakirkju á Síðu. MYND/ÚR EINKASAFNI

PRESTSBAKKAKIRKJA Á SÍÐU: HEFUR ÞJÓNAÐ SÓKNARBÖRNUNUM Í 150 ÁR

## Messa og kaffi

Prestsbakkakirkja á Síðu hefur þjónað íbúum Kirkjubæjarklausturs og sveitanna í kring allt frá því á skírdag hinn 21. apríl árið 1859. Þá vígði kirkjuna Páll Pálsson, sóknarprestur og prófastur í Hörgsdal. Síðan eru liðin 150 ár. Í tilefni af því fer þar fram hátíðar- og afmælismessa á morgun, sumardaginn fyrsta.

„Ég vona að sem flestir komi úr sveitunum og helst af landinu öllu,“ segir séra Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur. „En þetta er eins og með allar góðar veislur. Maður veit ekki fyrir víst hversu margir koma. Kirkjan tekur tvö hundruð manns, svo það er nóg pláss.“ Margir kirkjunnar menn og konur taka þátt í messunni. Herra Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar. Til altaris þjóna, lesa ritningarorð og leiða bænir, auk Ingólfs, þau séra Sigurður Sigurðsson vígslubiskup, séra Haraldur M. Kristjánsson prófastur, séra Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari og séra Bryndís Malla Elídóttir, fyrrverandi sóknarprestur í Prestsbakkasókn.

Prestsbakkakirkju er nokkra kílómetra austan við Kirkjubæjarklaustur. Á staðnum stóð bænahús fram yfir miðja 18. öld og þar var síðar prestsbústaður. Sóknarkirkjan var hins vegar á Kirkjubæjarklaustri. Eftir Skaftárelda árið 1783 magnaðist svo sandfok á Kirkjubæjarklaustri að byggingar í þorpinu voru illa barðar af sandi og vindum. Kirkjan var loks svo illa leikin að nauðsynlegt þótti að færa hana eða byggja nýja. Eftir skoðanakönnun meðal sóknarbarna var ákveðið að flytja hana að Prestsbakka. Trésmíðameistari úr Reykjavík, Jóhannes Jónsson byggði Prestsbakkakirkju ásamt heimamönnum með Sigurð Sigurðsson á Breiðabólsstað fremstan í flokki. Hún er ólík öðrum íslenskum kirkjum að því leyti að prédikunarstóllinn er í miðjum kórnum, beint fyrir framan altarið. Það mun vera afar fátítt hér á landi, ef ekki einsdæmi. „Hún er líka sérstaklega fallega máluð að innan,“ segir Ingólfur. „Einar Jónsson frá Fossi í Mýrdal málaði hana árið 1910 í tilefni af fimmtíu ára afmæli hennar. Á aldarafmæli kirkjunnar máluðu hjónin Jón og Gréta Björnsson aftur og létu veggskreytingar Einars halda sér.“

Eftir hátíðarmessuna er öllum gestum boðið í kirkjukaffi á Hótel Klaustri. „Nú biður maður og vonar að það verði gott veður á sumardaginn fyrsta,“ segir sóknarpresturinn Ingólfur. holmfridur@frettabladid.is



*Ástkær fósturbróðir minn og frændi okkar,*

**Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson**
skipaverkfræðingur,
fyrrverandi siglingamálastjóri,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 7. apríl. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 22. apríl kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristín Bárðardóttir**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir**
**Bárður Hafsteinsson**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## BÓNUS LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.298 KR./KG




**1.168**

## LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 1.554 KR./KG.



**1.399**

## BÓNUS BAYONNESKINKA
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 998 KR./KG




**899**

## BÓNUS SVEITABJÚGU Í POKA
**10% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 332 KR./KG.




**298**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ:** FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00








NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Ekki er allt sem augun dæma

Breskir sjónvarpsáhorfendur bjuggust ekki við mikið meiru en enn einu aðhlátursefninu þegar kona að nafni Susan Boyle gekk inn á sviðið í sjónvarpsþættinum Britain‘s Got Talent á dögunum. Fyrst var sýnt viðtal við hina skosku Susan þar sem hún sagði frá því að hún byggi ein með kettinum sínum og hefði aldrei verið gift, og mörgum hefur eflaust verið brugðið þegar hún sagðist vera 47 ára því ætla mætti að hún væri um tíu árum eldri.

Í Britain‘s Got Talent getur fólk á öllum aldri og jafnvel dýr spreytt sig á hvaða listformi sem er, svo sem dansi, söng, töfrabrögðum eða öðru, en í dómnefnd sitja Piers Morgan, Amanda Holden og Simon Cowell. Þegar Susan gekk inn og kynnti sig var lítið klappað og áhorfendur sprungu úr hlátri þegar Susan sagði að hana dreymdi um að verða söngkona og ná jafn langt og Elaine Paige. Það var þó fljótt að breytast þegar Susan hóf upp raust sína í laginu I Dream a Dream úr Les Miserables. Áhorfendur stóðu á fætur og fagnaðarlátunum ætlaði ekki að linna yfir flutningi hennar. Dómararnir voru á einu máli um að þetta hefði komið þeim gjörsamlega á óvart og hældu henni í hástert.

Í dag stefnir í að upptakan af Susan Boyle verði mest skoðaða upptakan á YouTube frá upphafi. Oprah Winfrey hefur meðal annars lýst yfir aðdáun sinni á Susan og átrúnaðargoð Susan sjálfrar, Elaine Paige, hefur meira að segja lagt til að þær taki upp dúett saman. Frammistaða Susan Boyle er gott dæmi um að ekki er allt sem sýnist og er frábær áminning til okkar allra um að ekki er allt sem augun dæma.



## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# MILLJARÐAR MORÐ MISINDISVERK

Að baki hverjum viðskiptasigri býr ógurlegur glæpur …

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI




„Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra ætti að kíkja á þessa bók.“

GERÐUR KRISTNÝ OG KATRÍN JAKOBSDÓTTIR / MANNAMÁL

„Það er næstum **ómögulegt að leggja hana frá sér**.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

„**Harðsoðinn og hressilegur fjármálaþriller**, líklega fyrsta íslenska sagan af því tagi.“

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / BOKMENNTIR.IS

„**Vekur upp margræðar spurningar sem nú blasa við í íslensku þjóðlífi**, um rætur og inntak þess siðferðis og gildismats sem ríkt hefur.“

VIÐAR HREINSSON / KISTAN.IS

FANTAGÓÐUR FJÁRMÁLATRYLLIR frá höfundi *Skipsins*

KOMIN í kilju




Minnum á þjóðargjöfina

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




í samstarfi við Ímagyn

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

**GERÐUBERG** Menningarmiðstöð 2009



25. & 26. apríl kl. 14
**Ég og umhverfi mitt** Sýning þátttakenda á ljósmyndanámskeiði Cinziu D'Ambrosi. Þátttakendur kynna heimildavinnu sína og ljósmyndir sem sýna persónulega túlkun á umhverfi þeirra og samfélagi



Sumardaginn fyrsta 23. apríl kl. 14 www.moguleikhusid.is Aðgangseyrir kr. 1.500
**Alli Nalli og tunglið**
Möguleikhúsið sýnir leikrit byggt á sögum Vilborgar Dagbjartsdóttur. Fyrir áhorfendur á aldrinum 1-7 ára



**Brúðusýning** Leikbrúðulands

**Draumsýnir** Magnús H. Gíslason í Boganum





**Vissir þú...**
að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi, námskeið og veislur. Salir og fundarherbergi fyrir 8-120 manns. gerduberg.is og galleryfiskur.is

Viltu vera vinur Gerðubergs? Kíktu á www.facebook.com!

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | **www.gerduberg.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 14:00 | U | Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 25/4 kl. 17:00 | U | Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U |
| Sun 26/4 kl. 14:00 | U | Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | Ö |
| Sun 26/4 kl. 17:00 | U | Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U |
| Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U | Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 3/5 kl. 14:00 | U | Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 3/5 kl. 17:00 | U | Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U |
| Þri 5/5 kl. 18:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | Ö |

Sýningar haustsins komnar í sölu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23/4 kl. 20:00 | U | Fös 8/5 kl. 20:00 | Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö |
| Lau 2/5 kl. 20:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 | Ö | | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 20:00 síð.sýn. | Ö | | | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 21:00 | Ö | Lau 25/4 kl. 21:00 | | Sun 3/5 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 13:00 | Ö | Lau 2/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö |
| Lau 25/4 kl. 14:30 | Ö | Lau 2/5 kl. 14:30 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | |

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 21:00 | | Fim 30/4 kl. 21:00 síðasta sýn. | | | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

**Creature - gestasýning** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 | U | Lau 16/5 kl. 20:00 | | | |
| Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 | | | |

Þjóðleikur - leiklistarhátíð á Egilstöðum 24.–26. apríl

512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið




**FÓR Á KOSTUM** Baltasar Kormákur fór á kostum í finnsku borginni Vasa þegar hann ræddi um kvikmyndagerð sína, lífið og tilveruna. Mýrin var síðan sýnd fyrir fullu húsi.

# Íslendingar hertóku Vasa

**Baltasar Kormákur, Vigdís Finnbogadóttir og Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason leiddu hóp íslenskra listamanna sem hertóku finnsku borgina Vasa á íslenskri menningarhátíð um helgina.**



**VERNDARI HÁTÍÐARINNAR** Frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari íslensku menningarhátíðarinnar í Vasa og hér er hún við opnun umfangsmikillar listsýningar í Kundsi-safninu.

„Ég er mjög hreykin af okkar fólki, okkur var svo vel tekið og það var mikið skrifað um þessa menningarhátíð í finnskum fjölmiðlum," segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Hún var stödd í Danmörku þegar Fréttablaðið náði tali af henni en Vigdís er verndari hátíðarinnar. Óhætt er hægt að segja að íslenskar listir hafi hertekið finnsku borgina Vasa um helgina en þá fór þar fram íslensk menningarhátíð. Leikritið Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason í leikstjórn Stefáns Sturlu Sigurjónssonar var sýnt auk þess sem Leikfélag Akureyrar sýndi Falið fylgi sem Jón Gunnar Þórðarson leikstýrir. Verkið var sýnt á íslensku en með sænskum texta. Blái hnötturinn hefur fengið frábæra dóma í finnskum fjölmiðlum og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að telja það eitt besta leikverkið sem sett hefur verið upp fyrir börn og fullorðna um árabil.

Auk þess var opnuð vegleg listasýning í listasafninu Kundsi þar sem margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar sýndu verk sín. Meðal þeirra má nefna Ólaf Elíasson, Olgu Bergmann, Ragnar Kjartansson og svo var Georg Guðni með heilan sal undir verk sín. Þá var listamaðurinn Vignir Jóhannesson með gjörning en hann hannaði einnig leikmyndina við Bláa hnöttinn. Þá sat kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur fyrir svörum hjá kvikmyndaþyrstum Finnum en um þessar mundir er verið að sýna fjórar kvikmyndir hans í Vasa. „Baltasar fór á kostum og ræddi um kvikmyndir sínar og lífið og tilveruna. Ég hefði ekki viljað missa af því," segir Vigdís en fullur salur beið spenntur eftir því að sjá Mýrina, sem slegið hefur rækilega í gegn. Vigdís átti vart orð yfir það hversu vel íslensku listamennirnir hefðu staðið sig. „Það er ómetanlegt að eiga svona rödd og það er mikill styrkur sem býr í listinni því hún er tímalaus en um leið bergmál af nútímanum."

Vigdís segist hafa fundið fyrir miklum samhug meðal Finna sem gengu í gegnum svipaða hluti og Íslendingar á tíunda áratug síðustu aldar. „Þeir höfðu mikinn áhuga á því hvernig okkur gengi að takast á við okkar erfiðleika. Það er aðdáunarvert hvernig þeim tókst að ráða fram úr atvinnuleysi hjá sér en það gerðu þeir með því að hafa trú á sjálfum sér. Ég held að við Íslendingar getum lært mikið af þeirra hugsunarhætti, að glata aldrei trúnni og eyða ekki orkunni í reiði og særindi," útskýrir Vigdís. „Reiði er einhver mesti óvinur sem við getum átt og hún afvegaleiðir alla skapandi hugsun."

freyrgigja@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 22. apríl 2009**

### Tónleikar

Queen tribute-bandið **Killer Queen** heldur tvenna tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 20 en þeir seinni kl. 23.

**17.00** Á Players við Bæjarlind í Kópavogi verður trúbadora bjórkvöld þar sem fram koma **Matti papi**, **Pálmi Sighvats** og **Sigurjón Brink**.



**20.00** **Eydís Ýr Rosenkjær** víóluleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir Beethoven, Bach og Hindemith.

**20.00** **Karlakórinn Þrestir** verður með vortónleika þar sem þemað er „Ástir og örlög", í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Séstakur gestur tónleikanna er Sigrún Hjálmtýsdóttir.

**20.00** **Erla Jónatansdóttir** verður með tónleika í hátíðarsal FÍH við Rauðagerði 27. Þar flytur hún kunn dægurlög í eigin útsetningum og annarra ásamt hljómsveit sem skipuð er Jóhanni Ásmundssyni, Daða Birgissyni, Jóhanni Hjörleifssyni, Berki Birgissyni, Ólafi Hólm og Samúel Jóni Samúelssyni. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.



**21.00** Tónleikahópurinn **Oki Doki** stendur fyrir tónleikum á Karamba við Laugaveg. Fram koma hljómsveitirnar Miri og Ljósvaki.

**21.00** **Eberg** heldur útgáfutónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### Opnanir



**16.00** Sýning um **kvennablöð og kvennatímarit** verður opnuð í Þjóðarbókhlöðunni við Arngrímsgötu 3.

### Hönnun og tíska

**21.00** **Tískusýning útskriftarnemenda** í fatahönnun við Listaháskóla Íslands verður í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Sýningar

Sex listamenn hafa opnað sýningar í START ART listamannahúsi við Laugaveg 12b; **Lena Boel, Dagrún Matthíasdóttir, Sigurlín M. Grétarsdóttir, Joseph Henry Ritter, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Margrét Jónsdóttir**. Opið þri.-lau. kl. 13-17.

### Málþing

**17.00** Málþing verður í Listasafni Íslands um skiplag höfuðborgarsvæðisins í tengslum við verk **Þórðar Ben Sveinssonar** á sýningunni **„Nokkrir vinir".** Nánari upplýsingar á www.listasafn.is. Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Grétar Þór Eyþórsson** flytur erindið: „Hvert stefnir í kosningunum 25. apríl" á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, stofu 201, Sólborg við Norðurslóð.

### Handverk



Á miðvikudögum milli kl. 16 og 18 er **handverkskaffi** í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6a. Þar býðst fólki að skoða blöð og bækur tengdar handavinnu, föndri og listum og boðið er upp á tilsögn fyrir þá sem þurfa. Allir velkomnir, heitt á könnunni og aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL
GRUMPY OLD WOMEN LIVE

Björk Helga Edda



# Fúlar á móti

## LOKSINS Í BORGINNI

### SÝNINGAR HEFJAST Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI 7. MAÍ



**FORSÖLUTILBOÐ FRÁ 22. APRÍL TIL OG MEÐ 7. MAÍ**
**MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS OG Á WWW.OPERA.IS**

*„ég mæli með þessu – því hláturmeðferðin sem fór þarna fram hafði áhrif lengi á eftir í líkamanum ...“*
Sólveig Lára Guðmundsdóttir, Rúvak.

*„Fúlar á móti hittir svo sannarlega í mark. Ég held ég hafi aldrei á ævinni hlegið eins mikið á einni leiksýningu“*
Margrét Blöndal, útvarpskona.

*„Vel valið stykki og kemur á hárréttum tíma – og frábærlega útfært“*
Björn Þorláksson, blaðamaður.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MasterCard LEIKFÉLAG AKUREYRAR ÍSLENSKA ÓPERAN

> TRÚLOFAÐUR TÖFRAMAÐUR

Töframaðurinn **David Blaine** áformar að kvænast kærustu sinni, hinni frönsku fyrirsætu **Alizee Guinochet.** Þetta staðfesti hann í viðtali við New York Post. Blaine gaf unnustunni gullarmband en segir að hún fái almennilegan hring þegar rætist úr efnahagsástandinu. Einhver bið verður þó á brúðkaupinu. „Fyrst þarf ég að æfa, ég verð að losa mig við aukakílóin,“ segir Blaine.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Brangelinu-sögusagnir leiðréttar

Vefútgáfa bandaríska glanstímaritsins People birti að gamni sínu nokkrar sögusagnir um stjörnuparið Brad Pitt og Angelinu Jolie. Töluvert hefur verið fjallað um þau skötuhjú, eins og við má búast, og ber þar hæst enn eina ættleiðinguna, óléttu og ástæður þess að Angelina er ekki þyngri en hún er.

Samkvæmt vef People hefur orðrómur verið á kreiki um að Angelina sé á svokölluðum „vökvakúr“ en sá sem er á slíku mataræði innbyrðir ekkert nema það sé fljótandi. People segir þetta alrangt, Angelina Jolie sé heilbrigð og hamingjusöm.



**MEIRIHLUTINN LYGI** Tímaritið People birti nýverið lista yfir þær sögusagnir sem hafa verið í gangi um Brangelinu-parið Brad og Angelinu. Meirihluti þeirra virðist vera lygi. NORDICPHOTOS/GETTY

Og þá eru það næstu tvær sögusagnir en þær snúa báðar að fjölgun í Brangelinu-fjölskyldunni. Greint hefur verið frá því að Brad og Angelina hugðust ættleiða barn frá Fillipseyjum en þær fréttir virðast byggðar á sandi, rétt eins og þegar sagt var frá hugsanlegu ættleiðingarferli þeirra á Indlandi. Og þá að meintri óléttu Angelinu en fyrstu fréttir þess efnis birtust fyrir tæpu hálfu ári síðan. Ljóst er að þær fréttir eru fjarri því að vera sannar enda verða tvíburarnir þeirra ekki eins árs fyrr en 1. júlí.

Að lokum tekur People að sér að staðfesta þá gróusögu að Brad Pitt og Angelina Jolie lifi sannkölluðu úthverfalífi í New York. Samkvæmt heimildum People er þetta víst rétt því stjörnuhjónin taka lífinu með mikilli ró þessa dagana.


**Fagor** uppþvottavél



PIPAR • SÍA • 90535

A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

Fagor uppþvottavél

LJF-0310

5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52dB(A).
Stærð HxBxD 85x60x60.

Tilboð 89.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 | Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 | Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200




**GLÆSILEG OPNUN** Myndlistarkonan Ragnhildur Ágústsdóttir, til vinstri, var glaðbeitt á opnun eigin sýningar. Hér er hún með Hildi Sesselju Aðalsteinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GLÆSILEG OPNUN RAGNHILDAR

**Myndlistarkonan Ragnhildur Ágústsdóttir opnaði sýningu í Gallerí Fold um liðna helgi. Þetta er önnur einkasýning Ragnhildar en hún hefur lagt stund á nám í Bandaríkjunum í fjármálafræðum með myndlist sem aukafag. Ragnhildur sækir efnivið sinn víða að en flestar eiga myndirnar það sameiginlegt að tengjast æskuslóðum hennar í Stykkishólmi og Breiðafirðinum. Fjölmennt var á opnunni eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.**



Parið Einar Egilsson og Svala Björgvinsdóttir úr Steed Lord voru meðal gesta.



Bræðurnir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarmaður virtu fyrir sér verkin á sýningunni.



Friðrik Pálsson, eigandi Hótels Rangár, var í fylgd dóttur sinnar Ingibjargar Guðnýjar, sem er nemandi í Verslunarskólanum.


TÆKIFÆRI
Í MIÐBÆNUM



AÐALSTRÆTI 8

Um er að ræða gott verslunar- og þjónustuhúsnæði í Aðalstræti 8 í Reykjavík.
Stærð er 260 m²–360 m² og einnig er laus kjallarinn, um 160 m². Hægt að leigja saman eða sitt í hvoru lagi.

Húsnæðið er í góðu ástandi, er eitt opið rými, og býður upp á mikla möguleika.

**Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Rut Jónsdóttur í síma 660 6828 eða á irj@landicproperty.is.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 09-0681

LANDIC PROPERTY er eitt stærsta fasteignafélag á Norðurlöndum og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til langs tíma. | Kringlunni 4–12 | 103 Reykjavík | www.landic.is

LANDIC PROPERTY



**MADONNA** Harkar af sér eftir að hafa dottið af hestbaki. Hún æfir stíft fyrir tónleikaferð í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Madonna sýnir af sér hörku

**Madonna lætur ekki smámuni eins og það að vera lögð inn á spítala aftra sér frá undirbúningi fyrir tónleikaferð sína. Hún harkar bara af sér.**

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum féll Madonna af hestbaki um helgina og var lögð inn á spítala í kjölfarið. Söngkonan fékk aðhlynningu en fékk að fara heim til sín eftir nokkra klukkutíma. Fjölmiðlafulltrúi hennar sagði líðan hennar eftir atvikum góða, en Madonna myndi gangast undir rannsóknir og áfram verða undir eftirliti lækna.

Það kemur því talsvert á óvart að í gær var upplýst að Madonna væri orðin heil heilsu og hefði mætt í ræktina að nýju. Madonna er að undirbúa sig fyrir tónleikaferðalag sitt, Sticky & Sweet, sem heldur áfram í sumar.

„Það verður allt í lagi með hana, hún datt á rassinn en hefur það fínt,“ sagði Liz Rosenberg, fjölmiðlafulltrúi Madonnu. „Við höldum æfingunum áfram. Hún er eins og atvinnuíþróttamaður, hún getur ekki sleppt því að æfa. Ég meina, hún þarf að geta stigið á svið fyrir framan sjötíu þúsund manns sem sjúga lífið út úr henni á meðan hún syngur og dansar. Það eru engar undankomuleiðir þegar þú æfir fyrir svoleiðis,“ segir fjölmiðlafulltrúinn um Madonnu, sem er fimmtug.

PRISMASETUR

MEÐFERÐ FYRIR ÁTRASKANIR

Prisma býður upp á meðferð fyrir fólk með átraskanir og aðstandendur þeirra. Hópmeðferð hefst þriðjudaginn 28. apríl.

Frekari upplýsingar á **prismasetur.is** eða í síma **6637003.**



HREINIR OG GLERFÍNIR GLUGGAR

UNGER

20% afsláttur
af toppgræjum fyrir gluggaþvottinn



GLUGGAÞVARA
Gluggaþvara með þægilegu griphandfangi. Endurbætt gúmmí sem skilur engar rákir eftir sig. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í þremur stærðum.



GLUGGAÞVOTTASKINN/SKAFA
Visa Versa gluggaþvottaskinn/skafa – 20% fljótlegra að nota þvottaskinn og gluggaþvöru í einu áhaldi. Til í tveimur stærðum. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í tveimur stærðum.



HIFLO ÞVOTTAKÚSTUR
HiFlo þvottakústur – samanstendur af 10 m slöngu, bursta með stillanlegum lið, sápuskammtara og 64 umhverfisvænum sáputöflum. Hægt er að kaupa mismunandi lengdir á sköftum (fylgja ekki með).



GLUGGAÞVOTTASÁPA
Gluggaþvottasápan sem fagmaðurinn notar.

BESTA
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

ENNEMM/SÍA/NM28067

# Arnold heiðrar Jamie Lee

Arnold Schwarzenegger hyggst heiðra fyrrverandi mótleikkonu sína, Jamie Lee Curtis, fyrir framlag hennar til góðgerðarmála. Arnold og Jamie léku saman í einni bestu hasarmynd seinni tíma, True Lies, en í henni er að finna eitt frægasta atriði Arnolds, þegar hann bjargar spúsu sinni úr brennandi bílflaki á þyrlu.

Verðlaunin sem Jamie hlýtur nefnast Courage to Care og fær hún þau afhent á sérstökum galakvöldverði á Beverly Hilton-hótelinu hinn 9. maí. Jafnframt verður gefinn sérstakur gaumur að sjúklingum á Barnaspítala Los Angeles-borgar auk þess sem starfsfólk spítalans verður heiðrað.



**HEIÐRAR VINKONU SÍNA** Arnold Schwarzenegger hyggst heiðra mótleikkonu sína, Jamie Lee Curtis, fyrir framlag hennar til góðgerðarmála. NORDICPHOTOS/GETTY

# Togga í Tempó vel fagnað við glæsilega endurkomu

**Þorgeir Ástvaldsson útvarpsmaður söng lag sem hann gerði frægt í byrjun 9. áratugarins – Fjólublátt ljós við barinn – á árshátíð 365 og ætlaði allt um koll að keyra.**

„Já, fjólublátt ljós við barinn. Þetta voru einkunnarorð árshátíðarinnar, allt fjólublátt þarna inni. Lagið var tekið upp árið 1981 og ég söng það einu sinni opinberlega og svo aldrei eftir það,“ segir Þorgeir Ástvaldsson – útvarpsmaður, sem á sokkabandsárum sínum var kallaður Toggi í Tempó.

Árshátíð 365 var haldin á laugardag og var eitt atriða upptroðsla Þorgeirs sem söng Fjólublátt ljós við barinn. Ætlaði allt um koll að keyra og er mál manna að þarna hafi hápunktur skemmtunarinnar verið. Þorgeir gefur í sjálfu sér ekki mikið út á það en segir að sér hafi verið vel tekið. „Ég var búinn að afskrifa þetta lag fyrir löngu en einhverra hluta vegna hefur þetta lifað. Ég hef dóttur mína fyrir því að þetta heyrist hér og þar mörgum árum síðar. Og þá þetta fjólubláa ljós enn blikkandi á börum þó ég sé löngu búinn að slökkva það.“ Og atriðið var frábært. Dóttir Þorgeirs, Eygló, og vinkonur hennar úr listdansskólanum dönsuðu og sungu bakraddir. „Þær tóku þetta bara prófessjónal og gamli maðurinn elti. Nú er það svo að hærurnar eru orðnar hvítar og þær varð að dekkja eitthvað. Þá var sett einhver þriggja daga sukkáferð á skeggrótina og svo setti maður bara upp gamlan djammhatt sem ég átti inni í skáp og þá var þetta komið,“ segir Þorgeir sem gaf sér nokkurn tíma í undirbúning. Segist ekki vilja standa í svona nema vanda sig og taka það þá alla leið.

Stuðmenn spiluðu undir og þar er einmitt Eyþór Gunnarsson. Lagið er eftir Gunnar Þorsteinsson við texta Þorsteins Eggertssonar. „Eyþór spilaði inn á lagið á sínum tíma og hann er þvílíkur límheili að hann spilaði þetta kórrétt uppá nótu.“ Ein ástæða þess að Þorgeir hefur ekki sungið þetta lag opinberlega er sú að textinn er ótrúlegt orðasafn yfir gjálífi og vonlaust að læra það utan að. „Svo hefur röddin dökknað. Ég var í stuði árið 1981 og gat sungið það hátt. Jú, það þurfti að lækka það eitthvað en við skulum ekki tala um hversu mikið.“

jakob@frettabladid.is

MYNDIR/SIGURJÓN







**TOGGI OG HEMMI**
Mál manna er að hápunktur skemmtunarinnar hafi verið þegar **Þorgeir Ástvaldsson** tók Fjólublátt ljós við barinn. Ekki þurftu svo áhorfendur að kvarta þegar **Hemmi Gunn** steig á svið og söng Einn dans við mig.

cisv international
building global friendship

Einstakt tækifæri fyrir 14 ára unglinga

CISV hefur verið starfandi á Íslandi í tæp 30 ár og sent yfir 1.000 þátttakendur út um allan heim.
Við vorum að fá aukaúthlutnun í unglingabúðir fyrir 14 ára til Pittsburgh í Bandaríkjunum. Eigum laust pláss fyrir einn strák.
Unglingabúðirnar eru í 3 vikur og í þeim eru 10 hópar frá jafnmörgum löndum. Hver hópur samanstendur af tveimur stelpum, tveim strákum og fararstjóra.

Einnig bjóðum við uppá unglingaskipti við Austurríki fyrir 14 ára unglinga. Fyrst koma 6-7 unglingar og fararstjóri frá Austurríki til Íslands. Þau gista inn á heimilum jafnaldra sinna og eru í daglegu prógrammi með íslenska hópnum. Eftir tvær vikur fljúga báðir hóparnir til Klagenfurt í Austurríki og dvelja þar í tvær vikur. Íslenskur og austurrískur fararstjóri sjá um skipulagningu dagskrárinnar ásamt foreldrum og börnum. Eigum ennþá laus pláss fyrir tvær stelpur og tvo stráka.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.cisv.org, á netfanginu cisv@cisv.is eða í síma 861 1122 (Ásta).

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Duffy og Coldplay líkleg til sigurs



DUFFY Tilnefnd til hinna virtu Ivor Novello-verðlauna.

Coldplay og Duffy fengu þrjár tilnefningar hvort til hinna virtu Ivor Novello-verðlauna sem afhent verða í 54. skipti hinn 21. maí næstkomandi. Meðal annarra listamanna sem fengu tilnefningu eru Elbow, The Last Shadow Puppets, MIA, Jonny Greenwood, The Ting Tings og Dizzee Rascal.

Elbow og The Last Shadow Puppets berjast í flokknum um besta lagið þegar tillit er tekið bæði til tónlistar og texta. Þá er Radiohead-gítarleikarinn Jonny Greenwood tilnefndur fyrir tónlist sína í kvikmyndinni There Will Be Blood svo fátt eitt sé nefnt.

# Nýtt frá Pixies

Hljómsveitin Pixies hefur tilkynnt að von sé á nýrri útgáfu í sumar. Ekki hefur verið staðfest að um plötu með nýju efni sé að ræða en þó þykir allt benda til þess.

Á vef breska tónlistarblaðsins NME er greint frá því að hægt verði að panta plötuna, Minotaur, í gegnum vefsíðuna Ainr.com frá og með 15. júní. Á vef þessum er staðhæft að Minotaur sé plata með nýju efni frá sveitinni og að Steve Albini hafi stjórnað upptökum.

Pixies sendu síðast frá sér plötuna Trompe Le Monde árið 1991. Sveitin kom aftur saman til tónleikahalds árið 2004 og lék meðal annars í Kaplakrika. Pixies er á tónleikaferðalagi út árið.



PIXIES Nýtt efni á leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





20% afsláttur

Gildir miðvikudag og fimmtudag

Hjóla- og línuskautadeildin er í Holtagörðum!

JAMIS BICYCLES

**Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólunum**

Öll hönnun miðar að því öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaklega lág við sætin til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.



**Jamis Lady Bug**
12", 2–5 ára. Bleikt.
Verð áður 19.990 kr.
Verð nú 15.992 kr.



**Jamis Hot Rod**
12", 2–5 ára. Rautt.
Verð áður 19.990 kr.
Verð nú 15.992 kr.



**Jamis Laser 1.6**
16", 3–6 ára. Rautt/hvítt og blátt/hvítt.
Verð áður 22.990 kr.
Verð nú 18.392 kr.



**Jamis Miss Daisy**
16", 3–6 ára. Bleikt.
Verð áður 25.990 kr.
Verð nú 20.792 kr.



**Jamis Laser 2.0**
20", 5–9 ára. Álstell, fótbremsa.
Hvítt/svart og grænt/svart.
Verð áður 25.990 kr.
Verð nú 20.792 kr.



**Jamis X20**
20", 6–9 ára. Álstell, 6 gíra.
Blátt/hvítt og rautt/hvítt.
Verð áður 37.990 kr.
Verð nú 30.392 kr.



**Jamis X24**
20", 7–12 ára. Álstell, 7 gíra.
Svart/hvítt og blátt/hvítt.
Verð áður 39.990 kr.
Verð nú 31.992 kr.



**Rollerblade Micro 8.0**
Stækkanlegir barnaskautar.
Tveir litir.
Verð áður 19.990 kr.
Verð nú 15.992 kr.



**Bladerunner Twist 09**
Stækkanlegir barnaskautar.
Tveir litir.
Verð áður 10.990 kr.
Verð nú 8.792 kr.

Línuskautar

ROLLERBLADE barnaskautar

**Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!**

Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum. Þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.



**Mikið úrval af hjálmum og hlífum.**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 45952 04/09



Tilboð í Debenhams 22.-28 apríl

Debenhams er í sumarskapi og býður ótrúlegt verð á vinsælasta maskara

CLARINS

Áður ~~kr. 3990~~
Nú kr. 1790



Kemur í öskju sem inniheldur:

- Wonder Length Maskara
- Augnfarða hreinsir 30 ml
- Eye Beauty Falsh 3 ml



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 3.40 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 3.50 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| TWO LOVERS | kl. 8 ísl. texti | 12 |
| BOY A | kl. 6 ísl. texti | 14 |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 6 ísl. texti | L |
| DIE WELLE | kl. 6 enskur texti | 12 |
| BIGGER STRONGER FASTER | kl. 8 ísl. texti | 12 |
| HUNGER | kl. 10 ótextuð | 14 |
| GARBAGE WARRIOR | kl. 10 ísl. texti | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 6 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR OG 3D MYNDIR

| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| CRANK 2 HIGH VOLTAGE | kl. 8 og 10 - POWER | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. tal | kl. 6 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 6 Ísl tal | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 og 10.15 | 12 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8D - 10:10D | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 4 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE UNBORN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE UNBORN | kl. 6 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PUSH | ekki sýning í dag sýnd á morgun kl.5:50 | 12 |
| MONSTERS VS... m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE UNBORN | kl. 6:10 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6:10(3D) | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 6 | 12 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 - 10:10 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |




# Samkeppni um plötuumslag

„Eftir það sem hefur gerst á Gasasvæðinu undanfarin ár og með auknum fréttaflutningi er almennt meiri samstaða meðal fólks,“ segir Eva Einarsdóttir í félaginu Ísland-Palestína sem auglýsir hönnunarsamkeppni um plötuumslag nýrrar safnplötu til stuðnings Gasa. „Samkeppnin er haldin í samstarfi við Félag íslenskra teiknara og hafa einungis félagar FÍT þátttökurétt, en mynd Ragnars Freys Rúnarssonar af umslagi síðustu safnplötu, Frjáls Palestína, hefur verið tilnefnd til FÍT-verðlauna og verið notuð í fjáröflunarlistasýningu í Sydney fyrir Palestínu,“ útskýrir Eva.



**MIKIL SAMSTAÐA** Eva Einarsdóttir í félaginu Ísland-Palestína segist finna mikinn samhug meðal fólks eftir þær hörmungar sem áttu sér stað á Gasasvæðinu í kringum síðustu áramót.

Fimm ár eru síðan platan Frjáls Palestína kom út og safnaðist þá tæp milljón sem rann til æskulýðsstarfs í Balata-flóttamannabúðunum. Að sögn Evu verður allur ágóðinn af væntanlegri safnplötu eyrnamerktur börnum á Gasa, en platan sem kemur út í júní hefur hlotið heitið Inshalla og að henni koma tónlistarmenn á borð við Mugison, FM Belfast, Sin fang bous, Reykjavík!, Múm, Lay Low, Skáta, Borko, Agent Fresco og Hjaltalín.

„Undirtektirnar frá tónlistarmönnum og öllum sem að disknum koma hafa verið vonum framar og það sögðu nánast allir já samstundis. Það er öðruvísi en fyrir fimm árum þegar maður þurfti að tala fólk inn á þetta, en eftir þær hörmungar sem hafa átt sér stað er fólk ekki hrætt við að bendla sig við Gasa,“ segir Eva. Skilafrestur á hugmyndum að plötuumslagi er til mánudagsins 11. maí en ítarlegar upplýsingar um keppnina er að finna á www.teiknarar.is. **- ag**



**FRJÁLS PALESTÍNA** Mynd Ragnars Freys Rúnarssonar af umslagi plötunnar Frjáls Palestína hefur vakið mikla athygli og verið notuð í auglýsingaherferð fyrir Palestínu í Ástralíu.

# Hrikalega sorgleg örlög Slumdog-stjörnu í Mumbai

**Kvikmyndin Slumdog Millionaire sló í gegn á þessu ári og fékk nánast öll verðlaun sem í boði voru. Svo virðist sem líf barnanna í kvikmyndinni sé ekki ósvipað því sem gengur og gerist í raunveruleikanum.**

Í raun má segja að börnin tvö, þau Rubiana Ali og Ayush Mahesh Khedekar, hafi stolið senunni eftir að kvikmyndin var frumsýnd því fjölmiðlar hafa með reglulegu millibili greint frá hörmulegum aðstæðum þeirra í Mumbai. Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt bæði framleiðendur myndarinnar og leikstjórann, Danny Boyle, fyrir að láta ekki nóg af hendi rakna til stjarnanna sinna tveggja. Í byrjun ársins var greint frá því að börnin tvö byggju enn í hreysum sínum í Mumbai en þá gripu indversk stjórnvöld í taumana og fluttu fjölskyldurnar tvær í betra húsnæði.



**SAMHENT MÆÐGIN** Rubiana Ali ásamt föður sínum, Rafiq Qureshi. Hann vísar því á bug að hafa reynt að selja dóttur sína til arabísks olíufursta sem reyndist vera blaðamaður News of the World í dulargervi. NORDICPHOTOS/GETTY

**News of the World mætir**

Blaðran sprakk hins vegar endanlega þegar breska sunnudagsblaðið News of the World greindi frá því að faðir Rubiönu, smiðurinn Rafiq Qureshi, hefði verið reiðubúinn til að selja dóttur sína til arabísks olíufursta fyrir 200 þúsund pund eða 39 milljónir íslenskra króna. Umræddur auðjöfur var blaðamaður á vegum News of the World í dulargervi. Fréttin hefur farið eins og eldur í sinu um netið og hafa aðstandendur myndarinnar þurft að svara harðri gagnrýni; hvers vegna eru aðstæður þessarar stúlku, sem heillaði heimsbyggðina upp úr skónum á hvíta tjaldinu, ennþá jafn bagalegar og raun ber vitni? Rafiq birtist síðan í viðtali við BBC og sagði það aldrei hafa komið til greina að selja dóttur sína, slíkt væri fjarstæða. Hann bætti því við að News of the World hefði með þessu lymskufulla bragði sínu haft fátækt að háði og spotti. Nágrannar Rafiq tóku jafnframt upp hanskann fyrir hann, sögðu Rafiq vera góðan mann sem elskaði dóttur sína meira en allt annað. Jafnframt hafa barnaverndaryfirvöld á Indlandi gagnrýnt þennan fréttaflutning News of the World harðlega og hafa lýst því yfir að það hafi verið siðferðilega rangt að blanda hinni ungu Rubiana í málið og tala við hana.

Sagan fékk á sig óvænta mynd í gær þegar fjölmiðlar birtu fréttir af því að líffræðileg móðir Rubiönu og stjúpmóðir hefðu slegist úti á götu. Móðir Rubiönu ku hafa orðið æf þegar hún frétti af sölu dóttur sinnar en stjúpmóðirin heldur því fram að hún sé bara á höttunum eftir peningunum.

**Danny Boyle svarar fyrir sig**

Framleiðendur Slumdog og leikstjóri hafa lýst því yfir að þetta sé allt hið sorglegasta mál. Þessir aðilar hafa mátt þola mikla gagnrýni og sumir hafa bent á að Slumdog hafi ekki kostað mikið í framleiðslu, samkvæmt IMDB. com var framleiðslukostnaðurinn rétt rúmlega fimmtán milljónir dollara eða tæpir tveir milljarðar. Hún hefur hins vegar halað inn í miðasölu 23 milljarða bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Mannréttindafrömuðir hafa bent á þessar stjarnfræðilegu tölur og spurt af hverju hluta af þeim sé ekki varið til að bjarga bæði Ali og Khedekar.

Danny Boyle hefur reynt að svara fyrir sig í fjölmiðlum og í verki. Nýverið gaf hann, ásamt framleiðendum myndarinnar, 500 þúsund pund til góðgerðasamtakanna Plan sem vinna að því að bæta lífsviðurværi fátækra barna í Mumbai. Við þá gjöf sagði einn forkólfur samtakanna að Slumdog hefði sýnt hvernig einn sjötti hluti mannkyns hefði það. Boyle hefur jafnframt greint frá því að fjölskyldur leikaranna ungu hefðu kosið að fá peninga í staðinn fyrir góðan húsakost, þeir peningar séu hins vegar uppurnir. Rafiq sagði hins vegar í frétt News of the World að þær upphæðir sem fjölskylda Rubiönu hefði fengið væru smáaurar og í engu samræmi við vinsældir myndarinnar. Boyle hefur hins vegar margoft lýst því yfir að bæði Rubiana og Khedeker hafi verið send í skóla í fyrsta skipti á ævinni og að þeirra bíði laun erfiðisins á reikningi merktum þeim.

# ELDFIM OG UPPLÝSANDI




Glögg og reyfarakennd lýsing á því hvernig íslenskt samfélag flaut sofandi að feigðarósi. Í bókinni er grafist fyrir um rætur bankahrunsins á Íslandi og engum hlíft. Niðurstaðan er líklega ekki öllum að skapi.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

NÝ KILJA KOMIN Í VERSLANIR

**SETTU ÚTRÁSARVÍKINGAR ÍSLAND Á HAUSINN?**
**SAGÐI DAVÍÐ ODDSSON ÞJÓÐINNI ÓSATT?**
**ÁTTI AÐ FÆRA LANDSBANKANUM GLITNI FYRIR LÍTIÐ?**
**DRAP SEÐLABANKINN ÍSLENSKU KRÓNUNA?**
**HVAÐA ÁHRIF HÖFÐU NEYÐARLÖGIN?**

LÆRUM AF MISTÖKUNUM

VIKA BÓKARINNAR

## > Snæfell vill fá Inga Þór

Körfuknattleiksdeild Snæfells hefur boðið Inga Þór Steinþórssyni að taka við karla- og kvennaliði félagsins. Ingi Þór staðfesti við Fréttablaðið í gær að það væri búið að bjóða honum starfið og hann sagðist bíða eftir samningstilboði úr Hólminum. Ingi Þór er fyrrverandi þjálfari KR og gerði liðið að Íslandsmeistara á sínum tíma. Hann var síðan aðstoðarmaður Benedikts Guðmundssonar í vetur og þeir félagarnir skiluðu stóra titlinum í hús. Ingi Þór neitaði því ekki að hann hefði áhuga á starfinu hjá KR sem er laust eftir að Benedikt hætti en sagði KR-inga ekkert hafa rætt við sig.



# sport

sport@frettabladid.is

**SVERRE ANDREAS JAKOBSSON: FER EKKI TIL BERLÍNAR EN GÆTI SAMT VERIÐ Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS**

## *Áhugi hjá bæði Magdeburg og Grosswallstadt*

Ekkert verður af því að landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson gangi í raðir þýska félagsins Fuchse Berlin. Félagið hefur í langan tíma haft áhuga á Sverre en nú er endanlega útséð með að ekkert verði af því að hann fylgi Rúnari Kárasyni og Degi Sigurðssyni til félagsins.

„Ég get víst kysst það bless. Dagur er búinn að staðfesta það við mig. Það þarf eitthvað mjög óvænt að gerast ef ég á að fara þangað, sem er miður enda afar spennandi dæmi," sagði Sverre. Ástæðan sem Sverre var gefin upp er sú að félagið ætlaði að kaupa færri leikmenn en upphaflega stóð til. Kreppan bítur í Berlín rétt eins og í Reykjavík.

Sverre var einnig undir smásjánni hjá danska félaginu GOG en ekkert verður af því að hann fari þangað enda fjárhagsstaða félagsins slæm. Leikmenn þurftu að taka á sig launalækkun og engar danskar krónur í bauknum fyrir nýjum leikmönnum.

„Það voru smá þreifingar með GOG og fór ekkert á alvarlegt stig. Þurfti heldur ekki að koma á óvart enda fjárhagurinn þar enn verri en hjá mörgum," sagði Sverre.



Það er þó ekki loku skotið fyrir að Sverre Andreas fari til Þýskalands eftir allt saman en tvö þýsk úrvalsdeildarlið eru í viðræðum við varnartröllið ljúfa þessa dagana.

„Ég er með tilboð frá Magdeburg en það má eiginlega segja að það sé hálfgert krepputilboð. Þetta er allt í lagi tilboð en það þarf meira til að maður flytji úr landi," sagði Sverre sem er í góðri vinnu hjá Landsvirkjun og ánægður á Íslandi.

„Maður segir ekki upp góðri vinnu fyrir þetta tilboð. Svo hef ég aðeins verið að heyra frá Grosswallstadt en þeir vilja samt líklegast ekki fá mig fyrr en sumarið 2010," sagði Sverre en með Grosswallstadt leikur félagi hans í landsliðinu, Einar Hólmgeirsson.

„Það er smá óvissa með hvað þeir nákvæmlega vilja gera en það skýrist vonandi á næstu dögum. Svo gæti þetta breyst allt fljótlega. Maður veit aldrei þessa dagana," sagði landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson.

## *N1-deild kvenna*

**Fram-Haukar 34-32 (29-29/14-19)**

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 10/6 (18/7), Karen Knútsdóttir 7 (8), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5 (7), Þórey Rósa Stefánsdóttir 4 (7), Hildur Knútsdóttir 3 (3), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 2 (2), Anett Köbli 2 (8/1), Marthe Sördal 1 (3)

Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 21/2 (52/4 40,4%), Brynja Þorsteinsdóttir (1/1 0%)

Hraðaupphlaup: 7 (Karen 2, Þórey, Hildur, Marthe, Stella, Ásta)

Fiskuð víti: 8 (Karen 4, Hildur 2, Marthe, Ásta)

Mörk Hauka: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 13/3 (16/5), Ramune Pekarskyte 8 (20), Nína Kristín Björnsdóttir 4 (10/1), Nína Arnfinnsdóttir 3 (3), Ester Óskarsdóttir 3 (6), Erna Þráinsdóttir 1 (1),

Varin skot:Bryndís Jónsdóttir 4/1 (15/5 26,7%), Heiða Ingólfsdóttir 11(34/2 32,4%)

Hraðaupphlaup: 5 (Hanna 3, Nína A., Nína K.)

Fiskuð víti: 7 (Nína A. 2, Ester 2, Nína K. 2, Hanna)

**Valur-Stjarnan 28-23 (13-10)**

Mörk Vals: Hrafnhildur Skúladóttir 9, Eva Barna 8, Hildigunnur Einarsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 2, Berglind Íris Hansdóttir 1, Dagný Skúladóttir 1, Ágústa Edda Björnsdóttir 1.

Mörk Stjörnunnar: Alina Petrache 11, Elísabet Gunnarsdóttir 5, Kristín Jóhanna Clausen 3, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2, Sólveig Lára Kjærnested 1, Þorgerður Atladóttir 1.




Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 154.995
Þurrkarar - Verð frá kr. 129.995

best brands 2008

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Ferna Arshavin dugði ekki

**Rússinn Andrey Arshavin fór á kostum á Anfield í gær og skoraði fjögur mörk gegn Liverpool. Það dugði ekki til sigurs fyrir Arsenal því Liverpool skoraði einnig fjögur mörk. Liverpool missti af tveimur dýrmætum stigum.**

**FÓTBOLTI** Liverpool sá á bak tveimur mikilvægum stigum í gærkvöld þegar liðið fékk Arsenal í heimsókn á Anfield. Leikurinn hreint stórkostleg skemmtum, miklar sveiflur, átta mörk og lokatölur 4-4. Sömu tölur og í Meistaradeildarleik Liverpool og Chelsea í síðustu viku. Ekki hægt að kvarta yfir skemmtanagildinu í leikjum Liverpool þessa dagana.

Liverpool var betra liðið í fyrri hálfleik en Arshavin skoraði eina mark hálfleiksins. Sá átti síðar eftir að minna á sig í leiknum. Liverpool mætti enn grimmara til leiks í síðari hálfleik og Fernando Torres jafnaði leikinn fyrir heimamenn á 49. mínútu.

Yossi Benayoun kom Liverpool yfir á 56. mínútu og héldu þá margir að Liverpool væri komið á beinu brautina. Andrey Arshavin var ekki þeirra á meðal. Hann jafnaði leikinn fyrir Arsenal á 67. mínútu og kom liðinu yfir þrem mínútum síðar.

Liverpool bugaðist ekki frekar en oft áður og Fernando Torres jafnaði leikinn fyrir Liverpool aðeins tveim mínútum síðar, 3-3. Arshavin fullkomnaði fernuna á 90. mínútu en Benayoun bjargaði stigi fyrir Liverpool er hann jafnaði á ný þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma,

Liverpool er nú komið á toppinn með jafnmörg stig og Man. Utd en með betri markatölu. Liðið hefur aftur á móti leikið tveimur leikjum meira en meistararnir, sem spila gegn Portsmouth í kvöld.

„Þetta var gæðaleikur af beggja hálfu í kvöld," sagði Arsene



**LYGILEG FRAMMISTAÐA** Andrey Arshavin heldur hér fjórum puttum á lofti eftir að hafa skorað sitt fjórða mark fyrir Arsenal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn. „Bæði lið gáfu allt sem þau áttu. Maður er náttúrlega ekki fullkomlega sáttur er liðið manns fær á sig fjögur mörk. Frammistaða Andrey Arshavin var stórkostleg. Hann er alltaf hættulegur, mikill karakter og sigurvegari."

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, var eðlilega svekktur enda veit hann sem er að vonin um titilinn minnkaði mikið með þessu jafntefli. „Við gerðum of mörg mistök í þessum leik. Það er að sama skapi jákvætt að liði sýndi karakter allt fram á síðustu mínútu. Við náðum í stig gegn góðu liði og erum á toppnum. United er vissulega í ökumannssætinu en við munum halda áfram að þjarma að þeim. Það getur allt gerst í fótbolta," sagði Benitez. **henry@frettabladid.is**

Fram komið í úrslit en oddaleik þarf til hjá Val og Stjörnunni:

# Taugar og úthald Fram var betra

**HANDBOLTI** Fram er komið í úrslit í N1-deild kvenna eftir að liðið sló út deildarmeistara Hauka í framlengdum leik í gær, 34-32. Oddaleik þarf til hjá Val og Stjörnunni en Valur vann fimm marka sigur í gær, 28-23.

Fram lék frábærlega í síðari hálfleik venjulegs leiktíma og knúði fram framlengingu með marki Guðrúnar Hálfdánardóttur 40 sekúndum fyrir leikslok.

Haukar voru einu marki yfir að lokinni fyrir hálfleiks framlengingarinnar, 30-31, en Fram skoraði fjögur síðustu mörk leiksins og tryggði sér sigur, 34-32.

„Ég hugsa að margir hafa búist við að Haukar myndu klára þetta. Þær spiluðu frábærlega í vetur og við spiluðum ekki eins vel og á síðustu leiktíð í deildarkeppninni en við vorum alltaf með í þessari keppni og ég vissi hvað þetta lið getur. Þetta eru sigurvegarar úr yngri flokkum," sagði Einar Jónsson þjálfari Fram, í leikslok.

„Sunneva varði frábærlega í seinni hálfleik og framlengingu og tekur gríðarlega mikilvæga bolta.



**HARKA** Ramune Pekarskyte fer hér í háls Ástu Birnu Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átján ára tappi að spila eins og ég veit ekki hvað. Hún var léleg í fyrri hálfleik en rífur sig svo upp og klárar þennan leik. Við vorum með lausnir við öllu sem þær gerðu. Við keyrðum á gríðarlega háu tempói báða þessa leiki, algjörlega meðvitað. Við erum í miklu betra formi en þetta Haukalið og þær sprungu bara, ég er sannfærður um það. Hanna er þindarlaus og gerði okkur lífið leitt en aðrar sprungu," sagði Einar.

„Það voru allir með það á hreinu að við myndum vinna þennan leik," sagði kampakátur þjálfari Fram sem vonast eftir einvígi Reykjavíkurliða Vals og Fram í úrslitum, bæði í karla- og kvennaflokki.

**- gmi**










Ef ég væri söngvari
Geisladiskur og bók
**3.490 kr.**

Kuggur · 9 - Blómkál
Sigrún Eldjárn
**1.290 kr.**

Kuggur · 10 - Útilega
Sigrún Eldjárn
**1.290 kr.**

# Sumargjöf fyrir lestrarhesta







## Mundu eftir þjóðargjöfinni!

**Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki. Gildir til 4. maí 2009.**




Stjörnubækur
Ferðabók 1 & 2
Lærum að lesa
**990 kr.**

**990 kr.**

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.
VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

Óska eftir **Porsche 911**
helst blæjubíl og 4x4
en allt kemur til greina



Þeir sem eiga slíkan eðalgrip og vilja selja fyrir gott verð hafi samband í gegnum tölvupóst
likarporsche@gmail.com

Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1
Umfelgun og ný dekk á góðu verði
Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu sumardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.
*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*
**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**
MAX1 BÍLAVAKTIN

20% AFSLÁTTUR
Nicotinell
APRÍL TILBOÐ
20% af öllum Fruit og Classic pakkningum!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík



**HANDBOLTI OG BÍLAR** Knútur Hauksson er forstjóri Heklu og verður orðinn formaður HSÍ áður en dagurinn er allur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mun láta af leiðbeininga-hlutverki mínu til dómara

**Knútur Hauksson mun taka við sem formaður HSÍ í dag. Hann er einn í framboði. Knútur er mikill handboltaáhugamaður og segir það verða erfitt að breyta hegðun sinni í stúkunni þar sem hann er oftar en ekki afar líflegur.**

**HANDBOLTI** Ársþing HSÍ fer fram í dag. Nýr formaður verður kjörinn þar sem Guðmundur Ágúst Ingvarsson hefur ákveðið að stíga til hliðar eftir áralanga setu í stóli formanns.

Nýi formaðurinn er í raun sjálfkjörinn enda einn í framboði. Sá heitir Knútur Hauksson og er forstjóri Heklu. Hann er einnig mikill Framari og á tvær dætur sem spila með meistaraflokki félagsins.

Knútur er mikill handboltaáhugamaður, hefur lengi gegnt trúnaðarstörfum fyrir Fram og var um tíma formaður handknattleiksdeildarinnar. Hann sat einnig í stjórn HSÍ í upphafi aldarinnar og þekkir því til umhverfisins.

„Ég er fyrst og fremst að bjóða mig fram þar sem það var mikið leitað til mín um að taka starfið að mér,“ sagði Knútur spurður um ástæðuna fyrir framboði sínu en hvað telur hann sig hafa fram að færa í embættið?

„Ég hef mikla þekkingu á starfi handknattleiksdeilda og hef líka unnið hjá HSÍ. Hef reynslu í þessum málum. Svo hef ég mikinn áhuga á handbolta ásamt því að hafa mikla stjórnunarreynslu.“

Það verða líklega einhverjar breytingar með nýjum formanni en hvar ætlar Knútur að láta til sín taka?

„Það munu koma nýjar áherslur með mér. Það koma alltaf nýjar áherslur með nýjum mönnum. Ég held að handboltinn eigi mikið inni enn þá. Það er búin að vera ákveðin þreyta í starfinu finnst mér og það þarf að laga.

Ég held að það þurfi til dæmis að nást ákveðin sátt á milli hreyfingarinnar og fjölmiðla. Ég þarf samt að vera í starfinu í smá tíma áður en ég gef það sterkt út hvar ég muni helst láta til mín taka,“ sagði Knútur.

Gríðarleg óánægja er innan hreyfingarinnar með frammistöðu RÚV sem á sýningarréttinn á íslensku deildunum en sýnir ákaflega takmarkað af leikjum. Hvar stendur Knútur í því máli og hvað vill hann gera í framhaldinu?

„Ég kom að því þegar þessir sjónvarpssamningar voru gerðir í upphafi aldarinnar. Þá reyndi ég að koma á samstarfi milli sjónvarpsstöðvanna með sýningar. Það náðist ekki sátt um það.

Það þarf að skoða þetta mál vel því það er ljóst að það þarf að sýna meira frá handbolta. Ef það næst ekki í gegnum RÚV þarf að skoða aðrar leiðir. Þetta er eitt af stóru málunum,“ sagði Knútur en það verður verkefni nýrrar stjórnar að skoða þessi mál.

Knútur vill ekki sjá breytingar á deildarfyrirkomulaginu. „Ég held að það væri ekki gott að breyta aftur núna. Við verðum að fá meiri reynslu á þetta kerfi,“ sagði Knútur, sem vill sjá betur gert í útbreiðslumálunum. „Þar hefur ekki verið staðið nógu vel að málum.“

Knútur er harður Framari eins og áður segir og hefur lengi verið með líflegustu stuðningsmönnum félagsins. Lætur í sér heyra úr stúkunni og dómararnir hafa ósjaldan fengið að heyra það frá honum.

„Ég sé mig ekki fyrir mér sitja í heiðursstúkunni á landsleik og horfa rólegur. Ég lifi mig gjörsamlega inn í leikinn enda er hann frábær,“ sagði Knútur og hló við. Hann fylgdist með leik hjá stelpunum sínum í gærkvöldi, í síðasta sinn sem óbreyttur áhorfandi. Hann segir líklegt að hann muni róast með nýjum titli.

„Einu sinni bannaði dóttir mín mér að koma á leik nema ég myndi þegja. Ég gat það ekki og sat því heima næstu þrjá leiki. Þá kom hún aftur og sagði að stelpurnar vildu endilega fara að fá mig aftur á leikina.

Auðvitað þarf að taka tillit til embættisins og ég reikna með því að láta af leiðbeiningahlutverki mínu til dómara. Það verður samt ekki auðvelt verk. Því get ég lofað,“ sagði Knútur Hauksson, tilvonandi formaður HSÍ. **henry@frettabladid.is**

Víkingar vilja fjölga í efstu deild karla í handboltanum:

# Ekki bjartsýnir á að ná þessu í gegn

**HANDBOLTI** Ársþing HSÍ fer fram í dag. Ekki er búist við miklu átakaþingi og fá stór mál á dagskrá. Róttækasta tillagan kemur frá Víkingi, sem vill fjölga í fimmtán liða efstu deild og hafa úrslitakeppni átta liða.

Það er engin nýlunda að lið sem falla úr efstu deild freisti þess að fjölga í deildinni en Víkingar segja þetta ekki vera neitt væl yfir falli.

„Því fer víðsfjarri. Ég get alveg viðurkennt að við erum ekkert sérstaklega bjartsýnir á að ná þessu í gegn. Við viljum aftur á móti sjá lausnir til framtíðar enda ganga mótareglur HSÍ ekki upp til frambúðar,“ sagði Davíð Hjaltested hjá Víkingi.

Haukar koma einnig fram með tillögu þess efnis að reglum er varða rétt til þingsetu verði breytt. Haukar vilja sjá að þau félög sem séu með mesta starfið fái flesta þingfulltrúa. **- hbg**



**VILJA FJÖLGUN** Falllið Víkings vill fjölga verulega í efstu deild karla á næsta tímabili.

100 + 880

1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN 21 MILLJÓNIR

# 980 MILLJÓNIR

## Passaðu þig að detta ekki illa í lukkupottinn!

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 880 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 21 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM37692

> **Rachael Ray**

„Ef þú hlærð oftar en þú grætur, vinnur vel og borðar góðan mat þá lifirðu góðu lífi.“ Ray stjórnar spjall- og matreiðsluþætti sem sýndur er á SkjáEinum alla virka daga.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON RIFJAR UPP STURTUATRIÐIÐ

# *Geðvillingur á gægjum*

Þegar lýðveldið var enn ungt, rétt að komast á menntaskólaaldur, gerðust voveiflegir atburðir í kvikmynd eftir breska spennumeistarann Alfred Hitchcock. Glæsileg ung kona lét glepjast af auðfengnu fé og hugðist lifa í vellystingum en hlaut beisklegan aldurtila á vegahóteli þegar hún átti sér einskis ills von. Atriðið þegar hún mætti örlögum sínum í sturtunni vakti mikinn óhug, ekki síst meðal ungra kvenna sem neituðu lengi vel á eftir að fara í sturtu með hengi fyrir framan eins og í atriðinu góða.

Fyrr í myndinni höfðu þó birst merki um að ekki væri allt með felldu á vegahótelinu. Hinn tilvonandi morðingi hafði í öðru snilldarlegu atriði, sem þó hefur hlotið minni frægð á síðari tímum en sturtuatriðið, fengið áhorfendur alla í lið með sér við að leggjast á gægjur og fylgjast með konunni afklæðast í herbergi sínu. Anthony Perkins, því það var hann og enginn annar, hvarf þá úr mynd og áhorfendur gengust inn á glæpinn; göndu viljalausir og sekir. Reyndar hefði skefjalítill áhugi Perkins á uppstoppun fugla kannski líka átt að gefa vísbendingu um að illt væri í efni.



En víkjum þá að allt öðru. Nú lifum við harla áhugaverða tíma, þegar stjórnmálabandalög hafa með hvelli verið ræst úr startblokkum formlegrar kosningabaráttu. Þau hafa þá viku til að umturna með áróðri og auglýsingum þeim skoðunum sem kjósendur hafa myndað sér undanfarin ár og áratugi á verkum téðra stjórnmálahreyfinga. Eitt öflugasta verkfærið í þessari baráttu viljans er sjónvarpsauglýsingin, en svo skemmtilega vill til að nú stendur landsmönnum einmitt til boða að glápa á fólk sem óafvitandi gengur erinda sinna á heimilinu. Eitt sinn var það bara Janet Leigh sem var barin augum en nú er öll íslenska þjóðin undir. Fáum við kannski að sjá sturtuatriðið endursýnt í beinni?

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.50 Man. Utd – Portsmouth, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.25 X-Files** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 90210** SKJÁREINN



▶ **22.15 Weeds** STÖÐ 2



▶ **22.20 Bretar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Alla leið** (1:4) Páll Óskar Hjálmtýsson og þau dr. Gunni, Guðrún Gunnarsdóttir og Reynir Þór Eggertsson spá í lögin sem keppa í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár og rifja upp hversu sannspá þau reyndust í þáttunum í fyrra. (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (6:26)

**17.55 Gurra grís** (85:104)

**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Alþingiskosningar** Bein útsending frá borgarafundur í Reykjavík - suður.

**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.20 Bretar** (Britz) (1:2) Bresk spennumynd í tveimur hlutum um systkini, múslima fædda í Bretlandi, sem togast hvort í sína áttina. Höfundur og leikstjóri er Peter Kosminsky og aðalhlutverk leika Riz Ahmed og Manjinder Virk.

**00.05 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. Leitast er við að varpa ljósi á og skýra málefni líðandi stundar bæði innanlands og erlendis. (e)

**00.35 Alþingiskosningar** (e)

**02.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Break a Leg**

**08.00 School for Scoundrels**

**10.00 Revenge of the Nerds**

**12.00 Aquamarine**

**14.00 School for Scoundrels**

**16.00 Revenge of the Nerds**

**18.00 Aquamarine**

**20.00 Break a Leg** Spennumynd um leikara sem svífst einskis til að fá vinnu og vílar ekki fyrir sér að útiloka keppinauta sína með ýmsu móti.

**22.00 Half Nelson**

**00.00 Gattaca**

**02.00 Nine Lives**

**04.00 Half Nelson**

**06.00 The Prestige**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Bratz og Íkornastrákurinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (297:300)

**10.20 Burn Notice** (13:13)

**11.05 The Amazing Race** (4:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (173:260)

**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (3:13)

**13.55 ER** (9:22)

**14.50 The O.C.** (19:27)

**15.40 BeyBlade**

**16.03 Íkornastrákurinn**

**16.28 Leðurblökumaðurinn**

**16.53 Litla risaeðlan**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (22:24) Chandler og Phoebe fara saman að kaupa hring handa Monicu. Chandler finnur fullkominn hring en Phoebe tekst að klúðra því.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (19:20)

**20.00 Gossip Girl** (12:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 The Closer** (2:15)

**21.30 Oprah**

▶**22.15 Weeds** (15:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Þegar hún fellur fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni flækist líf hennar verulega.

**22.40 Sex and the City** (4:18)

**23.05 Date Movie**

**00.30 The Mentalist** (10:23)

**01.15 ER** (9:22)

**02.00 The Californians**

**03.30 Gossip Girl** (12:25)

**04.15 The Closer** (2:15)

**05.10 The Simpsons** (19:20)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Real Madrid - Getafe** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**15.45 Real Madrid - Getafe** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**17.25 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**17.55 PGA Tour 2009 - Verizon Heritage** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**18.50 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**19.20 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**19.50 Barcelona - Sevilla** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**22.00 Ultimate Fighter - Bangers and Mashers** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.45 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar gerð upp. Gunnlaugur Rögnvaldsson kryfur keppnina til mergjar ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**23.15 HSBC Asian Golf Boom**

**23.40 Barcelona - Sevilla** Útsending frá leik í spænska boltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**15.15 Stoke - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**17.25 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**17.55 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

▶**18.50 Man. Utd - Portsmouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Chelsea - Everton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.40 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**23.50 Man. Utd - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.30 Káta maskínan** (11:13) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Káta maskínan** (11:13) (e)

**12.30 Óstöðvandi tónlist**

**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.15 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (3:5) (e)

**19.20 Nýtt útlit** (6:11) (e)

**20.10 Top Chef** (7:13) Nú þurfa kokkarnir að sanna hversu snjallir og úrræðagóðir þeir eru þegar þeir fá ekki nútímamatreiðslutæki til að vinna með. Fyrst þurfa þeir að búa til hráan forrétt. Síðan þurfa þau að búa til gómsætan morgunverð fyrir íþróttamenn.

**21.00 America's Next Top Model** (5:13) Tocarra, sem tók þátt í þriðju þáttaröðinni og starfar sem fyrirsæta, mætir á staðinn og heldur náttfatapartí fyrir stelpurnar þar sem hún gefur þeim góð ráð. Síðan þurfa stúlkurnar að sýna hvað í þeim býr undir eftirliti Benny Ninja.

▶**21.50 90210** (16:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Valentínusardagurinn er á næstu grösum en ástin er ekki auðveld. Annie er afbrýðissöm vegna þess hversu vel Ethan og Rhonda ná saman og Silver er í öngum sínum vegna þess að óvæntur kvöldverður hennar með Dixon fer ekki eins og hún hafði áætlað.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Leverage** (1:13) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Heilsa og hugarfar er til umræðu.

**21.00 HH** Þáttur um ungt fólk í umsjón Eddu Sigfúsdóttur og Sindra Rafns Þrastarssonar frá Hinu húsinu.

**21.30 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson bóndi ræðir um málefni landsbyggðarinnar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

### The Closer

Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Oprah
### Stöð 2 kl. 21.30

Vandaður og skemmtilegur spjallþáttur með Opruh Winfrey. Í þættinum í kvöld verður fjallað um það hvað gerist á breytingaskeiði kvenna. Eiga allar konur eldri en 35 að undirgangast hormónameðferð? Þetta er þáttur sem engin kona má missa af.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (172:260)
**16.30 Hollyoaks** (173:260)
**17.00 Seinfeld** (7:22)
**17.25 X-Files** (8:24)
**18.10 The Sopranos** (9:13)
**19.00 Hollyoaks** (172:260)
**19.30 Hollyoaks** (173:260)
**20.00 Seinfeld** (7:22)

▶ **20.25 X-Files** (8:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**21.10 The Sopranos** (9:13) Þrátt fyrir að hafa átt mikillar velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

**22.00 Bones** (7:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og spurning hvort þau komi til með að enda sem par.

**22.45 Ashes to Ashes** (6:8) Sjálfstætt framhald af bresku þáttaröðinni Life on Mars. Nú kynnumst við lögreglukonunni Alex Drake sem fer aftur til ársins 1981. Þar hittir hún aðalvarðstjórann Gene Hunt.

**23.30 Auddi og Sveppi**
**23.55 Sjáðu**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.15** The Inspector Lynley Mysteries **11.05** The Inspector Lynley Mysteries **11.50** My Hero **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** The Black Adder **14.35** The Weakest Link **15.20** The Inspector Lynley Mysteries **16.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** The Black Adder **19.15** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Chase **20.50** My Hero **21.20** The Black Adder **21.50** The Chase **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Ønskehaven **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Høvdingebold **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Monster allergi **14.55** Svampebob Firkant **15.15** Isa's Stepz **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Diagnose søges **18.30** Sager der nager **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt med SAS liga **20.00** Taggart **22.10** OBS **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Brennpunkt **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.25** Livet på landet **16.35** Mamma Mirabelle **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** 330 skvadronen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Lov og orden. New York **22.30** The Wire

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Mäklarna **10.35** Fotbollsakademin **11.05** En ljusglimt i mörkret **11.35** Oraklen **12.05** Min onkel **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.30** The Sarah Silverman Program **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Vem tror du att du är? **22.10** Sändningar från SVT24




Gallery Restaurant

ÚTSKRIFTIR - COSMOPOLITAN - TILBOÐSMATSEÐILL

# FÖGNUM SUMRI

**Hótel Holt óskar landsmönnum gleðilegs sumars og þakkar fyrir veturinn.**
**Við munum bjóða upp á spennandi sérsniðna matseðla og ljúffenga kokteila á vormánuðum.**

## ÚTSKRIFTARSEÐILL

**Ert þú að ljúka námi í vor? Þá er ástæða til að fagna. Bjóðum upp á sérstaklega spennandi 4ra rétta hátíðarkvöldverð að hætti meistaranna frá 22. apríl til 30. júní 2009**

Kampavínsglas í fordrykk
Íslenskur humar og freyðandi skelfiskur
Smálúða og sólbrenndir ávextir
Kálfakótelettur, lamb eða nautasteik
Heitt – kalt – ferskt – frosið

**Verð aðeins 6.500 kr. á mann**

## BAR COSMOPOLITAN

FIMMTUDAGSKVÖLD Í APRÍL OG MAÍ

**Cosmopolitan 2 fyrir 1**
**Fimm ljúffengir og svalandi Finlandia-kokteilar 2 fyrir 1**
**Öl á aðeins 399 kr.**

HAPPY HOUR ALLA DAGA MILLI 15 & 18.

## TILBOÐSSEÐILL

**Sunnudags- mánudags- og þriðjudagskvöld**

FORRÉTTIR

Dádýraterrín og pækladir Flúðasveppir ásamt fersku salati og sveskjudressingu

„Salat Lyonnaise“, ferskt salat, tómatar, hleypt egg, beikon og brauðteningar

Þorsk-carpaccio ásamt ólífuolíu, tómötum og basil

Lauksúpa að hætti Parísarbúa

AÐALRÉTTIR

Langtímaeldað Rib-eye ásamt steiktum kartöflum og strengjabaunum með rauðvíns-, bernaise-, eða piparsósu

Stökksteikt klaustursbleikja „Grenoble's“ (capers, sítrónu og hnetubrúnað smjör) ásamt soðnum íslenskum kartöflum

Potteldaður skötuselur ásamt fersku vorgrænmeti og krydduðum grænmetissafa undir pastamottu

Gufusoðin lúða ásamt grænertu royal og upprðöðuðum gulrótum, gylltum lauk og minestrone-sósu

EFTIRRÉTTIR

Volg pönnukaka með vanilluís og súkkulaðisósu
Crème brulee

**Verð aðeins 4.200 kr. á mann**

Gull FINLANDIA CODORNÍU HOTEL HOLT

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700
holt@holt.is www.holt.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég er búin að fara núna þrisvar á einni viku að fá mér sushi á Nings. Það er alveg æðislegt, hollt og gott og hentar vel þegar maður hefur lítinn tíma til að borða. Þetta er eiginlega það eina sem maður leyfir sér núna.“*

Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona

# Pókersambandið skorar á Gillzenegger

„Ég held að þetta sé rétti vettvangurinn fyrir Egil Einarsson að koma þarna og sýna að hann sé verðugur landsliðsfyrirliði og landsliðsþjálfari Íslands í póker,“ segir Ólafur Helgi Þorkelsson, formaður mótanefndar Pókersambands Íslands. Pókersambandið blæs til mikillar veislu um kosningahelgina þegar mótaröð á vegum þess heldur áfram á skemmtistaðnum Gullöldinni. Fimmtíu frambærilegir spilarar hafa skráð sig til leiks. Ólafur upplýsir að nokkur sæti séu laus. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni stendur mikill styr á milli Pókersambandsins og Egils „Gillzeneggers“ Einarssonar um þær yfirlýsingar kraftajötunsins að hann sé fyrirliði landsliðsins í póker. Ólafur Helgi telur að Egill geti sannað á mótinu um helgina að hann verðskuldi þá titla sem hann slái um sig með og býðst til að greiða þátttökugjaldið fyrir Egil.

Og Egill sjálfur tekur ekki illa í tilboðið. „Þetta er athyglisvert. Ég þarf reyndar að skila spólu á laugardaginn en þetta er alveg þess virði að skoða,“ segir Egill og því ljóst að pókeráhugamenn gætu hugsanlega orðið vitni að sögulegum viðburði. Egill segir að umræðan um landsliðsfyrirliðatign sína hafi farið í taugarnar á sér og hann gefi lítið fyrir yfirlýsingar fiskanna hjá PSÍ. En að sögn Egils er hugtakið „fiskar“ notað yfir lélega pókerspilara í pókerheimum. „Ég ætla að íhuga þetta, það getur bara vel verið að ég komi þarna og kenni þessum körlum hvernig á að spila póker.“ - fgg





**STÁL Í STÁL** Ólafur Helgi Þorkelsson vill ólmur bjóða Agli Einarssyni á mótaröð Pókersambands Íslands. Egill ætlar að íhuga tilboðið og viðurkennir að það sé freistandi að sýna „fiskunum“ hvernig eigi að spila þennan leik.



**LÁRÉTT**
**2.** ílát, **6.** 999, **8.** aðstoð, **9.** lærir, **11.** mun, **12.** harmur, **14.** safna saman, **16.** karlkyn, **17.** fúadý, **18.** sníkjudýr, **20.** þys, **21.** fyrirhöfn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** langar, **3.** verkfæri, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** svelg, **7.** raf, **10.** er, **13.** útdeildi, **15.** skrambi, **16.** nögl, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. vasi, 6. im, 8. lið, 9. les, 11. ku, 12. tregi, 14. smala, 16. kk, 17. fen, 18. lús, 20. ýs, 21. ómak.
**LÓÐRÉTT:** 1. vilt, 3. al, 4. sikiley, 5. iðu, 7. merskúm, 10. sem, 13. gaf, 15. ansi, 16. kló, 19. sa.






OTTÓ GEIR BORG: EKKI BEINT ÁTRÚNAÐARGOÐ HJÁ YNGRI KYNSLÓÐINNI

# DRAUGASLÓÐ KRISTÍNAR HELGU Á HVÍTA TJALDIÐ

Kvikmyndafyrirtækið ZikZak hefur keypt kvikmyndaréttinn að barnabók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, Draugaslóð. Bókin fékk frábæra dóma þegar hún kom út fyrir tveimur árum síðan.

Ottó Geir Borg hefur ráðinn til að skrifa handritið eftir bókinni og hann segist vera himinlifandi með verkefnið. „Þessi bók á allt það lof sem hún hefur fengið skilið, hún er alveg frábær,“ segir Ottó sem var staddur heima hjá sér í Mosfellsbæ með nýfæddan son sér við hlið þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

Ottó skrifaði handritið að Astrópíu ásamt Jóhanni Ævari Grímssyni og handritið að Gauragangi, sem er í undirbúningi, ásamt Gunnari Birni Guðmundssyni. Hann kveðst þó ekki vera á góðri leið með að verða að átrúnargoði hjá ungu fólki í ljósi þess að myndirnar þrjár voru og eru hugsaðar fyrir ungt fólk. „Nei, ég held að kubbslegur náungi í Mosó sé ekkert sérstaklega vel til þess fallinn að verða átrúnargoð hjá yngri kynslóðinni. Ég held að menn þurfi að hafa útlitið með sér til að vera sæmdir slíkri nafnbót.“

Ottó kann litlar skýringar á því hvers vegna barnabækur hafa ekki verið vinsælt kvikmyndafóður á Íslandi. Upptalning á þeim barnabókum sem hafa ratað á hvíta tjaldið er ekki löng, helst má nefna Benjamín Dúfu og að sjálfsögðu Jón Odd og Jón Bjarna. „Ég held að menn hafi einblínt of mikið á áhorfendur og hugsað í listrænum og flottum myndum. Það er nefnilega líka allt í lagi að gera bara skemmtilegar myndir,“ útskýrir Ottó og það má til sanns vegar færa. Kvikmyndir fyrir börn og unglinga hafa nefnilega notið töluverðrar hylli í kvikmyndahúsum borgarinnar, þegar þær á annað borð rata þangað.

Handritshöfundurinn viðurkennir að það sé ekki létt verk að koma barnabók yfir í kvikmyndaformið. En bætir því við að þetta sé þó eitt það skemmtilegasta sem hann hafi gert. „Það er ekkert auðvelt fyrir mann í 36 ára gömlum líkama að skrifa fyrir börn. Að sama skapi er skemmtilegra að búa til ævintýraheim fyrir börn því þau eiga miklu auðveldara með að meðtaka hann. Fullorðnir geta oft verið svo skeptískir og vantrúa.“

freyrgigja@frettabladid.is



**SKEMMTILEGASTA VERKEFNIÐ** Ottó Geir Borg er að skrifa handrit eftir bók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, Draugaslóð. Hann segir þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hafi fengist við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þrátt fyrir að kvennahljómsveitin Elektra, með þær **Hara-systur** í broddi fylkingar, hafi ekki náð eins langt í Eurovision-keppninni og vonir stóðu til meðal aðstandenda er hljómsveitin síður en svo af baki dottin. Í gærkvöldi var hún í stúdíói við tökur á nýju lagi eftir Dr. Gunna „allstaðar“ við eigin texta en upptökustjórn var í höndum einskis annars en Örlygs Smára.

Þórarinn Þórarinsson fréttastjóri DV var með frekar neyðarlega yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni nýverið, á þessa leið: „Vörutorg vill vera Facebook-vinur minn. Þótt ég sé desperat segi ég nei takk.“ Í athugasemd kom skömmu síðar orðsending frá Jakobínu Davíðsdóttur blaðamanns að Þórarni bæri að tala varlega því eigandi Vörutorgs væri frændi hennar **Davíð Smári** – sem þá kemur víða við samkvæmt því. Davíð vakti fyrst athygli í Idol-keppninni sem tröllvaxinn söngvari, söðlaði svo algerlega um, skar sig niður og gerðist einkaþjálfari í kjölfarið. Og nú er það Vörutorgið.



Búast má við því að margur trommarinn sé spenntur því einhver helsti trymbill íslenskrar tónlistarsögu, sjálfur **Pétur Östlund**, ætlar að vera með sýnikennslu í Hljóðfærahúsinu/Tónabúðinni í Síðumúla á laugardaginn næsta. Pétur gerði garðinn frægan með Hljómum á sjöunda áratugnum en fluttist svo til Svíþjóðar þar sem hann hefur starfað með fjölda heimsþekktra tónlistarmanna svo sem „Zoot“ Sims, Clark Terry, „Toots“ Thielemans og Niels-Henning Örsted Pedersen svo aðeins brot sé nefnt. Pétur kennir nú trommuleik við Tónlistarháskólann í Örebro í Svíþjóð. - jbg








# Logi rannsakar kosningahegðun

„Það er námsmannastemning á okkar heimili. Heldur betur,“ segir Logi Bergmann sjónvarpsmaður.

Logi vinnur nú hörðum höndum að lokaverkefni sínu í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og kona hans, Svanhildur Hólm Valsdóttir, er að skrifa kandídatsritgerð í lögfræði. Lokaverkefni Loga er um kosningahegðun og hefur hann sent nemendum við háskólann könnun þar að lútandi. Hann stefnir að því að útskrifast um næstu áramót en á auk lokaverkefnisins ólokið tveimur prófum sem hann er að taka núna.

„Þetta hefur tekið langan tíma. Ekki kjöraðstæður að vera í skóla akkúrat núna. Það er mikið að gera,“ segir Logi sem nú undirbýr kosningaþátt sem verður á laugardagskvöld. Þó Logi sé nú með nefið ofan í námsbókunum verður þáttúrinn ekki fræðilegur. „Þar verður glaumur og gleði og í raun lítil pólitík,“ segir Logi. Hann gerir létt grín að því hversu langan tíma námið hefur tekið en það eru um fimmtán ár síðan hann hóf það. Hann hefur lent í ýmsum vandamálum í tengslum við það. „Já, þetta er algjört rugl. Var að gaufa við þetta með vinnu. Tók mér svo hlé en kom sterkur inn aftur. En þetta er varla sama stjórnmálafræðin sem ég er að læra núna og var þegar ég byrjaði. Ég get þó huggað mig við það að Sovétríkin voru ekki lengur til þegar ég byrjaði. Ég rétt missti af þeim.“

Það vinnur svo á móti að starf Loga sem fréttamaður hefur nýst honum vel við námið. - jbg



**LOGI BERGMANN** Sér nú fyrir endann á stjórnmálafræðinámi sínu og útskrifast, ef Guð lofar, um næstu áramót.


Sumargjafir í úrvali
á ótrúlegu verði
Kjóll
3.499kr
Kjóll
3.999kr
Hettupeysa
2.099kr
v.á. 2.999
Bolur
1.499kr
Bolur
1.299kr
Leggings
1.299kr
Kjóll
2.999kr
Waterland
Stígvél
2.999kr
Vesti með hettu
1.749kr
v.á. 2.499
Hettupeysa
2.799kr
v.á. 3.999
Buxur
3.499kr
Euro bolti
799kr
Hjólabretti
5.999kr
WADER
Skóflur
Verð frá
99kr
WADER
Sandsett 5 hlutir
899kr
JDBUG
Hlaupahjól
með 6" dekkjum
8.999kr
JDBUG
Hlaupahjól
með dempara
7.999kr
DreamTeam
Skór
st. 20-38
3.499kr
DreamTeam
Skór
St. 18-27
2.999kr
Skór
St. 34/25 – 34/35
1.299kr
Hjólaskór
st. 28-40
2.499kr
verð áður
4.999.-
ULTRA
Fiona 24"
31.999kr
ULTRA
Ferdy 24"
31.999kr
MONGOOSE
Booster 20"
24.999kr
Gildir til 29. apríl á meðan birgðir endast
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



visir.is
„...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé


## *Vegið úr launsátri*

Félaga minn einn dreymdi um að vera uppreisnarseggur. Þar sem hann var við nám í Verslunarskólanum gerði hann marga tilraunina í þá áttina. Þrátt fyrir ágætis tilburði verður að segjast eins og er að hans verður ekki minnst sem uppreisnarleiðtoga. Hámarki náði hann líklega í uppreisn sinni gegn einum kennaranum. Sá átti ekki skap við félaga minn og snupraði hann reglulega. Þá sat kunninginn með námsbók opna, krepptan hnefa á bak við hana og löngutöng upp í loft. Stundum í heilan tíma. Ef kennarinn hins vegar nálgaðist féll bókin niður og réttist úr öllum fingrum.

**NOKKRAR** auglýsingar þessa dagana minna mig á þennan félaga minn. Þar hafa einhverjir tekið sig til og tekið orð og upplýsingar úr samhengi og birta tilteknum stjórnmálamönnum og -öflum til háðungar. Þetta eru með öðrum orðum neikvæðar auglýsingar, en slíkt þekkist vel í Bandaríkjunum. Allar eru þær nafnlausar, hvort sem um ræðir heilsíðuauglýsingar í blöðum eða vefsíður. Í raun má flokka þann her fólks sem fer um ýmis spjallsvæði og eys svívirðingum á báðar hliðar undir dulnefni í sama flokk.

**AÐ VEGA** úr launsátri heitir þetta og þeir sem það stunduðu voru álitnir aumingjar og heiglar. Þeir þorðu ekki að mæta öðrum á jafnréttisgrunni. Þeir óttuðust andstæðinginn svo að þeirra ráð var leyndin. Öðruvísi náðu þeir ekki að koma höggi á andstæðinginn.

**EITT SINN** þótti orðheppni og rökfesta dáð hér á landi. Vel heppnaðar vísur héldu nafni manna á lofti og góð tilsvör einnig. Menn stóðu og féllu með því sem þeir sögðu, því orðstír deyr aldrei, hveim er sér góðan getur. Þetta vissu forfeður vorir. Sumir voru svo orðhvassir að þeir eirðu trauðla hér á landi. Jón Ólafsson ritstjóri þurfti í þrígang að yfirgefa land vegna ádeilu sinnar. En hann stóð við orð sín, skammaðist sín ekki fyrir þau og tók afleiðingum gjörða sinna.

**ÉG HEITI** Gestur og ég kem frá Hæli, étið þér skít og verið þér sælir, sagði einn forfaðir minn eitt sinn við fulltrúa yfirvaldsins fyrir nokkur hundruð árum. Ekki datt honum í hug að dyljast bak við nafnleysið þó hann þekktist ekki í kaupstaðnum. Slíkt var einfaldlega ekki gert, því slíkt gera auðvitað bara þeir sem skammast sín fyrir skoðanir sínar eða þora ekki að gangast við þeim.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 22. apríl 112. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.31 | 13.26 | 21.23 |
| Akureyri | 5.07 | 13.11 | 21.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


